

Ingólfur V. Gíslason

„Karlmennt eru bara karlmennt“



Viðhorf og væntingar íslenskra karla

Ingólfur V. Gíslason

„Karlmennt eru bara karlmennt”
Viðhorf og væntingar Íslenskra karla

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 5 |
| 1. Aðdragandi og framkvæmd | 7 |
| 2. Kyngerð samfélagsins | 9 |
| 3. Verkaskipting á heimilinu | 12 |
| 3.1 Inngangur | 12 |
| 3.2 Hvernig var þetta? | 12 |
| 3.3 Jöfn verkaskipting? | 14 |
| 3.4 Fjölskyldukarlar eða vinnudýr? | 16 |
| 3.5 Skilgreiningar og völd | 19 |
| 3.6 Fjármál heimilisins | 23 |
| 4. Feður | 24 |
| 4.1 Karlar og börn | 24 |
| 4.2 Fæðingin | 24 |
| 4.3 Leyfi frá launavinnu | 25 |
| 4.4 Fæðingarorlof | 28 |
| 4.4.1 Staða kynjanna á vinnumarkaðnum | 28 |
| 4.4.2 Staða kynjanna á heimilinu | 29 |
| 4.4.3 Viðhorf til kvenna | 30 |
| 4.4.4 Tillögur Karlanefndar | 31 |
| 4.5 Tengslin við börnin | 32 |
| 5. Fjölskyldugerð | 36 |
| 6. Tengslin út á við | 39 |
| 6.1 Æskuheimili, tengsl við föður | 39 |
| 6.2 Gamli hópurinn | 42 |
| 6.3 Trúnaðarvinur | 43 |
| 6.4 Tímstundir | 44 |
| 6.5 Stórfjölskyldan | 45 |
| 7. Jöfn staða kynjanna | 47 |
| 8. Karlmennska? | 50 |
| 9. Niðurstöður | 57 |
| Heimildir | 58 |

© Skrifstofa jafnréttismála og höfundur.

Reykjavík 1997.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfundar eða útgefanda.

Gefið út af Skrifstofu jafnréttismála.

Kápu mynd: „Verkamaður.“ Sigurjón Ólafsson.

Prentun: Oddi hf.

ISBN 9979-9205-7-2

Formáli

Sú skýrsla sem hér birtist hefur verið nokkuð lengi í smíðum og ýmsir eiga þakkir skildar fyrir aðstoð. Fyrst og fremst eru það meðlimir Karlanefndar Jafnréttisráðs sem áttu frumkvæði að þessari vinnu og svo framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála sem gerði mér kleift að nota hluta af vinnutíma mínum í þessa rannsókn. Sigrún B. Gunnarsdóttir skrifaði viðtölin af segulbandsspólunum fljótt og vel. Meðlimir Karlanefndar lásu yfir handrit og bentu mér á ýmislegt sem betur mætti fara. Að auki lásu Drífa Hrönn Kristjánsdóttir og Stefanía Traustadóttir handritið og veittu margar gagnlegar ábendingar og nýtti ég sumar þeirra. Ábyrgðin á verkinu er þó einvörðungu mín.

Síðast en ekki síst vil ég þakka þeim körlum sem gáfu sér tíma til að ræða við mig. Ég vona að í umfjöllun þessa rits sé þeim gert rétt til og viðhorf þeirra komi vel fram. Á stundum héldu samtöl okkar áfram eftir að ég hafði slökkt á segulbandinu og það sem þá kom fram cykur mér enn trú á að ég sé hér að koma raunverulegum viðhorfum og löngunum á framfæri. Ég er bjartsýnni á framtíðina eftir viðtölin en áður og fyrir það þakka ég viðmælendum mínum.

1. Aðdragandi og framkvæmd

Arið 1991 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, nefnd um stöðu karla í breyttu samfélagi með jafnari verkaskiptingu og fjölskylduábyrgð. Nefndin skilaði skýrslu sem út kom árið 1993.¹ Í samræmi við tillögu í þessari skýrslu ákvað Jafnréttisráð í byrjun árs 1994 að skipa nefnd, sem hefði það hlutverk að auka þátt karla í umræðunni um jafnrétti kynja, Karlanefnd Jafnréttisráðs.

Þessi nefnd hefur starfað síðan, með nokkrum mannbreytingum. Strax í upphafi var ljóst að ef árangur ætti að nást yrði að takmarka starfið við nokkra þætti. Samstaða tókst um að beina sjónum fyrst og fremst að tveim þáttum, kynbundnu ofbeldi og fæðingarorlofi. En jafnframt var það á óskalista nefndarinnar að nokkuð yrði kannað hver væru í raun viðhorf og væntingar íslenskra karla.

Í byrjun árs 1996 var ákveðið að ganga til þess verks. Í upphafi var hugmyndin að nálgast markmiðið á tvennan hátt. Annars vegar með því að fá eitthvert könnunarfyrirtæki til að leggja nokkrar spurningar fyrir stórt úrtak og hins vegar með því að eiga opin viðtöl við lítinn hóp karla. Síðar breyttist þetta er í ljós kom að Gallup hafði nýlega gert könnun á viðhorfum Íslendinga til nokkurra þátta jafnréttis- og fjölskyldumála en þar kom að hluta fram það sem Karlanefnd sóttist eftir að fá að vita. Jafnréttisráð keypti niðurstöður Gallup og verður nokkurra þátta getið hér á eftir.

Síðari hluti rannsóknarinnar stóð þá eftir og var ákveðið að starfsmaður nefndarinnar sinnti honum. Jafnframt var ákveðið að afmarka hópinum við karla á aldrinum 20–35 ára og stefna að því að tala við milli 20 og 30 karla.

Í þeim tilgangi að gefa rannsókninni nokkra breidd var ákveðið að leita til nokkurra stéttarféлага og óska aðstoðar þeirra. Þau félög sem leitað var til voru Bandalag háskólanna (BHM), Dagsbrún, Landssamband slökkviliðsmanna (LS), Lögreglufélag Reykjavíkur (LR), Sjómannafélag Reykjavíkur (SR), Tollvarðafélag Íslands (TÍ) og Verslunarmannafélag Reykjavíkur (VR). Voru forsvarsmenn félaganna beðnir um að finna með tilviljunarhætti á félagaskrá sinni nöfn nokkurra karla á umræddu aldrursbili. Hjá öllum félögum var ljúflega brugðist við erindinu og þau sendu mér lista eftir að hafa fullvissað sig um að þeir listar færu ekki lengra. Leyfi Tölvunefndar til rannsóknarinnar fékkst einnig.

Þar sem reikna mátti með að einhver brottföll yrðu af listunum voru á þeim mun fleiri nöfn en áætlað var að fá í viðtöl. Ég lét síðan tilviljun ráða hverjir voru fyrst ónáðaðir. Þeir fengu bréf þar sem ég gerði grein fyrir tilgangi rannsóknarinnar og óskaði eftir að þeir hittu mig til u.þ.b. klukkutíma viðtals. Nokkrum dögum síðar hringdi ég í viðkomandi og við ræddum málið frekar. Yfirleitt voru viðbrögð góð en þegar brottfall varð fann ég ný nöfn og sendi ný bréf. Alls sendi ég 47 körlum bréf og bað þá um að vera með. Fimm náði ég aldrei til símleiðis af ýmsum ástæðum og 17 vildu ekki vera með.² Þegar upp var staðið voru viðtölin því orðin 25 og skiptust karlarnir þannig á stéttarfélög að fimm voru félagar í BHM, fjórir í Dagsbrún, þrír í LS, þrír í LR, þrír í SR, tveir í TÍ og fimm í VR.

Lengd viðtalanna var frá tæpum klukkutíma og í tvo tíma. Meðallengd var um 80 mínútur. Langflest viðtölin áttu sér stað á mínum vinnustað á Skrifstofu jafnréttismála, eitt á vinnustað karlsins, eitt á heimili viðkomandi og eitt á mínu heimili.

Ekki var um það að ræða að ég hefði ákveðinn spurningalista sem ég færi eftir spurningu fyrir spurningu. Ég hafði ákveðin þemu í huga en leyfði samtölunum að þróast á misjafnan hátt eftir viðmælanda. Þau atriði sem ég reyndi þó alltaf að koma á framfæri voru tengsl við föður, tengsl við eigin börn, samskipti við maka, mikilvægi vinnunnar, heimilisstörf, viðhorf til stöðu kynjanna, væntingar til framtíðar og myndin af „karlmennskunni.“

Viðtölin voru tekin upp á segulband og síðan skrifuð út. Ég sendi viðmælendum útskriftina og bauð

¹ Skýrsla nefndar félagsmálaráðuneytis. . .

² Yfirleitt var viðbáran sú að ekki væri tími og passar það ágætlega við að erfiðast reyndist að fá féлага í Dagsbrún til viðtals. Það má því með góðum rökum halda því fram að líklegt sé að ég hafi ekki náð marktæku úrtaki. En eins og víða kemur fram í þessari bók virðast viðhorf þessara karla ekki skera sig mjög frá almennum viðhorfum karla eins og þau hafa birst í öðrum könnunum. Þar af leiðandi hef ég ekki trú á að úrtak mitt sé verulega skekkt.

þeim að koma athugasemdum eða leiðréttingum á framfæri. Aðeins einn hafði samband og vildi láta taka út nokkur atriði sem hann taldi að gætu bent á ákveðna einstaklinga. Að sjálfsgöðu varð ég við þeirri beiðni.

Að þessu loknu tók við lestur viðtalanna aftur og aftur og tilraunir til að sjá mynstur, finna samræmi og tengsl við það sem þekkt er úr öðrum rannsóknum, hérlandum og erlendum. Þessi þáttur var óhemju tímafrekur og það sem hér birtist er í raun ekki nema hluti þess sem vinna má úr þessum viðtölum. Það verður að taka skýrt fram að ég er hér fyrst og fremst að reyna að birta viðhorf þeirra karla sem ég ræddi við á eins sanngjarnan hátt og mér er unnt.

Þá verður að ítreka að hér er um að ræða viðræður við 25 karla á aldrinum 20–35 ára. Því er ekki gerð krafa til þess að um sé að ræða endurspeglun viðhorfa allra íslenskra karla á þessum aldri. Sumt af því sem hér kemur fram held ég að stór könnun myndi sýna að sé almennt viðhorf, annað er ég ekki eins sannfærður um. Það er hins vegar ekki aðalatriðið. Hér birtast tilhneigingar sem eru til staðar í samfélaginu. Þær bjóða upp á vissa möguleika og gefa ákveðna innsýn. Það veltur síðan á öðrum þáttum hvað kemur til með að blómstra og hvað verður kæft í fæðingu.

2. Kyngerð samfélagsins

Félagslegar formgerðir samfélaga er það sem setur hegðun einstaklinga mörk, opnar ákveðna möguleika en lokar öðrum, gefur sumum færi á að blómstra en heldur aftur af öðrum. En þó svo nauðsynlegt sé að átta sig á mikilvægi formgerða þá má of mikið úr öllu gera. Félagslegar formgerðir eru hvergi til í efnislegri merkingu sem stálbitar eða steypa, þó svo margir stálbitar og mikil steypa séu minnisvarðar formgerða. Í raun og veru eru formgerðir samfélaga ekki annað en hegðun einstaklinga. Það sem við köllum félagslegar formgerðir er endurtekið mynstur svipaðra atburða sem margir mismunandi einstaklingar taka þátt í á mörgum mismunandi stöðum.³

Ein formgerða samfélagsins er kyngerð þess. Hér er ekki vísað til líffræðilegs munar karla og kvenna varðandi viðhald tegundarinnar heldur hins félagslega kyns (gender). Grundvallarforsenda þess að tala um félagslegt kyn er að hinn líffræðilegi munur sé ekki það sem ákvarði þær félagslegu gerðir sem skapa kyngerð samfélagsins. Þvert á móti er það félagsleg kyngerð samfélagsins sem ákvarðar hvað karlar og konur gera og mega gera.⁴

Þegar karlar eru frekar en konur valdir og ráðnir í helstu valdastöður samfélagsins er verið að endurgera ríkjandi kyngerð samfélagsins. Ekki er þar með sagt að um eitthvert samsæri sé að ræða. Á hverjum einstökum stað eru einstaklingar að taka ákvörðun um einstaklinga á grundvelli þess sem þeir telja vafalaust kynhlutlausar forsendur. Það breytir því ekki að þegar niðurstaðan fylgir ákveðnu munstri er verið að endurskapa ríkjandi formgerð. Sama á við þegar karlar eiga í erfiðleikum með að fá fíri á sínum vinnustað til að sinna veiku barni. Í hverju einstöku tilfelli er vafalaust um það að ræða að yfirmenn telja sig illa mega missa viðkomandi starfsmann heim. En þegar ákvörðunin verður aftur og aftur þannig að móðirin fer heim en ekki faðirinn þá er verið að endurskapa ríkjandi kyngerð.

Formgerðir samfélagsins eru hluti af og móta bæði það sem kalla má yfirbyggingu samfélagsins og einstaklingssvið þess. Með yfirbyggingu er þá fyrst og fremst átt við skiptingu gæðanna í samfélaginu, lög og opinberar reglur þjóðfélagsins og stéttbundin samskipti á vinnumarkaði. Þegar lög og reglur samfélagsins eru þannig úr garði gerðar að körlum er illmögulegt að taka fæðingarorlof er yfirbygging samfélagsins nýtt til að endurskapa kyngerð þess. Sama á við þegar karlar frekar en konur fá ýmsar sporslur á sínum vinnustað, svo sem bílastyrki og óunna yfirvinnu.

Með einstaklingssviði er þá átt við hvernig félagslegar formgerðir hafa mótandi áhrif á sjálfið, skilning á atburðum, túlkun þeirra og hegðun einstaklinga. Þannig hefur það mótandi áhrif á sjálfskilning barna og skilning á kynjum og kynjamun ef karlar sinna lítt eða ekki umönnun þeirra og uppeldi fyrr en liðið er verulega á skólagöngu þeirra. Á sama hátt mótast það sjálfskilning barna þegar fjölmiðlar sýna svotil eingöngu karla þegar kemur að umfjöllun um efnahagsmál og stjórnmál.

En kyngerð samfélagsins er ekki eina félagslega formgerð þess. Af öðrum mikilvægum má nefna stéttaskiptingu, kynhneigð, búsetu og kynþátt þar sem það á við. Allar þessar formgerðir eiga sinn þátt í að móta samfélagið og einstaklingana og því verður útkoman mismunandi eftir því hvernig þær tengjast og skarast. Sem dæmi má taka að sú karlmennska sem til verður meðal stráka í verkályðsstétt er önnur en sú sem við finnum meðal miðstéttarástráka. Og aðrar formgerðir hafa líka úrslitaáhrif á það hvaða þættir kyngerðarinnar verða ríkjandi. Þannig er til að mynda ljóst að sögulega séð eru skýr tengsl milli karlmennsku og ofbeldis. En það hefur á hinn bóginn farið eftir öðrum formgerðum samfélagsins hvort það ofbeldi hefur orðið ríkjandi þáttur viðkomandi samfélags.

Í umræðum um kyn og stöðu kynjanna hefur á stundum verið litið fram hjá þessu atriði. Gengið hefur verið út frá því að það sem menn þykjast sjá sem einkenni kynjanna séu óumbreytanlegir eðlisþættir þeirra. Þá hefur t.d. ofbeldi verið tengt körlum og umhyggja konum. Í þeim tilfellum hefur svo til alveg verið litið fram hjá þeim félagsgerðum sem skópu og mótuðu þennan mun og e.t.v. ekki síður hvernig ákveðnar félagsgerðir gefa vissum þáttum færi á að blómstra en halda öðrum niðri. Það gildir um ein-

³ Sbr. t. d. Collins, R. (1988).

⁴ Sjá Connell (1995), bls. 71-76 varðandi nánari umfjöllun um þetta atriði.

staklinga beggja kynja að þeir eru ofnir mörgum þáttum og þó svo grundvallarþáttur sjálfsskilnings flestra sé hvort þeir eru karl eða kona, þá eru það formgerðir samfélagsins sem ákvarða hvaða þættir tilheyra karlmennsku og hvaða þættir kvenleika. Og það eru líka þessar formgerðir og samspil þeirra sem segja hversu langt ákveðinn eiginleiki geti náð að setja mark sitt á ákveðið samfélag.

Ymsar tengingar karlmennsku og annarra félagslegra formgerða eru fyrir hendi og má nefna þrjá möguleika.⁵ Í fyrsta lagi getur karlmennskan samtímis verið staðfesting ákveðinnar félagslegrar stöðu og andstaða við aðra félagslega stöðu. Karlmennska blökkumanna getur þannig skapast og verið staðfest sem andstaða við völd hvíttra.

Í öðru lagi getur karlmennska verkað sem miðill milli annarra félagslegra formgerða, myndað samstöðu þegar aðrar formgerðir verka til sundrunar. Karlmannleg myndni á vinnustað getur til að mynda verið aðferð til að brúa bil milli ungra karla og hinna eldri, milli giftra og ógiftra og milli yfir- og undir-manna.

Og í þriðja lagi er unnt að horfa á karlmennsku og aðrar félagslegrar formgerðir sem eitthvað sem einfaldlega lifir hlið við hlið og verkar hvert á annað á mismunandi hátt eftir tíma og aðstæðum.

Rannsóknir á kyngerdum samfélaga og kynjum almennt geta haft mismunandi forsendur og markmið. Í sumum tilfellum er um það að ræða að staðfesta það sem er. Aðrar rannsóknir hafa að markmiði að sýna afstæði þess sem er, opna nýja möguleika og nýja sýn. Markmið þeirrar vinnu er fyrst og síðast að félagslegt kyn hætti að skipta máli í samfélagsbyggingunni, að kynið sé ekki það fangelsi sem það lengi hefur verið. Kynjarannsóknir geta þó átt þátt í að staðfesta og ýta undir staðlaðar kynja myndir þvert á það sem var tilgangur vinnunnar. Vandséð er hvernig unnt er að komast alveg hjá þessum vanda, svo mikilvægur þáttur sem kyngerdin er í flestum samfélögum. Hér verður því að duga að vekja athygli á þessu markmiði.

Breytingar á vinnumarkaðnum nokkra undanfarna áratugi og auknir möguleikar kvenna til að sjá fyrir sér og sínum hafa breikkað hugmyndir um kvenleika. Það er ekki lengur ókvenlegt fyrir gifta konu að sinna vinnu utan heimilis. Það er ekki lengur ókvenlegt að vera í forystuhlutverki hvort heldur er í stjórnmálum eða á vinnumarkaðnum. Hún er ekki þar með orðin „skass.“ Raunar hafa sumir viljað halda því fram að þróunin stefni í þá átt að karlar séu að verulegu leyti að verða undir, þeirra (margra) bíði það hlutskipti að vera í reynd óþarfir og heldur til vandræða.⁶

Ein höfuðástæða slíkra hugleiðinga er að svipuð fjölgun mögulegra hlutverka og konur hafa upplifað hefur ekki átt sér stað varðandi karla. Því má færa fyrir því rök að þessi breikkun kvenimyndarinnar hafi þrengrt að skilningi karla á sjálfum sér.

Tvennt af því sem verið hefur grunnþáttur í myndinni af karlmennskunni hefur stöðugt látið á sjá þessa öld, hlutverkið sem fyrirvinna og föðurhlutverkið. Stóraukin sókn kvenna í menntun og út á vinnumarkaðinn hefur gert að verkum að þær hafa ekki þörf fyrir „fyrirvinnu.“ Þær geta skaffað sjálfar, þó svo enn verki kyngerd samfélagsins þannig að laun þeirra eru yfirleitt lægri en karla.

Hvað föðurhlutverkið varðar hefur samfélagsleg þróun dregið verulega úr hlutverki foreldra og grafið undan stöðu þeirra. Samfélagið hefur í mjög ríkum mæli axlað ábyrgðina á uppeldi og umönnun barna. Þetta hefur haft í för með sér að það sem var höfuðatriði föðurhlutverksins hér áður fyrir, félagsmótun og fjárhagslegur stuðningur (sérstaklega í sambandi við menntun), er vart lengur fyrir hendi.⁷

Líkt og aðrar breytingar á formgerðum samfélagsins hafa þessar breytingar bæði opnað dyr og lokað. Hægt er að hugsa sér að minnsta kosti tvenns konar viðbrögð við þessari tiltölulega nýju stöðu. Afturhvarf til fortíðar og breikkun karlímýndarinnar. Unnt er að sjá tilhneigingar í báðar áttir hérlendis. Fram hafa komið tillögur til breytinga á römmum samfélagsins sem ljóslega myndu hafa í för með að konur færu í einhverjum mæli aftur inn á heimilin og karlar endurheimtu hlutverk sitt sem fyrirvinnur. Hins vegar hafa komið fram tillögur sem myndu auðvelda körlum að breikka karlmennskuímyndina með aukinni þátttöku í umönnun og uppeldi.

⁵ Sjá t.d. umfjöllun Hearn og Collinson (1994).

⁶ „Men – Tomorrows second sex.“ *The Economist*, 28. september 1996.

⁷ Björnberg, Ulla (1994), bls. 66-67.

Það er pólitísk ákvörðun í hvora áttina skuli halda. Margir möguleikar eru fyrir hendi til breytinga ef gefið er færi á að breikka ímynd karlmennskunnar og breyta þannig kyngið samfélagsins. En til slíks þarf pólitískan vilja.

3. Verkaskipting á heimilinu

3.1 Inngangur


Fjöl margar eru þær bækur, ritgerðir og greinar sem vekja athygli á lítilli þátttöku karla í heimilislífi og umönnun. Sjálfsgagt eru þær jafnmargar sem telja karla hafa ranghugmyndir um fjölskyldulíf: Þeir líti á heimilið sem þjónustustöð fyrir sig og sínar þarfir eða komi þangað inn með sömu vélrænu tæknihyggju og þeir þekkja frá atvinnulífinu. Í mjög mörgum þessara rita er gengið að því sem gefnu að skilgreining kvenna á því hvernig heimilis- og fjölskyldulíf eigi að vera sé sú rétta. Sama má sjá í almennum umræðum. Ekki sé unnt að hleypa körlum innfyrir fyrr en þeir hafi undirgengist ok heimilisstarfanna á forsendum kvenna. Í að mörgu leyti ágættri grein um jafnrétti kynja í Morgunblaðinu sagði höfundur undir lokin: „Ég skal sannfærast um að jafnrétti sé í nánd þegar fregnir fara að berast um stóraukinn áhuga karlanna á baðherbergisprifum með öllu sem því fylgir.“⁸ Svipaðar hugmyndir hafa einnig sést á hinn veginn svo sem þegar því er haldið fram að það sé ekki fyrr en konur hafi axlað byrðar sjómennskunnar til jafns við karla sem þær geti farið fram á jafnrétti.

Að mínu viti er þetta um margt alrangur skilningur. Ef vilji er til að skilja breytingar á þátttöku karla í heimilis- og fjölskyldulífi þá verður að gera það með tilliti til heildarmynsturs lífs karla. Ekki er um það að ræða að karlar einfaldlega taki ákvörðun um að verða eins og konur á heimilinu. Til þess að skilja fjölskyldutengsl karla verður að tengja þau ævisögu þeirra og einnig ævisögu kvennanna og samspili kynjanna innan og utan heimilis.

3.2 Hvernig var þetta?

Á líftíma þeirra karla sem ég ræddi við hafa verulegar breytingar orðið á hlutverkamynstri kynja í íslensku samfélagi. Elsti viðmælandi minn fæddist árið 1961, sá yngsti árið 1973. Í töflu 3.1 er brugðið upp nokkrum tölulegum staðreyndum um breytingar á stöðu kvenna á þessum árum.⁹

Breytingar á stöðu kvenna 1961, 1973 og 1995



Þetta hefur að sjálfsgöðu ekki aðeins breytt stöðu og viðhorfum kvenna. Staða karla hefur einnig breyst og eins og þessi rannsókn sýnir hafa viðhorf þeirra að öllum líkindum einnig breyst.

Fram undir síðustu áratugi voru heimilisstörf tengd kvenleikanum en launuð störf utan heimilis voru

⁸ Svanborg Sigmarsdóttir (1996).

⁹ Árbók Háskóla Íslands 1962; Konur og karlar 1994; Landshagir 1996; Réttindi og staða kvenna á Íslandi.

hluti af veruleika karlmannna. Þessi ímynd af eðlilegum hlutverkum kynjanna birtist skýrt í bók sem út kom árið 1965: „... það er ekkert það í hjúskaparlögunum, sem skyldar konuna til þess að sitja heima og annast heimilisstörfin eða bannar að maðurinn geri það. En einmitt það, að konan tekur þetta mikilvæga hlutverk að sér með glöðu geði og gegnir því með meiri sóma en maðurinn gæti vænst að gera það, *af því að hún er eðlilega hafari til þess*, [mín leturbreyting] má ekki verða til þess að viðhalda nú á tímum löngu úreltum hugmyndum um undirokun konunnar í hjónabandinu og misrétti karls og konu á heimili.“¹⁰

Heimilisstörf eru um margt öðruvísi en þau störf sem helst hafa verið tengd við karla og ef til vill eðlilegt að slík mismunandi reynsla leiði til mismunandi lífsviðhorfa.¹¹ Í fyrsta lagi er niðurrið eitt höfuð-einkenna heimilisstarfa. Maturinn er borðaður, hreint og snyrtilegt herbergi er það sjaldnast til langframa. Hér er því ekki um að ræða beina braut heldur lokað hringtorg, stöðuga endurtekingu uppbyggingar og niðurbrots. Í öðru lagi fylgja starfinu óhreinindi sem á engan hátt hafa yfir sér sömu hetjumynd og óhreinindi karlastarfa, sjómennsku, bílaviðgerða og þess háttar. Í þriðja lagi er starfið „nafnlaust.“ Ef því er vel sinnt tekur enginn eftir því og sjaldnast fylgja vel unnum heimilisstörfum nokkrar opinberar viðurkenningar eða hrósröði.

Þessi almennu einkenni heimilisstarfa geta ef til vill skýrt hvers vegna sumir þættir þeirra hafa færst yfir til karla eða hafa verið þar allan tímann. Viðhaldsvinna ýmiss konar er til að mynda uppbyggileg og skilar sýnilegum og varanlegum árangri. Ef lagt er parkett á stofuna þá er það komið til að vera þar í einhver ár og ekki er ólíklegt að hrósröði vegna dugnaðar muni falla þegar gesti ber að garði. Að sjá um grillið og elda veislumat þegar von er á gestum hefur einnig á sér uppbyggingarblæ, er sýnilegt og líklegt til að auka ánægju. Salernisþrif hafa enga af þessum eiginleikum.

Séu þessar hugmyndir réttar ætti hins vegar breyting að vera framundan og er ef til vill hafin. Konur hafa sótt út á vinnumarkaðinn og eru þar nú í lítið minna mæli en karlar. Það þýðir að þær gangast þar að einhverju leyti undir sömu vinnurökhyggju og karlar sem aftur ætti að hafa í för með sér að heimilisstörfin verða þeim ekki frekar „geðfeld“ en körlum. Stúlkur sem ólust upp með heimavinnandi húsmæðrum hafa á hinn bóginn vafalaust í farteskinu þá félagsmótun, þá mynd af kvenleikanum, að honum fylgi heimili í fullkomnu standi. Þar af leiðandi hafa þær fram að þessu upplifað hið fræga tvöfalda vinnuálag. En nú eru að koma til skjalanna stúlkur sem sjálfar hafa átt útivinnandi mæður má reikna með að sjálfsskilningurinn, kvenleikinn sé miklu síður bundinn heimilinu. Jafnaldrar þeirra meðal stráka hafa einnig átt útivinnandi mæður og tengja heldur ekki saman kvenleika og heimilisstörf. Því ætti það að vera mjög eðlilegt að líta á heimilið og störfin þar sem eitthvað sem einfaldlega þarf að vinna og það verði samvinnuverkefni sem unnið er án þess að stöðugt sé verið að streða eftir millimetraréttlæti.

Á síðustu árum hefur fjölgað mjög rannsóknum sem sérstaklega beinast að þætti karla á heimilum. Bæði hefur þá verið skoðað hvernig samskipti kynjanna eru varðandi heimilishaldið og einnig og ekki síður hvernig feður koma að uppeldi og umönnun barna.¹² Flestum ber þessum rannsóknum saman um að þátttaka karla í störfum á heimilinu hafi aukist og að hjá mörgum körlum sé vilji til að ganga lengra en ýmislegt hindri. Þá hefur jafnframt verið skoðað hvort eitthvað sérstakt í uppeldi karla geri þá líklegri til þátttöku í heimilisstörfum og umönnun barna. Mögulegir þættir sem nefndir hafa verið eru m.a. jákvæð fyrirmynd eigin föður, almennt jákvæð viðhorf til jafnréttis kynja og staða föður á vinnu- markaðnum.

Það hefur vægast sagt gengið erfiðlega að finna einhverja slíka beina tengingu. Og það sem fyrir liggur í þessari athugun verður ekki til að hjálpa upp á sakirnar.

¹⁰ Hannes Jónsson 1965, bls. 88-89.

¹¹ Tigerstedt, Christoffer 1995.

¹² T.d. Aarseth (1994 og 1995); Bekkengen (1996 og 1976); Brandth & Kvande (1995); Christoffersen (1996); Duindam (1995); Holter og Aarseth (1993); Hyvönen (1995); Louv (1994); Rør (1994).

3.3 Jöfn verkaskipting?

Allir viðmælenda minna líta svo á að á þeirra heimili sé verkaskipting nokkuð jöfn. Og þeir eru jafnframt áhugasamir um virka þátttöku í uppeldi og umönnun. Þegar nánar er reynt að kafa eftir því hvort eitthvað liggir þar að baki kemur fjölbreytt flóra í ljós.

Sumir hafa átt feður sem tóku þátt í heimilishaldi og uppeldi og finnst það eðlilegt og sjálfsgætt. Aðrir hafa átt feður sem aldrei komu nálægt neinum heimilisstörfum og voru mjög fjarlægir sem feður. Synir þeirra líta á það sem víti til varnaðar. Ekki verður heldur séð að tengsl séu milli þess hvort móðir var útívinandi eða þátttöku barnanna í heimilisstörfum á æskuheimilinu og þess að vera þátttakandi á eigin heimili. Almenn séð má því segja að þó ef til vill liggja ekki allar leiðir til Rómar þá eru þær að minnsta kosti margar.

Nú er að sjálfsgöðu hugsanlegt að ef heimilishaldið væri nánar skoðað þá kæmi í ljós einhver munur á þátttöku karla í heimilisstörfum og uppeldi sem unnt væri að tengja þessum bakgrunnsbreytum. En ég held samt að uppúr muni standa eitthvað í líkingu við það sem einn viðmælenda sagði:

Sp.: . . . En þú myndir samt telja að á þínu heimili þá væri þetta nokkurn veginn jafnt skipt hjá ykkur?

Sv.: Hjá okkur?

Sp.: Já.

Sv.: Já. Þó svo að maður vinnur úti og hún er náttúrulega að læra og vinnur líka með. Já, þetta hefur einhvern veginn, þetta er bara alveg jöfn skipting.

Sp.: Og þú heldur að hún myndi segja það líka ef hún væri spurð?

Sv.: Já, já. Þetta er bara eitthvað sem að . . . Ég meina, maður getur ekki horft upp á hana vera að taka, skilurðu . . . að vera þuð í öllu heimilinu og síðan náttúrulega að vera í skóla og vinna kannski aðra hverja helgi. Manni fyndist það virkilega hart. Maður er náttúrulega þessi kynslóð . . . að þessi kynslóð er ekki að koma heim úr vinnunni og setjast fyrir framan og horfa á fréttir. Þetta er búið að vera, held ég.

[17]

Fullkunnugt er að atvinnuþátttaka kvenna hefur stóruaukist síðustu áratugi. Enn er því að vísu svo varið að konur eru mun síður en karlar í fullu starfi utan heimilis (53% kvenna en 90% karla árið 1993¹³). Á sama hátt er vikulegur vinnutími karla í fullu starfi lengri en kvenna (53,3 stundir hjá körlum en 44 stundir hjá konum árið 1995¹⁴). En fleiri konur vinna nú meira utan heimilis en var reyndin þegar viðmælendur mínir voru að alast upp. Og það er ljóst af þessum viðtölum að körlunum þykir það einfaldlega mjög ósanngjarnt að þeir leggist upp í sófa og hafi það huggulegt eftir vinnu meðan konan sinnir heimilisstörfum eftir álíka langan vinnudag. Og flestum mun nú þannig farið að þeir hafa ekki hug á að vera ósanngjarnir, sérstaklega ekki gagnvart þeim sem þeir bera hlýjan hug til.

Sú staðreynd að atvinnuþátttaka kvenna er sjálfsgöð og eðlileg í dag er lykilatriði til skilnings á þessum breytingum á hlutverkaskipan innan veggja heimilis. Jafnframt þeirri breytingu hafa síðan almenn viðhorf í samfélaginu breyst þannig að svipuð þátttaka karls og konu í heimilishaldi er mjög eðlilegur hlutur. Þannig er það alveg ljóst að konur koma til sambúðar með þær væntingar í huga að þær muni ekki síður en karlar þeirra starfa utan heimilis og að skipting vinnunar á heimilinu verði jöfn.

Sv.: . . . Hún gengur alveg í allt þó svo . . . eins og ég segi, ég geng í allt líka. Þetta er rosalega jafnt hjá okkur. Þó svo að hún komi frá heimili sem að . . . þetta er bara eins og þetta . . . ég hugsa að það hafi breyst líka hugarfar kvenna, ég meina, þegar byrjaði öll þessi kvenréttinda . . . skilurðu, þá fóru þær bara að tukta karlana til og þetta er árangurinn í dag, held ég. Að ungir karlmenn komast ekki upp með að koma bara heim úr vinnunni og letjast, þeir verða að taka þátt í heimilisstörfunum líka.

¹³ Réttindi og staða kvenna á Íslandi, bls. 37.

¹⁴ Landshagfir 1996, bls. 84.

Sp.: Og konan þín hefur komið með þau viðhorf, þrátt fyrir það hvernig þetta var á hennar heimili?
Sv.: Já. Alveg. Bara hörð á því.

[17]

Eins og áður hefur komið fram töldu allir viðmælendur mínir að þeir sinnu heimilisstörfum til jafns við konur sínar. Vissulega væri verkaskipting fyrir hendi en ef tekin væru öll heimilisstörfin og deilt með tveimur þá væri þetta nokkurn vegin jafnt. Ef slíkt kæmi í ljós við tímamælingar væri um að ræða mjög verulega breytingu.

Allar hérlendar rannsóknir til þessa hafa bent til mun meiri vinnu kvenna en karla á heimilum.¹⁵ Þannig sýndi sig í lífskjarakönnuninni árið 1988 að karlar verja að jafnaði um sex stundum á viku til heimilisstarfa en konur 19 stundum.¹⁶ Það er því nokkuð erfitt að kyngja því að tæpum tíu árum síðar sé tímanotkunin nokkurn veginn jöfn. Hins vegar ber að hafa í huga að á öðrum Norðurlöndum hefur þróunin verið í þessa átt. Í Danmörku sinnu karlar heimilisstörfum í u.p.b. þrjá tíma á viku árið 1964. Sama ár notuðu konur 29 tíma á viku til heimilisstarfa. Árið 1994 var staðan hins vegar orðin sú að danskir karlar notuðu 14 tíma á viku til heimilisstarfa en konur 18.¹⁷

Staðan hjá dönskum þörum mun nú einfaldlega vera þannig að þau líta á heimilið sem sameiginlegt verkefni. Hvort um sig gengur til þeirra starfa sem þarf að inna af hendi án þess að skeiðklukkan sé á lofti til að meta hvor geri meira af hverju. Og þó svo annar aðilinn geri meira af einhverju þá sé það ekki á grundvelli kúgunar eða þess að hinum aðilanum finnist hann ekki eiga að gera þetta. Þarið einfaldlega hjálpist að.

Vel má hugsa sér að þróunin hafi verið svipuð hérlendis og því séu svör karlanna í þokkalegu samræmi við það sem tímamælingar myndu leiða í ljós. Hér verður þó að setja einn fyrirvara og hann nokkuð stóran. Ég held ekki að konurnar muni almennt fallast á að hlutverkaskipting sé jöfn. Ég er nokkuð sannfærður um að þær líta svo á að vinnuframlag þeirra á heimilinu sé mun meira en karlanna. Á stundum kom þetta reyndar fram í viðtölunum:

Sp.: Heldurðu að henni fyndist [jöfn skipting] ef ég myndi spyrja hana?

Sv.: Ég hugsa það. Að visu er eitt og annað sem stundum mæðir meira á henni heldur en mér. T.d. á hún það til að skamma mig stundum því ég er ekki nógu duglegur við að kíkja á þvottakörfuna. Hún vill fyllast, finnst mér, alltof hratt. Mér finnst hún þvo af [dóttirin] alveg ofboðslega mikið.
[10]

Sp.: Þú lýsir þessu sem að . . . já, þið gangið mjög svo jafnt til verka á þínu heimili. Ja, heldurðu að konan þín myndi svara svipað ef hún væri spurð að þessu?

Sv.: Ég reikna með því, í stórum dráttum. Reyndar, þegar þú hringdir í mig um daginn, þá fór hún að spyrja hvað þetta hafi verið og ég sagði henni svona upp og ofan af því. Þá kom í ljós að það var ýmislegt sem var ekki í alveg eins góðum málum eins og ég hélt. Það spannst þarna svolítill umræða um þetta. En ekki það að hún væri ósatt við verkaskiptinguna eða svoleiðis en það svona alla vega kom í ljós að þetta var nú ekki alveg eins mikil hamingja eins og ég hélt. En við spjölluum aðeins um það og fundum út úr því, eins og við gerum alltaf. En eins og ég segi, maður veit það aldrei. Það getur vel verið að hún hafi einhverja aðra skoðun sem hún er ekki tilbúin að segja mér en gæti lýst kannski fyrir einhverjum öðrum. Þó held ég, samt sem áður, að hún myndi svara svipað. . .

[19]

Þessar tilvitnanir benda einnig til annars sem á stundum skaut upp í samtölunum án þess að það væri

¹⁵ Sjá samantekt Stefáníu Traustadóttur (1992) þar sem gerð er grein fyrir þeim rannsóknum á vinnuskiptingu á heimilum sem þá lágu fyrir.

¹⁶ Stefán Ólafsson 1990, bls. 277.

¹⁷ *Líge Nu*, No. 2, mars 1997, bls. 18.

sérstaklega til athugunar. Svo virðist sem karlar séu almennt þeirrar skoðunar að ef ekki er um að ræða beinan og orðaðan ágreining í hjónabandi þá hljóti allt að vera í lagi. Í miðju viðtali mundi einn viðmælenda minna skyndilega eftir því að hann átti verki ólokið heima hjá sér:

Sv.: Nei, ég var víst búinn að lofa því að festa upp einhvern spegil fyrir hana víst í gærkvöldi. Kom eitthvað seint heim úr vinnunni. Það fór eitthvað fyrir ofan garð og neðan.

Sp.: Já. Þegar þú ert að svoleiðis löguðu, að festa upp spegla og festa upp myndir. Ákveður hún hvar þetta eigi að vera eða ræðið þið það?

Sv.: Er ekki rétt að maður verði svona jafnréttissinnaður? Það er búið að segja svo lengi að karlarnir kúgi konurnar þannig að ég segi að ég sé bara kúgaður og hún ráði því. Nei, nei, svona . . . að sjálfsgöðu . . . ég meina, ég held að það hljóti bara að vera samkomulag, ég hef aldrei spáð í það.

Sp.: Nei.

Sv.: Mér finnst þetta . . . ég veit það ekki . . . ef hún segist vilja hafa mynd einhvers staðar þá sé ég enga ástæðu til að vera að andmæla því og festi myndina þar. Ég man ekki eftir því að við höfum verið neitt að þrátta um eitthvað svoleiðis.

[25]

Hugsanlega er þetta hluti skýringar þess að fráskildir karlar eru frekar en fráskildar konur þeirrar skoðunar að hjónabandið hafi verið eins og gengur og gerist. Konurnar hins vegar á því að það hafi verið erfitt. Enda eru það mun frekar konur en karlar sem eiga frumkvæði að skilnaði.¹⁸

3.4 Fjölskyldukarlar eða vinnudúgr?

ljósi þessa og sökum þess að margir hafa þóst sjá breytingar sem inniberi aukna þátttöku karla í fjölskyldulífi og aukinn vilja til þess, hafa erlendir fræðimenn gert tilraunir með að skipta körlum í ákveðna flokka á grundvelli afstöðu til vinnu annars vegar og fjölskyldu hins vegar. Gróf flokkun er einfaldlega í þessa tvo hópa, þá sem byggja sjálfmynd sína frekar á vinnu og hina sem byggja frekar á fjölskyldu. Jafnframt er þó ljóst að þessi hugtök geta haft mjög mismunandi bakgrunn og ekki sjálfgefið að það að nefna fjölskylduna sem mikilvægasta þátt tilverunnar þýði jákvæð viðhorf til breyttra hlutverka kynja. Karlar geta t.a.m. haft mjög hefðbundna mynd af fjölskyldum og hlutverkum kynjanna en þó lítið svo á að fjölskyldan sé mikilvægasti þáttur sjálfsmýndar þeirra. Fjölskyldan getur þannig orðið nokkurs konar sýningargripur, með henni sýni karlar hversu vel þeim hafi vegnað í lífinu og hversu vel þeir sjái um sitt.¹⁹

Að mínu viti er gróf flokkun af þessari gerð til lítils gagns. Hún tekur of lítið tillit til mismunandi hefða og menningar innan þeirra landa þar sem rannsóknir fara fram og hún tekur of lítið tillit til annarra formgerða samfélagsins. Það er t.a.m. ljóst að það er mjög misjafnt eftir stéttum hverjir möguleikar karla eru til að minnka vinnu eða taka upp sveigjanlegan vinnutíma í þeim tilgangi að auka samvistir sínar með fjölskyldunni. Á sama hátt er of lítið tillit tekið til þess hver staða konunnar er, bæði á vinnu- markaði og varðandi viðhorf til hefðbundinna samskipta og hlutverka kynjanna.

Aðrir hafa reynt sig við finni flokkun sem auk sjálfsmýndarinnar byggir á því hvernig menn „réttlæta“ þátttöku sína eða hvaða leiðir karlar fara inn í fjölskylduna. Þá verður til fjórflokkun: Réttlætiskarlar, Fjölskylduhugsjónakarlar, Framabreikkari og Umönnunakarlar.²⁰

Réttlætiskarlinn er þá sá sem lýtur svo á að almennt séð beri honum að taka þátt í verkefnum fjölskyldunnar, þau séu sameiginleg og ekkert réttlæti í að konan beri ein byrðarnar. Sá sem hefur fjölskylduna að hugsjón lítur á vinnu og fjölskyldu sem tvo heima sem mikilvægt sé að halda aðskildum. Í faðmi

¹⁸ Sigrún Júlíusdóttir (ritst.) (1995), bls.74-75.

¹⁹ Björnberg, Ulla (1994) bls. 55 og áfram.

²⁰ Holter og Aarseth (1993), bls. 171 og áfram.

fjölskyldunnar geti menn slakað á og verið þeir sjálfir. Framabreikkarinn lítur á fjölskylduna sem nokkurs konar viðhengi vinnunnar. Innan fjölskyldunnar geti hann þróað aðra og öðruvísi þætti persónuleikans, þætti sem síðan muni nýtast í vinnunni. Og loks er það umönnunarkarlinn þar sem fjölskyldan öðlast sjálfstætt gildi. Hún er annar grunnur sjálfsmats og sjálfsskilnings, ekki eitthvað sem er utan við og lægra sett en vinnan

Körlum hefur allt fram að þessu verið vinnan mjög mikilvæg. Ástæðan er vafalítið að stærstum hluta sú að karlar hafa alist upp við það viðhorf að þeim beri fyrirvinnuhlutverkið, þeir staðfesta sjálfsgildi sitt, karlmenskuna, með því að sjá vel fyrir sínum. Þannig hafa sumar erlendar rannsóknir sýnt að atvinnuleysi fer að mörgu leyti verr með karla en konur. Það er hins vegar líklegt að það hafi breyst verulega og þá í tengslum við aukna þátttöku kvenna á vinnumarkaðnum.²¹ Til að mynda verður ekki séð að atvinnuleysi fari verr með íslenska karla en konur en karlar virðast þó virkari við atvinnuleitina.²²

Alþjóðlegar samanburðarrannsóknir sýna að fæstir karlar segjast byggja sjálfsmynd sína fyrst og fremst á vinnunni. Þvert á móti er fjölskyldan þar verulegt atriði. Þetta er misjafnt milli landa en til að mynda um 50% sænskra feðra segja fjölskylduna skipta mestu fyrir sjálfsmynd þeirra en 15% nefna vinnuna. Í Vestur-Pýskalandi voru samsvarandi tölur 38% og 24%.²³

Allar flokkanir af þessari gerð eru ákaflega vandmeðfarnar því að sjálfögðu er því þannig varið að hvorki karlar né konur eru einnar víddar manneskjur. Væri það í stöðunni vildu sjálfsgagt flestir hafa góða vinnu við áhugaverð verkefni, vel launaða og þannig fyrirkominni að nægur tími væri til samvista við fjölskylduna. Á hinn bóginn er ekki mikið um slík störf og því verður að aðlaga þarfir og langanir.

Ég gerði tilraun til að flokka karlana í viðtölunum eftir mati þeirra á vinnunni. Grundvallarhugmyndin var þá sú að reyna að komast að því hvort væri ríkara í huga þeirra; að vinnan væri aðferð til að eiga fyrir salti í grautinn eða að þeir stefndu þar á ákveðinn frama, sem þá gæfi til kynna að vinnan skipti verulegu máli fyrir sjálfsskilning þeirra. Slík gróf flokkun gefur til kynna að um það bil ⅓ líti á vinnuna fyrst og fremst sem aðferð til að framfleyta sér og sínum en hinir hafi frekar í huga möguleika sína til frama. Á þessu verður þó að hafa verulega fyrirvara.

Sp.: Já. Hvaða hlutverki gegnir vinnan í þínu lífi? Er það fyrst og fremst bara til þess að eiga fyrir salti í grautinn eða hefurðu gaman af þessu?

Sv.: Já, ég . . . nei, það er nú eiginlega ekki salt í grautinn eða . . . þetta er búið að vera svolítið erfitt, svona peningar eru meira kannski ekki mikið atriði. Maður er náttúrulega búinn að vera rokkandi í tekjum í öllu þessu og konan hefur látið í sér heyra. Af því að hún er náttúrulega að reyna að læra og ég er eiginlega hálfpartinn alltaf að leika mér, alltaf að skipta um og . . . en samt hefur maður klárað það sem maður hefur verið að gera. En verið kannski á lærlingslaunum. Já, henni finnst að ég hafi verið full kærulaus í því, verið að prófa of mikið. En ég lít á vinnuna kannski . . . hvernig var spurningin aftur?

Sp.: Bara svona hvernig hlutverki hún gegndi í lífinu hjá þér, hvort þú ætlaðir að vinna þig eitthvað upp eða værir bara svona að flakka á milli og prufa. . . ?

Sv.: Ja, meiningin er að komast í, sem sagt, [fasta stöðu] og vinna sig upp jafnvel þar. Ég hef rosalegan áhuga á öllu sem viðkemur bæði skyndihjálp og björgun. Sérstaklega skyndihjálp þannig að ég gæti vel hugsað mér, já, og vil vinna [vinnustaður] en ekkert endilega að komast upp í einhverja stjórastöðu, alls ekki.

Sp.: Nei. En sem sagt gjarnan vera í einhverju starfi sem þú hefur áhuga á?

Sv.: Já, ég hef mikinn . . . já, það er svolítið skrýtið að ég eiginlega verð að vinna við eitthvað sem ég hef gaman af. Ekki eins og t.d. stjúpþabbi minn gat unnið kannski í 30 ár við að tappa á gaskúta, eitthvað sem er kannski bara að vera í einhverri vinnu, skilurðu? Það er allt öðru vísi hjá bæði og það er hjá eldri bróður mínum líka. Að vera að vinna við eitthvað sem þú ert ánægður í.

Sp.: Já, þið viljið sem sagt fá eitthvað meira út úr vinnunni heldur en bara launin?

²¹ Blom (1989) nefnir nokkrar rannsóknir sem komast að mismunandi niðurstöðum. Bernard (1995) ræðir ýmsa þætti fyrirvinnuhlutverksins og breytinga á því.

²² *Atvinnulausir á Íslandi 1993*, bls. 100, 102, 151-153.

²³ Björnberg, Ulla (1994), bls. 51-52.

Sv.: Já, alveg. Ég hugsa að það sé bara . . . og þó, nei, það er kannski einstaklingsbundið með svona á aldur við mig. Og þó, ég hugsa nú að flestir vilja vera að vinna við eitthvað sem þeir hafa gaman af. Ekki bara að vera að vinna til að vera að vinna og fá pening. Svona láta ekki bjóða sér hvað sem er.

[17]

Þetta birtir í hnotskum það sem gerir að verkum að erfitt er beita einhverri flokkun þar sem körlum er ráðað í afmarkaða bása eftir yfirlýstum viðhorfum til vinnu. Margir og ólíkir þættir koma til sögunnar og allir þættir lífssögunnar verða að liggja undir ef skilningurinn á að verða annar og meiri en yfirborðið.

Eitt er að menn eru að sjálfsgöðu ekki alveg sjálfráðir „ . . . og konan hefur látið í sér heyra.“ Sé það rétt að karlar hafi byggt sjálfmynd sína að verulegu leyti á fyrirvinnuhlutverkinu þá er það vegna þess að samfélagið hefur með beinum og óbeinum hætti haldið þeim gildum á lofti. Konur hafa alist upp í sama samfélagi og eru ekki frekar en karlarnir ónæmar fyrir samfélagsmótuninni. Þess vegna er óhjákvæmilegt annað en huga að væntingum og kröfum kvenna í sambúð þegar meta á stöðu vinnunnar í lífi karla. Hvaða viðhorf koma þaðan um skaffarahlutverkið?

Í öðru lagi vilja menn gjarnan að vinnan sé á einhvern hátt áhugaverð. Drjúgur hluti lífsins fer í vinnu og það er mikilvægt fyrir allt lífsmynstrið að þar sé ekki átakanlega leiðinlegt.

Sp.: . . . vinnan í þínum huga. Er þetta bara eitthvað til þess að eiga fyrir salti í grautinn eða ætlarðu þér einhvern karríer í þessu, hefurðu gaman af þessu?

Sv.: Já, já, þetta er mjög . . . það er gaman að þessu starfi, það er fjölbreytt og þannig. Maður breytir oft um vinnustaði og sem sé, mikill fjölbreytileiki í þessu. En hvort maður getur ímyndað sér eitthvað að vera áfram, það er annað mál. Það eru miklar hræringar á þessum vinnustað og verða miklar breytingar um áramót, sem maður veit ekki hvernig verður eða hvernig kemur til með að koma við pyngjuna hjá manni þannig að maður náttúrulega skoðar þetta eftir áramót, hvað maður gerir. Útlitið er ekkert gott þarna núna. Það er endalaust verið að skera hjá okkur, gera okkur lífið erfiðara.

Sp.: . . . þú værir alveg til í að, já, hvort heldur væri, að halda þarna áfram eða skipta, það sé svona kannski peningaaatriði?

Sv.: Já, maður er náttúrulega ekki í neinni vinnu af hugsjón, maður verður að fá peninga í vasann. Þótt ég gæti hugsað mér þetta starf miklu frekar upp á fjölbreytileika og annað.

[15]

Í þriðja lagi skiptir menntunin máli. Þeir sem eru í vinnu sem byggir á menntun þeirra eru ljóslega ákveðnari í að þeir vilji starfa við eitthvað slíkt heldur en þeir sem eru í vinnu sem gerir litlar eða engar menntunarkröfur. Ekki þó þar með sagt að það skipti þá fyrrenefndu miklu máli að vinna sig upp, heldur hitt að þeir vilja hafa möguleika til að sinna því sem þeir hafa menntað sig í og hafa áhuga á.

Í fjórða lagi er að sjálfsgöðu hugsanlegt að hér sé um að ræða kynslóðaatriði í tvennum skilningi. Annars vegar það að yngra fólk hafi minni áhyggjur af tilverunni almennt en þeir sem eldri eru. Þannig mætti hugsa sér að karlar á þessum aldri sjái möguleikana enn lítið takmarkaða og framfærsluþyrðin er ef til vill ekki veruleg enn. Því verður núverandi starf minna mál í þeirra huga þegar lítið er yfir allt sviðið.

Hins vegar er einnig mögulegt að um sé að ræða grundvallarbreytingu milli kynslóða, „ . . . ég eiginlega verð að vinna við eitthvað sem ég hef gaman af. Ekki eins og t.d. stjúpabbi minn gat unnið kannski í 30 ár við að tappa á gaskúta, eitthvað sem er kannski bara að vera í einhverri vinnu, skilurðu?“ Ef til vill er um það að ræða að kröfur til innihalds vinnunnar hafi aukist. Sú kynslóð sem þessir karlar tilheyra hefur alist upp laus við verulegar hörmungar hagkerfisins, s.s. atvinnuleysi. Ljóst er af endurminningum þeirra sem t.d. upplifðu kreppu fjórða áratugarins að þar hefur ekki farið mikið fyrir kröfum um innihald vinnunnar. Spurningin var einfaldlega að fá einhverja vinnu til að halda lífi í sér og sín-

um.²⁴ En ljóslega voru það nokkuð almenn viðhorf meðal þeirra sem ég ræddi við að hér hefði átt sér stað veruleg breyting milli kynslóða.

Sp.: Já, já. En hvaða augum myndir þú þá líta á þitt föðurhlutverk, ef til þess kæmi? Væri þitt aðalhlutverk þá að sjá til þess að fjölskyldan, já, funkeri materialt, að hún hafi í sig og á?

Sv.: Ja, náttúrulega, ef konan er heima þá hlýtur það að vera aðalatriði. Ekki getum við gert neitt án þess að eiga ofan í okkur og á. Það er því miður virðist vera hérna að við þurfum að vinna það mikið fyrir þessu að það er ekkert pláss fyrir neitt annað. Þannig að þetta er í rauninni ekki spurning um aðal- eða aukaatriði, það er bara eitt atriði. Og það er bara að vinna og vinna og skaffa nógu mikið. Ég heyrir þetta mikið á mínum vinnufélögum núna, ungu mönnum sem eru hjá okkur, af minni kynslóð. Að þeir hugsa, og ég, við hugsum allt öðru vísi heldur en eldri mennirnir. Við erum mjög ósáttir við okkar laun, sem eru afskaplega léleg, og þau eru þannig að við getum ekki lifað á þeim. Það þýðir það að við verðum að reyna að vinna eins og við getum á milli vaktu líka, ef það er mögulega hægt, því margir eru kannski í tveimur vinnum. Þetta segja gömlu mennirnir: „þetta hefur alltaf verið svona, strákar, svona er þetta“. Við viljum bara ekkert hafa þetta svona. Við viljum líka geta átt tíma, bæði fyrir okkur sjálfa og fjölskylduna. Það er þessi hugsunarháttur sem er að breytast, held ég. Ég held að menn bara sætti sig ekki lengur við að þurfa að vinna þetta mikið.

[19]

Í stuttu máli sýnist mér augljóst að stífar flokkanir á þessum atriðum eru mjög vandmeðfarnar og geta oft á tíðum frekar valdið ruglingi en skýrt eitthvað. Ef á hinn bóginn er fylgt hugsanaflæði þeirra sem við er rætt má oft greina hvað það er sem einna helst skiptir máli við skipulag og uppbyggingu tilverunnar. En það verður þá jafnframt að vera ljóst að sjaldnast er um að ræða einfalda óskastöðu annars aðilans í sambúð heldur niðurstöðu sem byggist á formlegum og óformlegum samningum aðila.

3.5 Skilgreiningar og völd

Astundum virðist svo sem karlar reki sig á „glerveggi“ á heimilum sínum svipað og talað hefur verið um að konur rekist á glerþak á vinnumarkaðnum. Konur komist á stig millistjórnunar en þar festist þær. Þegar komi að frekari ábyrgðar- og stjórnunarstöðum þá rekist þær á einhverja óáþreifanlega fyrirstöðu. Á sama hátt er í lagi að karlarnir fari í uppþvottinn, eldamennskuna og þrífín en það sem meiru skiptir, fötin og börnin, sé best að konan annist. Enn frekar á það við heildarfyrirsýnina, ábyrgðina og skilgreiningarnar.

Það er alveg ljóst á mínum viðtölum og birtist reyndar einnig í mörgum erlendum könnunum að hin endanlega ábyrgð á heimilinu er fyrst og fremst kvennanna. Það eru þær sem skilgreina hvað tilheyrir heimilishaldinu, hvað þurfi að gera og hvenær það skuli gert.

Sv.: Yfirleitt, eins og með taupvott og svoleiðis, ég þvæ aldrei fötin, ég kann ekki á þvottavélina. En stundum biður hún mig um að hengja upp og þá geri ég það. Uppvask sjáum við alveg um saman, göngum alltaf frá saman eftir mat. Ég hugsa að ég elda oft. Það má alveg örugglega segja það. Ekki það að hún sé neitt slæmur kokkur eða þannig. Þetta hefur einhvern veginn þróast þannig bara, maður kemur heim og svo er búið að ákveða hvað verður í matinn og þá byrja ég bara að elda, það er ekkert verið að spá í hvor eigi að fara að elda eða svoleiðis. Hún sér oftast um . . . hún þurrkar alltaf af, ég þurrka aldrei af. Stundum ryksugum við saman og skúrum. Hún skúrar alveg örugglega oft. Hún vill helst gera það annan hvern dag eða eitthvað svoleiðis, oftast en mér finnst þurfa.

²⁴ Viðtalsbækur Vilhjálms S. Vilhjálmssonar (1956, 1957, 1958) eru náma fróðleiks um viðhorf þess fólks, sem lifði kreppuna, til vinnu.

Sp.: Þannig að það sé kannski svona frekar hennar að ákveða hvað þurfi að gera og hvenær, og þú gengur þá bara í það með henni ef þannig stendur á?

Sv.: Já, hún gefur kallið.

[14]

Að dæma eftir þessum viðtölum eru þau verk sem karlar hafa aðallega tekið að sér eða ganga í ekki síður en konan, eldamenska, uppþvottur og þrif. Þeir fá á hinn bóginn ekki að ráða klæðnaði barnanna og þeir setja ekki í þvottavélina.

Um börnin og klæðnað þeirra verður nokkuð fjallað í næsta kafla en hér er rétt að víkja nokkrum orðum að þvottavélini. Það verður að segjast eins og er að framan af viðtölunum hélt ég að um tilviljun væri að ræða þegar hver karlinn á fætur öðrum tók það fram að hann sinni ekki því verki að þvo þvotta (15 sögðust ekki gera það, fimm ekki síður en konan og í fimm tilfellum kom málið ekki til umræðu eða viðkomandi var ekki í sambúð).²⁵ Því varð ég nokkuð ánægður þegar kom í viðtal maður sem sagðist vissulega þvo. Síðar í viðtalinu kom þó í ljós að þátttakan var nokkuð takmörkuð:

Sv.: Ég verð að viðurkenna það að ég sé ekki um að sortera þvottinn, það er visst í hitasorteringu.

Sp.: Nú, svolciðis. Þannig að þú getur gengið að því vísu?

Sv.: Gengið að því vísu.

Sp.: Það er einmitt það sem konurnar kvarti gjarnan undan að karlmenn átti sig ekki almennilega á hitastiginu og að þeir blandi ekki saman litum.

Sv.: Að vísu hef maður ákveðna tilfinningu fyrir því en það er meira hún sem sér um að sortera það en ég sé um að setja í þvottavélina og taka úr henni, síðan sér hún yfirleitt um að brjóta saman og strauja.

[4]

Spurningin varðandi þvottavélina er meðal annars hvort konurnar treysti ekki körlunum í það vegna þess að konunum sé annara um fataumhirðu en aðra þætti heimilisstarfa. Erfitt sé að skemma eitthvað í uppþvottinum og gerist það má það einu gilda. Verra er ef uppáhalds hvíta angórupeysan er sett á suðu með rauða íþróttagallanum. Með öðrum orðum þá sýnist mér sem lítil þátttaka karla í þvottinum stafi af því að þeim sé heldur bægt frá þeim þætti heimilisstarfanna. Meira að segja karlmaður sem var heima-vinnandi í tvö ár sagði um reynslu sína í viðtali í dagblaði: „... ég sá um heimilishaldið fyrir utan þvottinn en Margrét [eiginkonan] hefur enn ekki treyst mér fyrir honum.“²⁶

Nokkur svör úr mínum viðtölum:

Sv.: Já, hún sér um þvottinn og uppvaskið, algjörlega, það er alveg... ég má ekki koma við þvottavélinna, nema helst til að slökkva á henni.

Sp.: Nú, er það hún sem vill ekki hleypa þér í hana eða þú kannski sækir það ekki mjög fast?

Sv.: Ja, ég... ég ætla að vera voðalega hjálpsamur og setja í þvottavélina og svona en einhvern veginn þá klúðra ég þessu alltaf, það kemur alltaf eitthvað mislitt út. Þá sagði hún að það væri miklu ódýrara ef ég hætti því.

[16]

Sp.: Segðu mér í sambandi við heimilishaldið hjá þér, gengur þú í þvottavélina?

Sv.: Já, já. Reyndar vill konan helst ekki að ég komi nálægt þvottinum. Það eru viss atriði sem hún neitar alveg, ég má helst ekki fara í. Maður er full kærulaus kannski, að blanda saman svona hinu og þessu í þvottinn, þó ég viti að ég eigi ekki að gera það en maður svona veit að það sé í lagi. En konan mín er með lærdóm frá mömmu sinni sem er mjög strangari í þvotti. Hvítt skal vera hvítt.

²⁵ Reyndar hefði þessi staða með þvottavélina ekki átt að koma á óvart því í lífskjarakönnuninni 1988 kom fram að 72,8% karla sögðust aldrei sinna þvottum eða umhirðu fatnaðar (Stefán Ólafsson (1990), bls. 288).

²⁶ *Morgunblaðið* 19. maí 1995.

En jú, jú, ég geng alveg í hana, það er ekkert mál.

[17]

Sp.: . . . Kemurðu eitthvað nálægt þvottavélinni?

Sv.: Það kemur fyrir þó mér leiðist tækið alveg óskaplega en það kemur fyrir, já.

Sp.: Og þér er alveg treyst alveg fyrir henni?

Sv.: Það er varla. Það er ekki nema maður fái hjá henni, já alveg ordrur hvernig maður á að gera hlutina ef maður fer . . . eða á meðan maður setur í vél fyrir hana eða fyrir okkur.

Sv.: Ég held að það sé nú aðal grýlan sem konur sjá við að láta karlmenn þvo. Ég man alltaf eftir því þegar ég var að byrja á þessu á sínum tíma að hún brýndi alltaf fyrir mér að „ekki setja mislitt með hvítu.“ Það var alveg dauðasök. Maður hefur reynt að passa sig en kannski fyrir bragðið þá gerir hún meira af þessu heldur en ég.

Sp.: Heldurðu að þú hefðir glæpst til þess að setja mislitt með hvítu þegar . . . ?

Sv.: Nei, ég veit hvað getur gefið lit þannig að það er svona, fannst manni nokkuð rökrétt.

[11]

Niðurstaðan verður því sú að ástæða þess að karlar sinna lítt eða ekki þvotti er að konurnar vilja það ekki. Þær virðast koma til sambúðarinnar með það í farteskinu að karlar séu kærulausir varðandi þvott og eigi það til að skemma allt saman. Því sé best að hleypa þeim ekki í þann þátt heimilisstarfanna. Eða með öðrum orðum, konan axlar hér ábyrgðina og skilgreiningarvaldið. Og flestir karla sætta sig alveg við það og virðast raunar margir hafa gaman af þessari vantrú kvennanna á getu þeirra og kunnáttu.

Hjá sumum viðmælenda minna kom fram að þeim þykir konurnar á stundum svindla og misbeita skilgreiningarvaldinu. Það er að segja þeim finnst að þær bæti að óþörfu á verkin sem þurfi að vinna eða kalli inn á heimilin ný verk sem engin þörf sé á.

Sv.: . . . Henni finnst ofsalega gaman að skreyta heimilið, gera það fint, mér finnst stundum alveg nóg um, alls konar smáhlutir út um allt. Ég er að reyna að aftra því að það fjölgi sér allt of mikið alls konar figúrur og svona stytur og skraut og dót, blóm og . . . þurrkaðir blómvendir sem safna bara ryki og hrynja svo út um allt.

[10]

Þetta þykir ósanngjarnt. Ef annar aðilinn er mikil áhugamanneskja um blómarækt eða stytusöfnun þá er mjög eðlilegt að hinn aðilinn aðstoði á einhvern hátt. Slíkt gerist sjálfkrafa hjá langflestum. En að taka síðan blómadúllið og setja inn sem skilgreiningu á heimilisstörfum og telja sér til tekna að hafa sinnt því umfram hinn aðilann er varla sanngjarnt. Innan veggja heimilisins eru ákveðin verk sem alveg er ómótælanlegt að þarf að vinna. Það þarf að elda, þvo upp, þvo þvottinn og þrifa íbúðina. En það er alveg ómögulegt að halda því fram að blómaræktun sé frekar nauðsynlegur þáttur heimilishaldsins en að dútla sér við bílabraut. Þess vegna verður, ef menn vilja komast að sanngjarnri og eðlilegri niðurstöðu um verkaskiptingu kynjanna á heimilinu að komast að því hver skilgreinir heimilisstörfin og hvað felst í þeirri skilgreiningu.

Það má heldur ekki gleyma því að ekki aðeins karlarnir hafa mótast af kyngeroð samfélagsins og þeirri verkaskiptingu sem þar hefur ríkt. Konurnar hafa einnig alist upp í þessu samfélagi og bera þess merki. Og eins og karlarnir koma þær frá mismunandi heimilum, með mismunandi verkaskiptingu. Vafalaust hafa þær sumar horft upp á móður sína stjórna heimilisrekstrinum og segja til um verk og verkaskiptingu. Það er heldur ekki ólíklegt að sumar mæðurnar hafi haldið í að innan veggja heimilisins ráði þær. Flestir munu vilja að sín sjái einhvers staðar stað. Sé því ekki um að ræða störf utan heimilis er ekki óeðlilegt að konan vilji að heimilið sé þó hennar vettvangur. Því má alveg gæla við það að ungar konur sem fara í sambúð í dag komi með það veganesti að þeirra sé ábyrgðin (og völdin) innan veggja heimilisins. Þess sá mjög víða stað í viðtölunum að það eru að verulega miklu leyti konurnar sem leggja grunninn að verkaskiptingu á heimilinu.

Sv.: . . . Við höfum nú aldrei rætt þetta en hún er nú svona frekar íhaldssamari heldur en ég, ef eitthvað er, varðandi svona heimilisskiptingu og . . . hún er frekar alin upp við það. Hún á eldri foreldra en ég þar sem er miklu stífari verkaskipting. Þabbi hennar þrífur ekki, eldar ekki matinn. Hann vinnur en mamman er heimavinnandi. Hún á tvo bræður og eina systur og verkaskiptingin verid þannig að þeir gera minna en þær meira. Hún er dálítið lituð af því. Hún vill ekkert endilega að ég sé í eldhúsinu að elda matinn. En við þrífum náttúrulega jafnt bæði heima hjá okkur en hún vill helst ekki að ég sé að elda, henni finnst það frekar svona sitt mál.

Sp.: Ekki það bara að henni finnst þú vera lélegri kokkur heldur að þetta sé kvenna . . .?

Sv.: Já, henni finnst það nú svona frekar. Þegar við vorum að byrja að búa þá vorum við alveg jafnt á veg stödd í eldamenskunni, kunnum alveg jafn mikið, en svo náttúrulega erum við búin að búa í tvö ár eða rúmlega það, þá er hún náttúrulega orðin miklu færari heldur en ég í dag því hún hefur alltaf gert þetta miklu meira og þá er þetta eiginleg komið í vítahring. Þá vill hún ekki að ég sé í eldhúsinu í dag af því að hún kann þetta betur. Hún er svona fastheldnari á þetta.

[7]

Þessi valda- eða ábyrgðarstaða konunnar birtist einnig skýrt í því að það er hún sem mótar heimilið. Hún ákveður hvað er af myndum og stytum og hvar slíkt á að hanga og standa. Einn viðmælenda vék að þessu eftir að hafa sagt mér að kona hans væri fullfær um að sinna þáttum eins og að reka nagla í vegg, skrúfa og slíkt sem annars er hefðbundið karlasvið.

Sp.: Sem sagt, ef maður myndi leggja öll þessi verk saman og deila í með tveimur þá myndi þetta falla nokkuð jafnt hjá ykkur?

Sv.: Já, ég held það nú.

Sp.: Hún myndi segja það líka ef ég myndi spyrja hana?

Sv.: Já, ég hugsa það, því við þrífum nú alltaf saman og ef hún eldar þá vaska ég upp í 95% tilfella, geng frá í eldhúsinu þegar hún eldar. Og svona þvottinn gerum við saman, og hitt er nú bara svona tilfallandi. Negli upp nagla og hengi upp myndir, ég geri það ekki án hennar því það er hún sem ræður því hvar þær eru.

[7]

Og annar kvað sterkar að orði.

Sv.: Henni er meira umhugað um hvernig heimilið lítur út heldur en mér.

Sp.: Já, s.s. hvað varðar myndir á veggjum . . .?

Sv.: Hún segir mér hvaða myndir eigi að vera hvar, hvort þurfi aðrar myndir . . . mér er alveg sama.

[12]

En það eru ekki allir sáttir við þessa stöðu og á stundum skýtur upp kollinum tilhneiging eða vilji til að vera eitthvað meira en aðstoðarmaður. Vilji til að vera sjálfstæður gerandi á eigin heimili. Þeir eru ekki margir í hópnum sem mér finnst falla undir slíka skilgreiningu en þeir eru samt til. Einum viðmælenda minna varð tíðrætt um muninn á verkaskiptingu á sínu heimili og svo þess sem hann sæi hjá tengdafaforeldrum sínum:

Sp.: Hvað segir þú tengdamóðir þín við þessari verkaskiptingu hjá ykkur, finnst henni erfitt að kyngja þessu eða er hún glöð yfir því að þetta skuli hafa breyst?

Sv.: Já, hún minnst ekkert á það. Þetta er bara . . . já, ég hugsa það, hún sé mjög ánægð með það að þetta hefur breyst þó svo hún minnst kannski ekki á það. Henni þykir þetta bara eðlilegt, held ég. Alveg eins og henni þykir eðlilegt að hugsa um heimili sitt, þá þykir henni jafn eðlilegt að karlmenn eru komnir inn í dag. En hún mundi aldrei hleypa karlinum sínum inn í neitt. Hann hefur náttúrulega reynt það. Ég held að hann geti ekki soðið kartöflur, það má alveg bóka það. Og ég held líka að þó svo hann vildi það þá yrði honum ekki hleypt í það, það er bara ekki möguleiki.

Hins vegar er ég þannig að ef konan mín vill ekki þá fer ég bara í það. Skilurðu, eða þú veist, ég vil bara taka þátt í því. Ég læt hana ekkert komast upp með það eða þannig.

Sp.: Já, já.

Sv.: Ég vil vera alveg virkur, ég vil ekkert sýna neina karlrembutakta.

[17]

Og þeir skjóta líka upp kollinum sem líta á heimilið sem markmið:

Sv.: . . . Eiginlega með öll atriði í ákvarðanatöku þá er nú nokkurn veginn jafnræði þannig að ég leyfi henni ekki einu sinni að ákveða með gardínur þannig að ég hef skoðanir á því líka. Eins og t.d. þessar gardínur í eldhúsinu, þá vildi hún setja rúllu veltigardínur en ég var harðákveðinn í að hafa þetta svona eins í, borðkrókinn eins og í litlu kökhusi, sem hún er síðan mjög ánægð með að hafa gert það frekar heldur en að hafa stál, málm eða plast.

[13]

3.6 Fjármál heimilisins

Langflestir karlanna töldu að almenn fjármál heimilisins væru sameiginlegur vettvangur, fjórir töldu að konan hefði þetta aðallega á sinni könnu og einn (viðskiptafræðingur) sagðist sjá um þau mál. Undantekningarlaust höfðu þeir sömu sögu að segja varðandi ákvarðanir um meiriháttar fjárfestingar. Þarið settist niður og ræddi málið þar til niðurstaða væri fengin. Ef ætti að fá botn í hvernig slíkar samræður fara fram í þeim tilgangi að meta mismunandi bjargir aðila, mismunandi völd og áhrif, þyrfti fjölskyldurannsókn. Þar af leiðandi er ég hér ekki að halda því fram að algert jafnræði ríki með aðilum við samningaborðið. Það er hins vegar ljóst að viðhorfið er að þannig eigi þetta að vera og ekki varð séð að karlarnir ættu nokkuð erfitt með að sætta sig við það. Hins vegar nefndu nokkrir þeirra atriði sem vert væri að skoða nánar í tengslum við hvernig kyngeroð samfélagsins hefur mótandi áhrif á samskipti á heimilum:

Sv.: Konan mín sér um fjármálin og sér alveg um þau. Ef það er einhver meiriháttar fjárfesting þá náttúrulega tökum við sameiginlega ákvörðun. Setjumst bara á fund í eldhúsinu og ræðum það frekar. En það getur komið svona: „Takt þú ákvörðun, þú mátt ráða þessu“. Það getur svona verið ýtt að manni sko. „Taktu nú einu sinni“. Nei, við reynum eftir bestu getu að taka sameiginlegar ákvarðanir eins og núna, tvær fjárfestingar. Það var rætt sameiginlega. Við vöðum ekkert út í búð og kaupum eitthvað án þess að ræða það.

[20]

Í nokkrum tilfellum létu karlarnir þess getið að þó svo samræður færu fram um allar fjárfestingar þá ýttu konurnar á stundum á um að þeir tækju endanlega ákvörðun, tækju af skarið. Alls voru þeir sjö sem töldu svo vera en aðeins einn taldi sig frekar ýta á eftir. Ástæðulaust er að gera mikið úr þessu atriði á grundvelli þessarar athugunar en það gæti þó bent til þess að sumar konur komi til hjónabands með það í huga að karlinn sé sá aðili sem eigi að taka lokaákvörðunina þó svo bæði leggi sitt í umræðurnar. En einnig er vel hugsanlegt að hér sé um að ræða atriði sem sýni mismunandi afstöðu til valda og þeirrar byrðar sem það óneitanlega getur verið að hafa völdin, vera sá sem segir af eða á.

4. Feður

4.1 Karlar og börn

Fátt er jafn einkennandi fyrir kyngið samfélags okkar og staða kynjanna gagnvart börnum. Fyrstu ár barna eru þau að verulegu leyti í umsjá og umönnun kvenna eingöngu. Samkvæmt opinberri tölfræði eru það fyrst og fremst konur sem nýta fæðingarorlof á Íslandi. Í leikskólum landsins eru um 99% kennara konur. Er þá athugandi að árið 1994 voru 79% barna á aldrinum 3–5 ára á leikskólum. Og í grunnskólanum eru konur 79% kennara en karlar 21%.²⁷ Karlkennarar á grunnskólastigi munu fyrst og fremst kenna í efri bekkjunum.

Viða um lönd er staða þessara mála sárásvipuð og á Íslandi. Margir ráðamenn hafa haft af þessu nokkrar áhyggjur og gripið til aðgerða til að breyta stöðu mála. Öll Norðurlöndin, að Íslandi frátöldu, hafa gert eitthvað til að ýta undir að feður taki sem fyrst virkan þátt í uppeldi og umönnun barna sinna. Og í þessum löndum hefur einnig verið gripið til margs konar aðgerða til að fjölga körlum meðal kennara í leik- og grunnskólum.

Rökin fyrir slíku eru margvísleg. Ein snúast um að breyta kyngið samfélagsins en mikilvægur þáttur slíkrar breytingar er að fjölga þeim möguleikum sem körlum standa til boða, meðal annars að þeir taki virkari þátt í uppeldi og umönnun. Önnur snúast um að það sé mikilvægt að börnin sjái kynin vinna saman að velferð þeirra til að koma í veg fyrir að þau tileinki sér staðlaðar kynjaímyndir. Þannig aukist möguleikar þeirra til að njóta sín sem einstaklingar. Og í þriðja lagi hafa margir talið að það sé óheppilegt fyrir sjálfsmynd og þroska barna, og þá sérstaklega stráka, að hafa ekki nokkurn karl sem lifandi fyrirmynd. Hugsunin er sú að sjálfsmynd drengja mótist þá frekar sem andstaða við það sem þeir upplifa sem kvenlegt heldur en sem jákvæð karlmennska, t.a.m. hafa nokkrar tilraunir verið gerðar til að tengja ofbeldisglæpi og fjarveru karla úr umhverfi drengja.

4.2 Fæðingin

Fimmtán viðmælenda minna voru feður. Allir utan einn hafa verið viðstaddir fæðingar barna sinna²⁸ og hinir barnlausu segja að þeir vilji vera viðstaddir ef til þess kemur. Aðspurðir segjast allir telja að þetta sé hin almenna regla í dag og þeir séu álitnir eitthvað öðruvísi sem ekki vilji vera með. Og karlarnir fallast ekki á að þetta sé einvörðungu vegna þess að þeir láti undan þrýstingi mæðranna eða annarra í umhverfi sínu. Þeir líta svo á að þetta sé þeirra barn ekki síður en konunnar og þeir vilja vera með þegar það kemur í heiminn. Það breytir því ekki að jafnframt er ljóst að konurnar ætlast til þessarar þátttöku. Báðir foreldrar virðast ganga að því sem vísu frá upphafi að faðirinn verði viðstaddur fæðinguna.

Sp.: Varstu viðstaddur fæðinguna stelpunnar?

Sv.: Já, já.

Sp.: Heldurðu að menn geri það almennt, karlarnir?

Sv.: Já, já. Alla vega þeir sem ég þekki til. Það er ekki spursmál.

Sp.: Nei.

Sv.: Er ekki ætlast til þess? Konur ætlast mikið til þess, finnst mér, að við séum þar og mér finnst það

²⁷ Tölur fengnar úr *Tölfræðihandbók um menntun og menningu*, bls. 24, 32 og 42.

²⁸ Þessi eini bjó þá á Vestfjörðum og lenti í því að vera staddur í Reykjavík þegar dóttir hans fæddist, mánuði fyrir tímann. Ekki var flogið þann dag og því missti hann af öllu. En það hafði staðið til að vera viðstaddur.

alveg sjálfsgöð krafa, að við séum staddir þarna til þess að horfa upp á þjáningar þeirra. Að vísu þjáumst við svolítið líka með.

[20]

Sp.: . . . varstu viðstaddur fæðingarnar?

Sv.: Já, já.

Sp.: Gera menn það almennt núna?

Sv.: Ég held að það sé nánast undantekningalaust, já.

Sp.: Var það eitthvað sem þú varst alltaf ákveðinn í að gera eða vildi konan þín það eða. . . ?

Sv.: Ég náttúrulega var alltaf ákveðinn í því og það kom náttúrulega ekkert annað til greina frá hennar hendi en að ég myndi vera viðstaddur.

[21]

Þetta atriði kom ekki á óvart. Ljósmaður sem ég hef rætt óformlega við voru búnar að segja mér að svona væri staðan í dag. Undantekningarlítið væru feður viðstaddir fæðingu barna sinna. Í þessu birtist löngun karla til virkrar þátttöku í meðgöngunni og fæðingunni en víða hefur verið sýnt fram á að margir karlar finna fyrir líkamlegum og andlegum breytingum meðan kona þeirra gengur með. Jafnvel þannig að þeir finni fyrir hinni frægu morgunógleði. Og löngunin til fullrar þátttöku getur birst með öðrum hætti:

Sv.: . . . í sambandi við meðgönguna, það er oft talað um það hvað karlar hafi það gott þegar konan er ólétt, þá eru þeir alltaf með bílstjóra. Þeir geti fengið sér í glas og konan alltaf keyrt. Og út frá því hvað ég hef gaman af börnum og öllu því sem viðkemur börnum, þá held ég að ég hafi fengið mér þrisvar í glas á meðan konan var ólétt.

Sp.: Já, í 9 mánuði?

Sv.: Já. Hún var ólétt, gekk með okkar barn. Af hverju á að ganga eitthvað mismunandi þar yfir? Þetta er *okkar* barn, þetta var ekki hennar barn, þetta er okkar barn. Og þetta er bara svona mín persónulega skoðun að ef kona er ólétt. Mér finnst alveg ömurlegt að sjá það að ef konan er ólétt og karlinn alltaf sötrandi brennivín í tíma og ótíma. Eins og mér finnst nú gott að fá mér í glas, eitt eða tvö glös á kvöldin eða eitthvað svona. En það er eins og það deyi með. . . um leið og konan verður ófrísk.

[25]

Raunar er það svo að rannsóknir hafa bent til meiri þátttöku, eða óska um þátttöku í umönnun ungbarna, meðal íslenskra karla en kynbræðra þeirra á Norðurlöndum.²⁹ Þeim mun undarlega er að réttindi þeirra til slíks eru hin aumustu á Norðurlöndum.³⁰

4.3 Leyfi frá launavinnu

Annað atriði kom meira á óvart. Allir feðurnir utan einn hafa tekið sér eitthvert leyfi frá launaðri vinnu í tengslum við fæðingu barns.³¹ Þetta er allt önnur mynd en fæst með því að skoða eingöngu opinberar tölur. Árið 1993 fengu 17 feður greiðslur frá Tryggingastofnun vegna fæðinga, árið 1994 voru þeir 16 og 10 árið 1995. Sem hlutfall af greiðslum til mæðra er þetta um 0,3%.³²

²⁹ Brudal, Lisbeth F. (1981). Sbr. Sigrún Júlíusdóttir (1993), bls. 147-150.

³⁰ Þetta réttleysi íslenskra feðra og raunar foreldra almennt birtist t.d. skýrt í nýrri norrænni samanburðarathugun (Høgelund, Jan (1996)).

³¹ Greinar í blöðum og tímaritum skjóta stöðum undir þá skoðun að hér sé ekki um tilviljun að ræða, að ég hafi verið sérlega heppinn með viðmælendur. Sjá t.d. grein í tímaritinu *Uppeldi* þar sem faðir sem tók sér tveggja mánaða launalaust leyfi til að vera með ungu barni lýsir reynslu sinni (Guðmundur Oddsson 1996).

³² *Staðtölur almannatrygginga 1995*.

Verulega er misjafnt hversu langt leyfi karlarnir hafa tekið eða frá 2–3 dögum og að mánuði, tvær til þrjár vikur virðist algengast. Margir hafa notað sumarleyfi sitt á þennan hátt, en aðrir hafa tekið launa-
laust leyfi. Og það er athyglisvert að heyra rökstuðning karlanna.

Sp.: Hvað heldurðu að reki menn til þess að taka þetta frí við fæðinguna. Hvað fékk þig til að gera það, vildirðu bara vera heima með barninu eða fannst þér ekki veita af ?

Sv.: Já, mér fannst hvoru tveggja, það var náttúrulega verið að sjá hvernig reiddi af fyrstu vikurnar hjá þeim og eins náttúrulega að aðstoða þær, það var ekki síður. Að vísu var verðandi tengdamóðir mín heimavinnandi á sama stað og við bjuggum, þannig að við höfðum ágætis aðstoð þannig. En manni fannst maður eitthvað þurfa. . . að hafa löngun til að vera heima.

[4]

Sp.: Já, já, bara tekið þér frí?

Sv.: Já. Það var ágætt.

Sp.: Fannst ykkur það nauðsynlegt eða bara svona til að. . . ?

Sv.: Já, svona í og með. Það var náttúrulega strákurinn fyrir og það var náttúrulega erfiðara fyrir hana að vera eina heima. Líka var ekkert mál að fá frí heldur, ágætir yfirmenn, þannig að það var ekkert mál.

[6]

Sp.: Hvað kom yfir þig að vilja nota [sumarleyfið] í þetta?

Sv.: Ég vildi kynna barninu mínu og skoða barnið mitt. Og aðstoða konuna á meðan hún var svona aðeins að jafna sig eftir fæðinguna. Hún var nú svona frekar erfið.

[20]

Algengasta ástæðan fyrir leyfi frá vinnu eftir fæðingu er að körlunum finnst vera þörf fyrir þá heima, þeir hafi þar mikilvægu hlutverki að gegna meðan konan er að ná sér, fjölskyldan að finna lífinu nýjan takt og þeir að fullvissa sig um að allt sé nú í lagi. Þetta má líta á sem hluta hefðbundinna viðhorfa þar sem karlinn er verndari fjölskyldunnar. Á sömu nótum er það að viðhorf yfirmanna skipta miklu máli verðandi töku og lengd orlofsins. Hjá nokkrum voru það þeir sem beinlínis komu í veg fyrir að karlinn væri lengur heima. Þar er þá aftur komið hið hefðbundna hlutverk karlsins, sem þess aðila sem sér til að fjölskyldan hafi það sem hún þarf af efnislegum þáttum. Valið milli vinnunnar og fjölskyldunnar er þannig ekkert val því ef þeir bregðast skyldum sínum sem fyrirvinnur eru þeir að bregðast fjölskyldunni.

Nokkrir hafa þó ljóslega önnur viðhorf. Þeir hafa ekki bara skyldur sem efnislegar fyrirvinnur, þeir hafa líka tilfinningalegar skyldur gagnvart barninu, konunni og sjálfum sér. Þeim finnst nauðsynlegt að kynna barninu og veita barninu færi á að kynna þeim. Og sumir hafa gengið svo langt að hóta því að hætta vinnunni ef ekki er tekið tillit til þess að þeir séu nú orðnir feður og hafi skyldur á þeim vettvangi. En þeir eru sárafáir.

En af hverju birtast ekki í hinni almennu tölfærði þeir sem hafa tekið sér leyfi frá launavinnu, af hverju taka þeir ekki einhvern hluta hins almenna fæðingarorlofs? Með marga viðmælendur mína gildir að möguleikinn hefur í raun ekki hvarflað að þeim, þeir hafa talið að fæðingarorlof væri eingöngu fyrir konur. Aðrir benda á fjármálin, að fjárhagur heimilisins leyfi einfaldlega ekki slíkt. En það sem uppúr stendur er að karlarnir líta svo á að þessir sex mánuðir sem unnt er að vera í fæðingarorlofi á Íslandi í dag séu og eigi að vera kvennanna. Þeir segja stoltir frá því að það frí sem þeir tóku hafi í engu skert mánuði konunnar.

Sp.: Tókstu þér eitthvað frí í tengslum við þetta, eitthvað fæðingarorlof?

Sv.: Ég tók mér viku, já, var upp á spítala í einn dag og ég tók mér daginn sem hún kom heim og viku á eftir það. Ég var með henni heima fyrstu vikuna sem hún var að jafna sig. En ég tók það launa-

laust þannig að hennar fæðingarorlof skertist ekkert þó ég hefði eflaust átt rétt á hinu.

[11]

Sp.: Þannig að ef að fæðingarorlof væri með einhverjum þeim hætti að þú gætir tekið hluta án þess að verða fyrir einhverju verulegu tekjutapi, að þá hefðirðu getað hugsað þér það?

Sv.: Já, ef maður skerðir ekki fæðingarorlof konunnar þá gæti það vel komið til greina. Eins og staðan er í dag eða var alla vega, ég veit ekki hvort sé búið að breyta því, þá náttúrulega skerti maður fæðingarorlof maka ef maður tók fæðingarorlof.

[21]

Hér birtist enn hið hefðbundna verndunarhlutverk karla. Það hefur forgang að móðirin hafi þessa sex mánuði. Ef þátttaka karlsins í umönnun barnsins hefur í för með sér að hennar tími skerðist þá vikur hann frekar og snýr sér að launavinnunni. Hins vegar er það ekki þannig að fæðingarorlof samkvæmt íslenskum lögum sé alfarið bundið móðurinni. Eftir að hún hefur tekið fyrstu fjórar vikur fæðingarorlofs geta foreldrar skipt hinum fimm mánuðunum á milli sín. En það er háð vilja móðurinnar.

Ekki þarf að koma á óvart þó karlarnir telji mánuðina sex ekki til skiptanna. Erlendar athuganir sýna hið sama, karlar taka fyrst og fremst sinn hluta fæðingarorlofs eftir að barnið hefur náð sex mánaða aldri ef orlof er svo langt. Þeir telja fyrstu mánuðina vera mæðranna. Ein af ástæðunum er sú að flestar mæður kjósa að hafa börn sín á brjósti þann tíma og að nota hann til að ná sér.³³

Í sjálfu sér er ekki nauðsynlegt að móðirin sé stöðugt heima við þann tíma sem hún hefur barnið á brjósti. Í maí 1995 birtist viðtal við hjón í dagblaði þar sem karlinn hafði tekið allt fæðingarorlofið og verið heimavinnandi í tvö ár. Konan hafði barnið á brjósti og eiginmaðurinn ók barninu til hennar þegar kom að gjöf.³⁴ Einn viðmælenda minna, sem allnokkuð var heima með ungu barni sínu hafði önnur ráð.

Sv.: Þeim [atvinnurekendum hans] leist ekki of vel á það í byrjun, það var eiginlega sagt bara nei í byrjun. Ekki beint nei en þeir tóku frekar fálega í það, skulum við segja. Svo varð það úr að ég gerði samkomulag við þá að ég myndi deila sumarfríinu mínu í. . . að ég tæki bara 4 tíma á dag í sumarfrí. Þannig að í stað þess að vera 3 vikur í fríi þegar barnið fæðist, í sumarfrí, þá gat ég verið 6 eða 7 vikur í fríi hálfan daginn.

...

Sv.: Þegar þú segir að móðirin þarf að gefa, þá náttúrulega, eins og við höfðum það, hún bara mjólkadi sig og setti mjólkina í frysti. Svo þegar hún fór eitthvað eða þurfti að fara vegna vinnu, þá var ég bara heima með barnið og þurfti bara að afþíða mjólkina.

Sp.: Setur hana svo í pela og. . . ?

Sv.: Þetta var ekkert mál. Það eru allir að tala um það í kringum mann að þetta væri svo mikið mál að konan væri alltaf bundin heima en hún komst allt sem hún þurfti að gera.

Sp.: Já, já.

Sv.: Þannig að það er á stundum sem manni blöskrar þegar sumt kvenfólk er að segja hvað það sé svo bundið heima yfir þessu og komist aldrei frá af því karlinn geti aldrei séð um barnið, útaf þessu atriði kannski. Þá er það nú frekar, finnst mér, frekar tæpt.

[12]

Vissulega er þetta hægt. Átakaminnst og á flestan hátt þægilegast fyrir alla aðila mun þó vera að móðirin sé ekki í launavinnu meðan brjóstgjöf er hvað mest og er vandséð að það muni breytast að einhverju ráði. Að auki er meðganga og fæðing allnokkur líkamleg áreynsla og konur vilja gjarnan fá tíma til að jafna sig eftir slíkt. Síðast en ekki síst ber að sjálfsögðu að nefna að því fer víðsfjarri að allar konur séu tvístigandi af óþolinmæði eftir að komast aftur í vinnu. Vafalítið vilja langflestar þeirra eiga þessa mán-

³³ Carlsen, Søren (1995b).

³⁴ Morgunblaðið 19. maí 1995.

uði með barninu.³⁵ Ekki þar með sagt að þær væru ekki til í að vinna t.d. eitthvað á móti og flestir viðmælenda minna töku vel í þá hugmynd að skipta orlofinu með einhverjum þeim hætti að vinna hlutavinnu og vera heima á móti. Hér ber þó að geta þess að fæstir höfðu leitt hugann að þessum möguleika og því varlegt að lesa mikið úr svörunum. En menn höfðu að sjálfsgöðu eftir sem áður þann fyrirvara að atvinnurekandi samþykkti sem og að fjárhagur heimilisins leyfði slíkt.

- Sp.: En þið hafið alla vega valið að hafa þetta svona, þú ert að vinna fullan daginn og hún hálfan. Kemur það til greina að hafa það á hinn veginn?
- Sv.: Veistu það, æ, ég væri ósköp sáttur við það. Ég væri mjög sáttur við það að skipta. Það er bara að þetta snýst um peninga eins og við vorum að tala um áðan.
- Sp.: Já. Þú þénar betur heldur en hún gæti gert?
- Sv.: Sko, hún á náttúrulega ekki kost á fullu starfi þannig að. . . hún er bara í hálfu starfi. . . ég býst við að hún myndi þéna betur en ég ef hún væri í fullu starfi í þessu sem hún er í í dag. . . ja, fyrir dagvinnuna. Að vísu myndi ég hafa það af með mikilli aukavinnu. En það er svona að reyna að finna einhvern milliveg í þessu en ég væri ósköp til í það að þiggja hálf starf ef. . .
- Sp.: Ef kostur væri?
- Sv.: Já.
- Sp.: Heldurðu að konan þín væri til í það að skipta svoléiðis?
- Sv.: Ég hef nú ekki spurt hana að því. Jú, ég hugsa það að hún væri til í það. Ég held að það færi bara eftir hagsmunum heimilisins. Ég hugsa að hún væri alveg jafn til í það og ég. Ef það hentar okkur best að það sé þannig þá gerum við það. Við hugsum þetta þannig. Ef einhver verður að förna sér þá gerum við það.
- [20]

Ný viðhorfskönnun sýnir ótvírætt mikinn áhuga karla á möguleika til fæðingarorlofs. 87,5% aðspurðra karla sögðust myndu nýta sér þriggja mánaða fæðingarorlof að öllu leyti eða hluta, skerti það ekki leyfi móður. Í könnuninni kemur einnig fram að tekjuskerðing í orlofi skiptir miklu varðandi það hvort karlar vilja nýta sér möguleikann og að minnstur áhugi er meðal hinna tekjuhæstu og tekjulægstu.³⁶

4.4 Fæðingarorlof

Góð lög um töku fæðingarorlofs eru lykilatriði í því að tryggja jafnstöðu kynjanna. Nefna má þrjár ástæður en þær eru ekki aðgreindar heldur grípur hér hvað inn í annað og aðgreiningin er aðeins til glöggvunar:

4.4.1 Staða kynjanna á vinnumarkaðnum

Þegar fólk er ráðið til vinnu er að sjálfsgöðu hugað að ýmsum þáttum. Einn þeirra er hversu líklegt sé að viðkomandi aðili muni geta sinnt vinnu sinni af fullri getu. Þetta er ein ástæða þess að talið hefur verið áhættumeira að ráða konur en karla til starfa. Það hafa jú verið þær sem sinna börnum og heimili í mun ríkari mæli en karlar. Þær ganga að sjálfsgöðu með börnin, eru heima með þau fyrstu mánuðina og hafa verið mun líklegri til að vera heima með þau þegar um veikindi er að ræða. Afleiðingar þessara staðreynda hafa á stundum verið þær erlendis að konur hafa gengist undir ófrjösemissaðgerðir til að

³⁵ Ein af niðurstöðum tilraunar í Svíþjóð til að auka hlutdeild fedra í fæðingarorlofi var að trúlega þyrfti að beina upplýsingum mun meira til mæðrana þar sem svo virtist sem í ríkum mæli væru það þær sem í reynd réðu því hvernig fæðingarorlofi er skipt (*Slutrapport* . . . 1995)

³⁶ Sigursteinn Másson (1997).

auka möguleika sína á vinnumarkaði og einnig hafa konur verið látnar skrifa undir yfirlýsingu um að eignast ekki börn einhvern ákveðinn árafjölda.³⁷ Einn viðmælenda minna vissi dæmi þessa:

Sv.: Já, já. Ég veit um það að fólk hefur fengið. . . eða konur hafa verið ráðnar sem hefur verið gert grein fyrir því að það sé ekki ætlast til þess að þær eignist börn á þessu tímabili og ef þær koma til með að eignast börn þá koma þær til með að missa starfið um leið. Þetta er nú kannski svona á einkamarkaðnum.

[5]

Vandséð er hvernig unnt er að vinna gegn þessu nema með því að gera það álíka áhættusamt að ráða karl og konu. Það má m.a. gera með því að auka þátttöku karla í umönnun ungra barna og að því miða góðar reglur um fæðingarorlof. Þannig var ákvörðun sænska þingsins árið 1995 um að eynamerkja feðrum 30 daga fæðingarorlofsins m.a. tekin með það í huga að jafna möguleika kynja á vinnumarkaðnum.³⁸

Því er á stundum haldið fram að fyrirtæki séu ekki nægilega meðvituð um arðsemisþjónarmið þegar þau neita sér um að ráða konur í ríkari mæli. Þetta verður að teljast heldur hæpið sjónarmið. Hugmyndin er baki er að vísu góðra gjalda verð og rétt svo langt sem hún nær. Hún er sú að fyrirtækin nýti sér ekki, eða í mun minna mæli, þann auð sem felist í drjúgum helmingi mannkyns, konunum. En þó svo það sé tvímælaust rétt að þegar litið er á málið frá þjóðhagslegu sjónarmiði þá dragi það úr arðsemi að mismuna kynjum þá er ekki þar með sagt að málið horfi eins við hverju fyrirtæki.

Fá störf eru svo sérhæfð að ekki geti sinnt þeim nema einn einstaklingur. Hafi atvinnurekandi þannig um nokkrar hæfar manneskjur að velja þá koma til sjónarmið eins og það sem áður var rakið varðandi mætingu til vinnu. Og þá fá konur á barneignaraldri sjálfkrafa mínus. Þannig að þó það væri tvímælaust til bóta fyrir efnahag landsins í heild að mismunun kynja hætti þá horfir málið öðruvísi við innan hvers fyrirtækis. Í raun er þetta sama staðan og varðandi laun. Það kæmi fyrirtækjum almennt vel að laun væru há þannig að sem flestir gætu keypt sem mest af framleiddum afurðum. Hins vegar er það hverju og einu fyrirtæki mikilvægt að draga sem mest úr launakostnaði til að auka arðsemi sína. Það er þannig ekki sjálfgefið að það sem kemur kerfinu í heild vel komi sérhverju fyrirtæki einnig vel.

Margir þekkja einhver slík dæmi. Einn viðmælenda minna sagði frá reynslu vinkonu eiginkonu hans, sem sneri aftur til starfa eftir fæðingarorlof:

Sv.: . . .Hún var að sækja um að komast úr einhverju hlutverki sem hún var í og í annað hlutverk, sem hún var búin að læra alveg jafnmikið til og allir karlmennirnir, sömu menntun, sömu hæfileika og það allt saman. Það var sagt við hana: Nei, þú getur verið í [starf] því það er ekki hægt að stóla á þig í hitt. Hún sagði upp, hætti. Það náttúrulega urðu allir félmtrei slegnir yfir þessari framkomu stjórnanda en viðmótið er svona. Þú ert annars flokks ef þú ert kona.

[10]

„Þú ert annars flokks ef þú ert kona.“ Það er nauðsynlegt fyrir jafna stöðu og jafna möguleika kynjanna á vinnumarkaði að karlar taki þátt í uppeldi og umönnun barna sinna til jafns við konur strax á fyrstu mánuðum, það verður að vera álíka áhættusamt að ráða karl á barneignaraldri og konu. Það verður ekki meðan fæðingarorlof er aðeins sex mánuðir.

4.4.2 Staða kynjanna á heimilinu

Fram til þessa hafa allar hérlendar athuganir (og flestar erlendar) sýnt að konur vinna mun meira af störfum innan veggja heimilanna en karlar. Til eru þeir sem telja þetta konum áskapað. Aðrir eru þeirrar skoðunar að það gildi um heimilisstörf eins og flest önnur störf að það fari eftir aðstæðum, menntun og

³⁷ Sjá t.d. Ingólfur V. Gíslason (1996); *Tíminn* 21. júní 1996.

³⁸ *Hálftæn vore nog – om kvinnor och män på 90-talets arbetsmarknad*, bls. 154.

möguleikum hversu vel einstaklingum tekst að sinna þeim. Sé vilji til að breyta þeirri stöðu sem hingað til hefur ríkt er langlíklegast til árangurs að karlar læri heimilisstörfin með því að sinna þeim. Sjálfsgagt munu þeir gera eitthvað öðruvísi en konur þeirra hefðu gert en ólíklegt er að mikil vandræði muni skapast af þeirri ástæðu. Og fátt er líklegra til að fá fólk til að axla ábyrgð innan veggja heimilis en að fá þar að sinna ungu barni.

Nýlega voru birtar í Danmörku niðurstöður athugunar þar sem borin var saman staða þriggja til fimm ára barna sem bjuggu með föður sínum eftir skilnað eða fráfall og svo þeirra sem bjuggu með móður sinni. Ljóst er af þeim niðurstöðum að hvað nokkur atriði varðar virtist þeim börnum sem voru hjá föður sínum reida betur af en þeim sem voru hjá móður sinni.³⁹ Það væri hins vegar hrapalleg of-túlkun að líta svo á að það sé sjálfgefið að feður séu undir öllum kringumstæðum betri uppalandur en mæður. Það sem á hinn bóginn er ljóst af þessari rannsókn (og fleirum⁴⁰) er að almennt séð eru feður ekki síður hæfir til þess en mæður að sinna ungum börnum. Hæfileikinn til þess er ekki kynbundinn.

Þetta atriði undirstrikar mikilvægi þeirrar stefnu að „afkynja“ störf og starfsemi. Einn hluti þess felst í því sem kallað hefur verið „re-embodiment“ og inniber að karlar læri öðruvísi líkamsbeitingu. Óneitanlega er það svo að umönnun ungra barna kallar á allt aðra hæfileika og allt öðru vísi notkun á skrokkn-um en þau störf sem af hefð eru tengd karlmennsku. Í slíkri umönnun reynir á mýkt og næmni fyrir þörfum þess sem ekki getur tjáð sig í orðum. Það er vafalaust fátt líklegra til að auka fjölbreytni líkamsbeitingar karla en að auka möguleika þeirra til þátttöku í heimilisstörfum og þá sérstaklega uppeldi og umönnun ungra barna.⁴¹

Undantekningarlaust lýstu þeir karlar, sem höfðu verið heima í tengslum við fæðingu, reynslunni sem mjög jákvæðri og þeir voru á því að þetta hefði skipt miklu fyrir tengsl þeirra við barnið.

Sp.: . . . finnst þér að þessi mánuður sem þú tókst þarna, að þetta hafi skilað sér. Ertu nánari gagnvart barninu en annars hefði verið?

Sv.: Já, ég held það. Ég hel að það skipti máli að vera nálægt bara strax og hún kom út. Það skiptir verulegu máli að maður sé þarna á staðnum eins og þegar hún fæðist. Að telja fingurna og puttna og allt það. Og svo þessi mánuður eftir á. Jú, hann skiptir verulegu máli.

Sp.: Þannig að heldurðu að þú myndir gera þetta aftur ef þið eignuðust fleiri?

Sv.: Já, það er engin spurning. Ef ég ætti kost á því myndi ég vera lengur í fríi. Og helst á fæðingarorlofi sem mér finnst ég eigi rétt á, ekki síður en þessar konur. Það er engin spurning.

[20]

4.4.3 Viðhorf til kvenna

Einn þáttur þess að „eðlileg“ sjálfsmynd kynjanna verði til er að börn hafi „eðlileg“ eintök fyrir augunum. Drengir í leit að sjálfsmynd þurfa að geta séð að ímynd fjölmíðlanna af körlum og karlmennsku er ekki rétt.⁴² Til þess þurfa drengirnir að umgangast karla og þeir þurfa að sjá karla og konur vinna saman að verkefnum án þess að annar aðilinn setji sig á háan hest eða þurfi að drottna yfir hinum. Sama gildir reyndar um stúlkur.

Það er því verulegt áhyggjuefni hvernig kyngið samfélags okkar hefur haft í för með sér að körlum fækkar í nágrenni barna og að þeir karlar sem þó sjást eru sjaldnast að sinna því verkefni að gæta barnanna, styðja þau og styrkja. Það virðist eingöngu verkefni kvenna.

Íslensk lög og reglur um fæðingarorlof eru til þess fallin að halda feðrum frá ungum börnum, tölur um vinnutíma, auk almennra rannsókna, sýna að feður eru mjög mikið fjarri heimilum sínum, sárafair karlar eru á leikskólum landsins og hlutfall karla af grunnskólakennurum er um 20%. Mjög mörg börn eru því í þeirri stöðu að kynast ekki körlum og það sem ef til vill er verra, þau sjá kynin ekki vinna saman.

³⁹ Christoffersen, Mogen Nygaard (1996).

⁴⁰ Meðal niðurstæðna nýrrar sýnskrar rannsóknar var að „ . . . einstæðu feðurnir lifa ágætu lífi og börnunum sem búa hjá þeim líður einnig mjög vel.“ Sjá Jalmert & Olsson (1997), bls. 34.

⁴¹ Sjá t.d. Connell (1995), bls. 232-234 um afkynjun starfa og re-embodiment.

⁴² Mikinn fróðleik um karla, karlmennsku og fjölmíðla má fá hjá Steve Craig (ritstj.) (1992).

Leiddar hafa verið líkur að því að ein afleiðing þessa sé aukið ofbeldi. Röksemdafærslan er þá sú að drengir sem ekki hafi eðlilegan karl sem fyrirmynd taki sem góða og gilda vöru þá Rambóa sem fjölmiðlar og leikfangaframleiðendur ota að börnun og unglíngum.⁴³

Í skýrslu Fangelismálastofnunar fyrir árið 1995 eru tölur um þau ungmenni sem fengið hafa ákærufrestun og eru undir eftirliti Fangelismálastofnunar. Tæpur helmingur þeirra kemur frá rofnum fjölskyldum, sem í langflestum tilfellum þýðir að faðirinn er ekki á heimilinu.⁴⁴ Það er þó vafasamt að draga of víðtækar ályktanir af þessu. Rannsóknir sýna greinileg tengsl milli erfiðra samfélagslegra aðstæðna og afbrota, ekki síst ofbeldisbrota.⁴⁵ Það er því óljóst hvort föðurskortur sem slíkur er hér orsök eða hvort erfiðar fjárhagslegar aðstæður einstæðra foreldra eða átök og upplausn í fjölskyldunni, áður en kom til skilnaðar, búa að baki.

En það eru fleiri atriði sem tengjast þessum þætti samskipta kynjanna. Félagfræðingurinn Scott Coltrane hefur borið saman 90 óiðnvædd samfélög í þeim tilgangi að kanna áhrif þátttöku karla í umönnun barna á samfélagslega stöðu kvenna. Niðurstaða hans var að ljóslega væri því þannig varið að í samfélögum þar sem nán tengsl barna og karla væru fyrir hendi og þeir væru virkir í uppeldi þeirra og umönnun frá fæðingu, tækju konur mun frekar þátt í samfélagslegum ákvörðunum og væru mun frekar í samfélagslegum ábyrgðarstöðum.⁴⁶

Nú ber vissulega að gjalda varhug við að yfirfæra beint niðurstöður rannsókna á óiðnvæddum samfélögum á síðniðnvædd þjóðfélög. Slíkt liti með öllu fram hjá meðal annars afleiðingum iðnvæðingar. Ekki er sjálfgefið að kerfi barnaumönnunar sem hefur ákveðnar afleiðingar í samfélagi í Suðurhöfum hafi sömu afleiðingar á Íslandi.⁴⁷

Engu að síður er tiltölulega auðvelt að sjá rök fyrir því að slík tenging ætti einnig við í iðnvæddum og síðniðnvæddum löndum. Eitt er að samvinna kynjanna við barnaumönnun ætti að gera það að verkum að eðlilegt sé að sú samvinna haldi áfram á öðrum sviðum mannlegs lífs. Annað er að með þátttöku karla í uppeldi og heimilisstörfum fá konur aukinn tíma til þátttöku í samfélagslegri umræðu og ákvarðanatöku. Og þriðja atriðið er að með svo fjölbreyttum möguleikum beggja kynja eykst skilningur á ánægju þeirri og erfiðleikum sem fylgja störfum annars vegar á heimili og hins vegar á opinberum vettvangi.⁴⁸

4.4.4 Tillögur Karlanefndar

Hvað eru þá góðar reglur um fæðingarorlof, hvernig myndu slíkar reglur líta út?

Í upphafi verður að hafa í huga að það er ekki ýkja langt síðan farið var að ræða það í einhverri alvöru að karlar tækju fæðingarorlof⁴⁹ hvað þá að slíku hafi verið hrint í framkvæmd og því er komin ákaflega takmörkuð reynsla. Flestum rannsóknum virðist þó bera saman um að þrjú atriði þurfi að vera til staðar ef karlar eigi að nýta sér möguleika til töku fæðingarorlofs. Í fyrsta lagi að einhver hluti þess sé bundinn þeim og óyfirfæranlegur á móður. Í öðru lagi að fjárhagslegar bætur á tímabilinu séu tekjutengdar. Og í þriðja lagi að taka orlofsins sé sveigjanleg.⁵⁰

Þetta þýðir að sjálfsögðu ekki að þessar forsendur þurfi að vera til staðar um aldur og ævi eða henti öllum körlum undir öllum kringumstæðum. Ef til vill kemur að því að karlar séu ekki svo uppteknir af vinnu sinni að þeir geti vel hugsað sér að fara heim og rjúfa öll tengsl við vinnustaðinn. Það virðist hins vegar ekki vera staðan núna og vilji menn ná árangri varðandi þetta atriði þarf að taka tillit til þess.

Með þessi atriði í huga hefur Karlanefnd Jafnréttisráðs smíðað tillögur um málið og birt opinberlega.

⁴³ Sjá t.d. greinina „Fædur skipta sköpum“ í *Morgunblaðinu* 19. mars 1995.

⁴⁴ *Ársskýrsla Fangelismálastofnunar ríkisins 1995*, bls. 37.

⁴⁵ T.d. Kyvsgaard, Britta (1995); Stattin, Hákan (1995).

⁴⁶ Coltrane, Scott (1988).

⁴⁷ Conway-Long, Don (1994)

⁴⁸ Crompton & Harris (1997) gera nokkra grein fyrir mikilvægi þess fyrir stöðu og viðhorf kynja að aðgerðir ríkisvaldsins miðist við að umhyggja sé sameiginleg ábyrgð en ekki kvenleg skylda.

⁴⁹ Hér ber þó að minnst þess að á öðru þingi Rauðsokkahreyfingarinnar í október 1976 var sett fram krafa um sex mánaða fæðingarorlof fyrir alla. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1984), bls. 64.

⁵⁰ Carlsen, Søren (1995a); *Commission of the European Communities* (1995).

Tillagan er í fimm liðum:

1. Stefnit verði að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og verði fjórir mánuðir bundnir föður, fjórir móður en fjórum geti foreldrar skipt eftir hentugleikum.
2. Lágmarkskrafa er að fedur fái tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns.
3. Foreldrar hafi hvort um sig sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og greiðslna.
4. Áhersla verði á sveigjanleika í töku orlofs t.a.m. að dreifa megi því á tvö ár.
5. Tekjuskæring foreldra í fæðingarorlofi má ekki standa í vegi fyrir töku þess.⁵¹

Ekki hafa enn komið fram nein viðbrögð sem orð er á gerandi við þessum tillögum enda lítið um stefnumarkandi umræðu og ákvarðanir í íslensku samfélagi, sérstaklega þegar kemur að málum eins og jafnri stöðu kynja. En víða erlendis er umræðan líflegri og ákvarðanir teknar á grundvelli stefnumótunar. Árið 1993 gerðu Norðmenn róttækar breytingar á sínum lögum varðandi fæðingarorlof. Meðal annars var tekinn upp sérstakur fjögurra vikna feðrakvóti. Árið 1992 nýttu 2,3% norskra fedra sér möguleika til fæðingarorlofs, árið 1994 voru þeir orðnir 45%, árið 1995 um 70% og nú munu milli 80 og 90% norskra fedra taka hluta fæðingarorlofs. Það er með öðrum orðum eðlilegur hluti þess að verða faðir að taka sér leyfi frá launavinnu til að sinna barninu.

4.5 Tengslin við börnin

Hver er að öðru leyti staða fedra gagnvart börnum sínum? Ýmsar athuganir hafa bent til þess að íslenskir karlar hefðu hug á að geta frekar en hingað til sinnt börnum sínum og fjölskyldulífinu.

Sigrún Júlíusdóttir kannaði meðal annars í doktorsritgerð sinni frá 1993 viðhorf para til vinnu og fjölskyldulífs. 75% karlanna álitu sig ekki hafa nægilegan tíma með börnum sínum. Hins vegar töldu 60% kvennanna að þær hefðu nægan tíma með börnunum. Þetta er mjög marktækur munur.⁵²

Ekki þarf lengi að leita skýringa á þessum mun. Hann felst einfaldlega í mismikilli launavinnu. Meðaltals vinnuvika karlanna var 55,8 tímar en meðaltals vinnuvika kvennanna var 23,4 stundir. Aðeins 10% karlanna unnu eingöngu hinar lögbundnu 40 stundir og ríflega helmingur þeirra vann meira en 50 stundir á viku.⁵³

Í könnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Jafnréttisráð og birt var í febrúar 1995, *Launamyndun og kynbundinn launamunur*, var meðal annars fjallað um viðhorf svarenda til jafnréttismála og áhuga karla á aukinni þátttöku í uppeldi barna. Velflestir karla töldu almennan áhuga ríkja meðal karla á því að draga úr vinnu og sinna fjölskyldunni meira. Sérstaklega ætti þetta við um yngri karla. Svör kvennanna voru svipuð. Í viðtölum kom fram sú almenna skoðun að fjölskyldufólk vilji gjarnan fá meiri tíma til að vera saman.⁵⁴

Svipuð viðhorf komu einnig fram í viðtölum mínum, almenn ósk um að geta í ríkari mæli tekið þátt í fjölskyldulífinu. Megin hindrunin er að sjálfsögðu vinnan og launin. Margir sögðu frá tilraunum sem þeir og konur þeirra höfðu gert til að fá að minnka vinnu, breyta vinnutíma eða grípa til einhverra óhefðbundinna lausna til að geta verið meira með barninu. Undantekningarlítið gengu menn á vegg.

Sp.: En þetta hefur sem sagt orðið ykkar lausn að hún hafi farið í 75% vinnu og þannig getað . . . ?

Sv.: Nei, nei, sú lausn var ekki framkvæmanleg.

Sp.: Þeir vildu ekki leyfa neina . . . ?

Sv.: Enga tilslökun.

Sp.: 100% eða ekkert?

⁵¹ Þessar tillögur og rökstuðningur með þeim hafa birst á nokkrum stöðum, sjá t.d. Ingólfur V. Gíslason (1996) og Sigurður Svavarsson (1995).

⁵² Sigrún Júlíusdóttir 1993, bls. 168.

⁵³ Sigrún Júlíusdóttir 1993, bls. 155.

⁵⁴ *Launamyndun og kynbundinn launamunur*, bls. 88–89.

- Sv.: Nei, akkúrat. Þannig er þeirra stefna rekin og konurnar þarna innfrá virðast almennt séð vera með lægri laun en karlarnir. Það er alveg sama sagan hjá okkur líka.
- Sp.: Og það hefur ekki verið í stöðunni að þú gerðir þetta. Þú hefur kannski heldur ekki mátt það ef á hefði verið reynt?
- Sv.: Nei, ég fengi ekki að vinna 50%. Þetta var svoltíð hörð lexía því við vildum gjarnan geta verið meira með stelpunni, sérstaklega [konan]. Hún hefur ríkari þörf fyrir það, kannski á vissan hátt. Okkur fannst þetta andskoti hart. Þær vinkonurnar tvær á [fyrirtækið] voru með börn á svipuðum tíma, ör-stutt á milli þeirra, ræddu sín á milli hugmyndina um að vinna 75%–75% eða 150% samtals. Sú lausn var ekki til umræðu. Það var alveg sama hvaða tillögur voru bornar fram á borð. Því miður.
- [10]

Það kemur líka skýrt fram að oftast en ekki þykir mönnum þessi afstaða fyrst og fremst byggjast á ólíð-legheitum, það sé enginn vilji meðal stjórnenda til að taka tillit til þess að menn eigi sér fjölskyldur. Jafnvel þó bent sé á lausnir sem ættu ekki að skila fyrirtækinu minna þá sé það einfaldlega ekki til um-ræðu. Orðræða um fjölskylduvæna fyrirtækjastefnu virtist alveg hafa farið fram hjá stjórnendum þeirra fyrirtækja og stofnana sem viðmælendur mínir þekktu til.⁵⁵

Þrátt fyrir mikla vinnu sögðust viðmælendur mínir leggja sig fram um að vera með börnunum eftir bestu getu. Og það er athyglisvert að ekki verða séð nein sérstök tengsl milli þess sem þeir hafa sjálfir upplifað í æsku og svo eigin viðhorfa. Einu gildir hvort þeirra eigin faðir hefur verið nálægur eða ekki. Það bendir til þess að í æ ríkari mæli sé það þetta sem er viðmiðið í samfélaginu. Það sé á allan hátt eðli-legt að karlar taki virkan þátt í uppeldi og umönnun barna sinna.

- Sv.: Já, þannig að ef við komum aftur að uppeldi og slíkum þáttum, þá voru, má segja, í mínu uppeldi að þá var öll tilfinningavíddin, hún tengdist samskiptum við móður og. . . ég man nú ekki hvenær það var en ég steig nú einhvern tíma á stokk og hét því að ég skyldi nú verða tilfinningalega meira gefandi faðir heldur en pabbi hafði kannski verið í mínu tilfelli þó hann hafi, á engan hátt, verið vondur. Skilurðu, hann var á engan hátt slæmur en svona, að mörgu leyti, var ef eitthvað bjátaði á kannski óþarflega passívur og hlutlaus, svona jarðbundinn bóndi sem spáði meira í sprettu á tún-um heldur en hvaða áhyggjur og þælingur voru að hrærast með sonum hans. Þannig að ég held alla vega að í þessu samhengi þá séum við, ja, allt að því jafn tengd stráknum okkar þannig að ég held að ég hafi nú staðið við þetta heit að láta tilfinningadeildina ekkert vera neitt frekar samasem-merki . . . að tilfinningahliðin sé kvenhlutverk.
- [13]

Einn viðmælenda minna hafði upplifað það í æsku að faðir hans var oft að heiman í allnokkra daga vinnu sinnar vegna en lagði sig síðan fram um að bæta börnunum það þegar hann var heima. Hann var sjálfur áfram um að verða ekki lakari en faðir sinn:

- Sv.: Já, ég reyni að eyða eins miklum tíma með stráknum mínum eins og ég get. Að vísu vinn ég mikið í miðri viku. Þar af leiðandi, kannski, hef ég ekki mjög mikil samskipti við hann svona nema kannski rétt á matartíma þegar maður kemur heim. Konan mín vinnur þannig vinnu að hún er, ja, í svona 70% starfi, þannig að það er þarna vika – 10 dagar í mánuðinum sem hún er yfirleitt heima eftir hádegi með hann. Þá reyni ég að vera meira með honum um helgar. Þá er ég annað hvort að dútla í garðinum, eins og í sumar, eða úti í bílskúr eða eitthvað, þá er hann þar með mér. Eða ég fer út að hjóla með honum eða eitthvað, reyni að vera svoltíð með honum.
- [11]

⁵⁵ Viðhorf svipuð þessum meðal atvinnurekenda og stjórnenda má m.a. sjá í rannsókn Félagsvísindastofnunar, *Launamyndun og kynbundinn launamunur*, bls. 59 og 73-81.

Þetta er um margt athyglisvert því það staðfestir þá mynd sem birtist í erlendum rannsóknum þegar lit-
ið er á hegðun karla sem eitthvað hafa verið heima í fæðingarorlofi. Þeir halda áfram að gera svipaða
hluti og þeir hafa áður gert, munurinn er bara sá að nú hafa þeir barn með.⁵⁶ Þeir leiða þannig börnin
út fyrir veggji heimilisins og kynna þeim aðra þætti tilverunnar. Börnin kynnst þeim og þeir börnunum
meira í gegnum það sem gert er en það sem sagt er.

En þó svo karlar séu komnir heim er ekki þar með sagt að björninn sé unnin. Ljóst er að um margt er
móðirin hliðvörður á heimilum, úthlutar verkefnum og ræður því hvað er unnið, hvenær og hvernig.
Þetta á einnig við um börnin og aðstöðu karla gagnvart þeim.

Skýrast birtist þetta ef til vill í sambandi við fatnað en líkt og með þvottavélina er það að velja föt á
börnin ljóslega verkefni sem körlum er lítt eða ekki treyst fyrir.

Sv.: [konan] er stundum í dúkkuleik og hún lætur sig skipta hvernig barnið sitt lítur út miklu meira en
ég. Ég hef minni áhyggjur af því, af því ég var sjálfur í fötum sem komu héðan og þaðan, sem
krakki. Hún er alltaf svo sæt og vel klædd. [konan] ræður þessu algerlega. Stundum hef ég slyst
á að tína til í hana föt sem hafa fengið samþykki en oftar en ekki þá klúðra ég þessu. Kannski á
morgnana þá byrjar dagurinn þannig að ég hleyp fram og næ í bleyju. [konan] kemur fram, pissar,
kemur tilbaka, kannski stundum með bleyjuna. Ég fer að klæða mig, byrja að hita ofan í hana
grautinn. Þá er búið að klæða hana, [konan] sér um það yfirleitt. Svo fer ég að gefa henni, [kon-
an] fer að taka sig til. Svo er búið að gefa henni meðulin og það sem á að gera, ég klára að klæða
mig og svo við förum út. Ég fer með hana á [leikskólinn]. Hún stjórna því hvernig hún er tilhöfð
og sér alveg um þetta fataval og reyndar á mig líka. Hún kaupir meira og minna á mig föt.
[10]

Sv.: Ég ákveð ekki hvaða klæðnað þau eiga að fara í. Það sér móðirin alveg um. Hún kemur með þetta
bara fram og ef hún biður mig um að klæða þau í þá geri ég það bara. . .
[14]

Verulegur meirihluti karlanna hafði þessa sögu að segja. Svo virðist sem svipað gildi um þetta atriði og
heimilið í heild. Konunum er frekar en körlunum umhugað um að hlutirnir séu í stíl, fari vel saman, séu
huggulegir. Og hvort heldur það stafar af reynslu kvennanna eða fyrirfram gefnu álitu þá upplifa margir
karlar samlífið svo að þeim sé ekki treyst til að sjá svo um að flikur barnsins séu ekki aðeins skjólgóðar
heldur sé litasamsetningin einnig viðunandi. Þannig að konan tekur það einfaldlega að sér.

Það er jafnframt athyglisvert og varpar ljósi á samskipti kynjanna á þessum vettvangi að sumar er-
lendar rannsóknir benda til að aukin þátttaka karla á vettvangi heimilislífsins geti bæði leitt til aukinna
árekstra á heimilinu og til aukinnar sektarkenndar karla. Bæði er þá um að ræða deilur milli hjóna um
umönnun og uppeldi barns og sterka tilfinningu karlanna fyrir því að þurfa að bæta börnum upp fjar-
veru þeirra. Hvað hvort tveggja varðar eru skýr skil milli þeirra karla sem teljast fjölskyldusinnaðir og
hinna sem frekar miða tilveru sína við vinnuna.⁵⁷

Þetta undirstrikar enn frekar það sem áður hefur verið sagt um að heimilið er ljóslega valda-
og ábyrgðarsvið konunar, meðvitað eða ómeðvitað. Meðvitund um þá staðreynd er forsenda þess að valda-
og ábyrgðardreifing þar verði jafnari. Líklegast er að slík dreifing fái með því að karlar fái að gera hlut-
ina einir á heimilum sínum svo sem í tengslum við það að vera heima með ungum börnum.

Föðurhlutverkið er engin gefin stærð sögulega eða félagslega. Líkt og aðrar slíkar stöður er föður-
hlutverkið sífældum breytingum undirorpið, ólíkt frá einu sögulegu tímabili til annars, ólíkt eftir hóp-
um og menningarsvæðum. Það er því ekkert sem unnt er að „endurreisa.“ Hvað sem menn vilja að sé
eðli og inntak föðurhlutverksins þá er niðurstaðan alltaf félagsleg sköpun, öðruvísi en það sem var.

Mannkynið hefur upplifað mörg og mismunandi hlutverk feðra og mæðra og þarf mikinn vilja og

⁵⁶ Brandth, Berit og Elin Kvande (1995), bls. 89.

⁵⁷ Sjá t.d. Björnberg, Ulla (1994) bls. 62 og 63.

miklar einfaldanir til að reyna að koma þar að einhverju óumbreytanlegu.⁵⁸ Það verkefni sem í dag blasir við þeim sem í alvöru vilja breyta kyngerð vestrænna samfélaga með fjölgun á mögulegum hlutverkum kynja er meðal annars að þrýsta á um að skapaðar verði samfélagslegar forsendur sem gera feðrum kleift að taka aukinn þátt í uppeldi og umönnun barna. Það er lykilþáttur í að losna undan kyngerð sem hefur kúgun og mismunun sem leiðandi atriði.

⁵⁸ Nokkra umfjöllun og stutt yfirlit um þennan þátt má fá hjá Gillis, John R. (1995). Ýtarleg umfjöllun um föðurhlutverkið er hjá Burgess, Adrien (1997).

5. Fjölskyldugerð

Dagana 31. ágúst til 12. september 1995 kannaði Gallup viðhorf 1081 Íslendinga til ýmissa þátta jafnréttis- og fjölskyldumála.⁵⁹ Meðal annars var spurt: „Hvora eftirfarandi fjölskyldugerða telur þú heppilegri fyrir þjóðfélagið? Annars vegar fjölskyldugerð þar sem báðir foreldrar eru í launavinnu og báðir hugga um heimili og börn, hins vegar fjölskyldugerð þar sem annað foreldri er í launavinnu og hitt hugsar um heimili og börn?“

Niðurstaðan varð sú að 39,4% töldu heppilegast að aðilar skiptu launavinnu og umhyggju um heimili og börn en 56,7% töldu að heppilegra væri að annar aðillinn væri alfarið heima.


Síðan voru þeir sem völdu seinni möguleikann spurðir áfram: „Hvort foreldranna ætti fremur að sjá um heimilið og börnin – móðirin eða faðirinn?“ Niðurstaða þeirrar spurningar var að 57,7% voru þeirrar skoðunar að móðirin ætti fremur að sjá um heimilið og börnin, 1,2% að faðirinn ætti frekar að gera það en 41,3% töldu að ekki skipti máli hvort foreldra sæi um heimilið og börnin.

Ekki þarf að koma á óvart að nokkur munur var á svörum eftir kyni og aldri viðmælenda. Þannig voru 63% karla á því að heppilegra væri að aðeins annað foreldra ynni utan heimilis en 50% kvenna. Þegar hins vegar kom að seinni spurningunni var ekki marktækur munur á viðhorfum kynjanna.

Ef til vill er þó fróðlegri munurinn á svörum eftir aldri. Varðandi fyrri spurninguna skiptust viðhorf þannig eftir aldri.

Súluirit 5.1

Hvor eftirfarandi fjölskyldugerða telur þú heppilegri fyrir þjóðfélagið?




Og þegar kom að seinni spurningunni sáust skarpari aldursskil en yfirleitt sjást í viðhorfskönnunum.

⁵⁹ Jafnréttiskönnun Gallup.

Súluurit 5.2

Hvort foreldranna ætti fremur að sjá um heimilið og börnin – móðirin eða faðirinn?



Þessar niðurstöður vöktu nokkra athygli og í blöðum sáust fyrirsnagir á borð við „Mamma vertu heima!“⁶⁰ Önnur skýring virðist þó nærtækari en að hér sé um að ræða almennan vilja til að koma konum af vinnumarkaði og inn á heimilin. Sveiflurnar í viðhorfum til heppilegustu fjölskyldugerðar eftir aldri virðast best skýrðar annars vegar með stöðu barnafólks og hins vegar með viðhorfum sem séu að hverfa. Tveir aldurshópar eru helst á því að heppilegast sé að annað foreldra sé alfarið heima. Annars vegar eru það þeir sem eru á aldrinum 55–75 ára og skýrist það vafalaust best með því að reynsla þeirra sé fyrst og fremst af slíku heimilishaldi. Hins vegar er það hópurinn á aldrinum 25–34 ára. Fólki á þessum aldri er líklegast til að vera með ung börn á heimili og álagið verður þá oft verulegt. Enda kom það fram í lífskjarakönnun árið 1988 að heimilisstörf tóku lengstan tíma hjá því fólki sem var á aldursbilinu 25–44 ára.⁶¹ Það er því líklegt að þau viðhorf sem birtast í svörum við spurningum Gallup hvíli frekar á reynslu þessa fólks af þeim erfiðleikum sem eru því samfara að sameina fulla vinnu utan heimilis og uppeldi og umönnun ungra barna heldur en að hér sýni sig hugmyndafræðileg viðhorf um eðlilega stöðu kvenna og karla í tilverunni.

Þessi túlkun fær einnig stuðning af annarri viðhorfakönnun. Haustið 1994 kannaði Félagsvísindastofnun viðhorf fólks til stéttarfélaga og starfa þeirra. Eitt af því sem um var spurt var hvort fólki þætti mikilvægt að stéttarfélög ynnu að því að stytta vinnutímann. Mjög marktækur munur eftir aldri kom fram. Fólki á aldrinum 18–24 ára (fyrir barneign) og 45 ára og eldra (börnin farin að stálpast) fannst minnstu skipta að stéttarfélög sinnu þessu atriði. Þannig sögðu 38,8% þeirra sem voru á aldrinum 18–25 ára að það væri mikilvægt eða mjög mikilvægt að stéttarfélög vinni að því að stytta vinnutímann, 60,7% þeirra sem voru á aldursbilinu 25–44 ára voru þeirrar skoðunar, 48,7% 45–59 ára og 31,8% þeirra sem voru 60–75 ára.⁶²

Það er verulega athyglisverð niðurstaða í könnun Gallup að ríflega 55% þess fólks á aldrinum 18–44 ára sem telur heppilegast að annað foreldra sé heima, skuli ekki telja það skipta máli hvort þeirra sé þá heima. Að mínu viti styður það enn frekar þá túlkun að ekki sé um að ræða hugmyndafræðileg viðhorf

⁶⁰ *Dagur-Tíminn* 23. október 1996.

⁶¹ Stefán Ólafsson 1990, bls. 227–228.

⁶² *Launþegabreyfingin á Íslandi*, bls. 139.

um ákveðin hlutverk kynjanna heldur reynslu af erfiðleikum við að sameina atvinnuþátttöku og barnauppeldi.

Aðeins tæp 19% þeirra sem eru 45 ára og eldri líta svo á að ekki skipti máli hvort foreldra sé heima en ríflega 80% eru þeirrar skoðunar að móðirin ætti frekar að sjá um heimilið. Það eru líklega viðhorf byggð á því sem viðkomandi þekkja úr eigin æsku og eru hugmyndafræðileg. Sú skoðun styrkist af því að fjöldinn eykst eftir því aldurinn hækkar.

Þessi mál bar einnig á góma í viðtölum mínum ýmist óbeint eða þannig að ég lagði fyrir karlana sömu spurningar og Gallup hafði spurt. Niðurstaðan var ótvírætt sú að langflestir þeirra voru á því að heppilegra væri að aðeins annar aðilinn ynni utan heimilis en hins vegar væru ekki fjárhagslegar forsendur til þess. Ástæða þeirra fyrir þessari afstöðu var einfaldlega sú að þeir töldu að það væri best fyrir börnin að annað foreldra væri alltaf aðgengilegt.

Sv.: Ég myndi telja miklu heppilegra að það væri bara ein fyrirvinna fyrir hverju heimili. Mér finnst að það eigi bara að ganga upp. Í staðinn fyrir að senda krakka á stofnanir og dagmömmu, ja, hvað, fyrstu 5-6 árin í lífi þeirra, þangað til þau fara í skóla. Þetta eru allt einhverskonar stofnanir.

[15]

Flestir voru síðan á því að ekki skipti höfuðmáli hvort væri heima. Þó var augljóst að margir karlanna kvíðu því að þeir hefðu ekki eirð í sér til að vera stöðugt heima. Nokkrir létu þess getið að konur þeirra myndu vilja vera heima ef fjárhagurinn leyfði slíkt. Einn kvað raunar fastar að orði um verkaskiptingu:

Sv.: Ja, ég myndi segja það að maðurinn ætti að vinna úti og konan heima, ef það væri hægt, en það er bara ekki hægt í dag.

Sp.: En hinn möguleikinn, að maðurinn væri heima og konan ynni úti?

Sv.: Nei.

Sp.: Þú vilt það ekki?

Sv.: Nei. Mér finnst það ekki alveg eðlilegt.

Sp.: Nei. Treystirðu karlinum ekki fyrir heimilinu eða. . . ?

Sv.: Jú, jú, þetta er bara. . . mér finnst það ekki eiga við.

[18]

Þegar síðan var velt upp þeim möguleika að foreldrar skiptu þessu með sér þannig að hvort um sig væri í 50% launavinnu og síðan heima á móti þá leist öllum vel á það fyrirkomulag. Augljóst var þó að þeir litu almennt á slíkt sem hreina útópiu því staðan væri einfaldlega þannig að laun eins aðila (eða tvisvar sinnum hálf vinnu) dygðu ekki til framfærslu fjölskyldu. En jafnvel sá sem vitnað var til hér að ofan og ekki taldi eðlilegt að karlinn væri heima, reyndist til í svona skiptingu.

6. Tengslin út á við

Því hefur oft verið haldið fram að félagsleg tengsl karla séu mun minni en félagsleg tengsl kvenna.⁶³ Því sé „öryggisnet“ karla mun lakara en kvenna og þetta sýni sig sérstaklega ef að því kemur að fjölskyldutengsl rofna svo sem vegna andláts maka eða skilnaðar.⁶⁴

Tengsl karla við vini og ættingja eru það yfirgripsmikið atriði að þau þyrftu sjálfstæða rannsókn ef vel ætti að vera. Engu að síður var aðeins vikið að þessu máli í viðtölum mínum. Oftast gerðist það þannig að ég innti menn eftir því hvort þeir hefðu haldið sínum vinatengslum eftir að þeir tóku saman við konu sína. Jafnframt spurði ég þá yfirleitt hvort þeir teldu sig eiga einhvern trúnaðarvin. Einnig var vikið að tengslum þeirra við stórfjölskylduna, við föður sinn og að tómsundaiðkun þeirra. Stundum var nálgunin þó með öðrum hætti.

Meginniðurstaða mín er að fyrrnefndar hugmyndir hafi aðeins fengið takmarkaðan stuðning. Félagleg tengsl þeirra karla sem ég ræddi við voru meiri en ég átti von á en virtust þó ljóslega mun minni en kvennanna.

6.1 Æskuheimili, tengsl við föður

Allir viðmælendur mínir að einum undanskildum töldu það ekki nokkra spurningu að verkaskipting á þeirra heimili væri með allt öðrum brag en tíðkast hefði á þeirra æskuheimili. Þeir væru sjálfir miklu virkari í öllum störfum heimilisins en þeirra eigin fedur hefðu verið. Aðspurður hvort móðir hans hefði unnið eitthvað utan heimilis svaraði einn:

Sv.: Ekkert fyrr en bara við vorum orðnir nokkuð gamlir, við erum þrír bræður. Ég er í miðjunni. Ekki fyrr en bara svona hálfan daginn þegar yngri bróðir minn var orðinn 12 ára eða eitthvað svoleiðis og þá í eigin fyrirtæki, hálfan daginn. Annars var hún heima og eldaði heitan mat í hádeginu og á kvöldin. Hún sá alveg um heimilisverkin og pabbi kom heim í hádeginu. Fékk hádegismatinn og lagði sig svo í sófanum á meðan hún vaskaði upp. Það var lengi vel sem hún var ein með uppvaskið. Svo náttúrulega kom uppþvottavél, hún var ein að ganga frá þessu og svo alveg, svona seinni árin, þá fór pabbi meira að taka þátt í uppvaskinu með henni og. . . reyndar veiktist hún og þá fór hann náttúrulega sjálfkrafa að taka meiri þátt í þessu.

[14]

Og þetta er almenna lýsingin. Mæðurnar unnu ekki utan heimilis eða í mjög litlum mæli þó það hafi á stundum breyst þegar börnin voru orðin stálpuð. Fedurnir unnu hins vegar mikið og verkaskiptingin var mjög skýr. Af viðmælendum mínum sögðu 21 að móðir þeirra hefði svotil eingöngu séð um heimilishaldið, fjórir sögðu verkaskiptinguna hafa verið tiltölulega jafna. Þegar karlarnir á hinn bóginn fara sjálfir í sambúð eru hlutverkin breytt hvað það varðar að það þykir eðlilegt og sjálfsagt að konur stundi launavinnu utan heimilis. Og þá verður skipting heimilisstarfanna með öðrum hætti án þess að um það þurfi að taka meðvitaða ákvörðun. Aðspurður um hvort hann héldi að kona hans hefði komið í sambandið með þær væntingar að skipting heimilisstarfa yrði jöfn, svaraði einn:

Sv.: Sko, nú veit ég það ekki alveg, hvaða væntingar hún hafði. Jú, örugglega, af því að náttúrulega. . . hún er nú þannig að hún, vitanlega eins og allir, að það vill enginn láta níðast á sér, að þurfa að þræla á meðan aðrir slappa af. Ég hugsa að ungar konur, alla vega svona upp til hópa, gera þessar

⁶³ Sjá t.d. *Skýrsla nefndar félagsmálaráðuneytis*. . ., bls. 17.

⁶⁴ Sjá t.d. Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.) (1995), bls. 104-106; Bragi Skúlason (1995).

kröfur. Ég held að hún sé engin undantekning þar. Við svona ræddum þetta í rauninni aldrei. . . við settumst aldrei niður og sömdum einhverja verkaskiptingu. Þetta er bara hlutur sem hefur þróast. . . svona höfum við þetta í dag og erum tiltölulega sátt við það.

[19]

Um margt endurspeglast þessi verkaskipting á æskuheimilinu í tengslum karlanna við eigin föður. Átta þeirra sem ég ræddi við töldu sig hafa eða hafa haft mikil tengsl við föður sinn. Hinir töldu þau tengsl lítil eða ekki meira en þokkaleg. Hjá mörgum á þessi fjarlægð sér „eðlilega“ skýringu í mikilli vinnu föðursins. Einn sagði frá því að þau hefðu verið sex systkinin og mikið þurft að hafa fyrir hópnum:

Sv.: Já, [pabbi] vann alveg geysilega mikið, geysilega mikið . . . þannig að hann var ekkert voðalega mikið heima.

Sp.: . . . Finnst þér þú hafa misst af honum?

Sv.: Já, svolítið. Maður missti svolítið mikið af honum.

Sp.: Já.

Sv.: Það var ekki mikið sem hann tók þátt svona í með manni.

Sp.: Já, einmitt. Hvernig heldurðu að hann upplifi það núna, heldurðu að. . . ?

Sv.: Hann er látinn núna þannig að það er ekki . . .

Sp.: Getur lítið sagt til um það?

Sv.: Já.

Sp.: Fannst þér það einhvern tíma á honum að honum fyndist hann hafa. . . ?

Sv.: Já og nei. Hann var ekki mikið svona opinn. Hann var í hálfgerðri klemmu, karlgreyð því að hann varð náttúrulega að vinna alla þessa vinnu til að sjá fyrir þessu og síðan átti móðir mín við þennan sjúkdóm að stríða þannig að þetta var mikil barátta.

[20]

En þó svo að ekki væri um það að ræða að vinnan sem slík hindraði tengsl föður og sonar gátu aðrir þættir spilað inn í. Margir gátu þess að feður þeirra hefðu ekki verið mjög „opnir.“ Reyndar er það hluti af ímynd (íslenskrar) karlmennsku að bygja hluti inni í sér, láta á engu bera. Í ávisögu Snæbjarnar í Hergilsey segir frá því er hann fylgir fimmta barni sínu til grafar: „. . . mér fannst næri því að ég mundi klökkna við; en það varð þó ekki; ég held enginn hafi séð mér bregða, eða svo heyrði ég um tal- að síðar.“⁶⁵ Að ekki er um séríslenskt fyrirbæri að ræða má á hinn bóginn sjá á þeim fjölda bóka og greina sem fjalla um þetta atriði.⁶⁶

Einn af yngstu viðmælendum mínum taldi að faðir sinn hefði í raun ekki unnið verulega mikið en þó hefðu samskiptin ekki verið mikil:

Sv.: Nei, í rauninni ekki. Hann hefur verið voðalega mikið heima. En það eru ekki rosamikil samskipti núna eða hafa verið síðan maður bjó þarna. Ekki mikil samskipti þar á milli. Ég flutti að heiman þegar ég var 19 ára. Svona, jú, maður kemur þarna öðru hvoru, segir svona hæ og bæ, voða lítið meira. Eins og virðist vera oft með þessa feður, allir mínir kunningjar og vinir, þetta eru voða takmörkuð samskipti. Ég held að það sé bara svona gegnumgangandi í meirihluta tilfella sem feður og synir. . . ég. . . eins og. . . maður man oftast eftir þessum körlum þegar þeir eru heima, þá snarhalda þeir kjafti í sófanum og horfa á imbann og lítið öðru vísi samskipti.

[23]

Almennt séð var það þó álitnið að hin mikla vinna og fjarvera frá heimilinu væri höfuðástæða þess að samskipti hefðu ekki orðið nán. Á stundum kom þetta í ljós þegar breytingar urðu á hógum fjölskyldunnar. Einn viðmælenda flutti ásamt stórrí fjölskyldu sinni í sveit þegar hann var ellefu ára:

⁶⁵ Snæbjörn Kristjánsson (1958), bls. 220.

⁶⁶ Sjá til dæmis Naifeh, Steven og Gregory White-Smith (1992).

Sv.: Ég kynntist þabba þegar við fluttum í sveitina.

Sp.: Já, já, hann hefur bara verið að strita allan sólarhringinn annars?

Sv.: Já, já. Og ég sé það líka svolítið mikið á því. . . við höfum oft rætt þetta ég og pabbi saman, að hann sá það bara ekki fyrr en þá hvað hann hafði farið á mis við. Enda sko. . . ég er næstyngstur í röðinni af systkinunum og öll eldri systkinin, þau taka eftir því hvað það eru miklu, miklu sterkari tengsl á milli mín og þabba t.d. heldur en þeirra. Miklu sterkari. Við erum svona kannski meira eins og vinir heldur en bara feðgar. Hvorugur okkar gerir eitt eða neitt einhverja svona. . . framkvæmir eitt eða neitt eða gerir einhverja stærri hluti, öðruvísi en að við séum búnir að tala saman. Velta þessu yfir á hinn og hvað honum finnst og hvernig honum lítist á og hvort að það séu einhverjir hnökrar á þessu og annað slíkt. Sem betur fer.

[25]

Í þessari tilvitnun birtist í hnotskurn það sem fram kemur í flestum viðtölunum. Mikil vinna feðranna kemur í veg fyrir nán tengsl og þegar það uppgötvast fylgir því eftirsjá og söknuður. En jafnframt fá menn ekki séð hvernig þetta gæti hafa verið öðruvísi. Skylda karlsins var fyrst og fremst að sjá um efnislegar þarfir fjölskyldunnar, það hvíldi á árangri hans í vinnunni hvernig hann stóð sig sem karlmaður.

Þetta er ekki neitt séríslenskt fyrirbæri. Margar erlendar rannsóknir á feðrum birta þessa sömu mynd sorgar og eftirsjár. Feðrunum þykir sem þeir hafi misst af einum mikilvægasta þætti lífsins og börnin trega það að hafa ekki kynnst föður sínum og finnst sambandið ekki nægilega náði. Margir feður reyna að bæta þetta upp með sambandinu við barnabörnin og kom það víða fram í viðtölunum að þeirri aðferð væri beitt.

Eins og áður sagði töldu átta viðmælenda minna að þeir hefðu haft mikil tengsl við föður sinn í æsku. Í langflestum tilfella var þá um það að ræða að feðurnir voru mikið með viðkomandi, eða börnin almennt, þegar þeir voru lausir úr vinnu. Þá var farið eitthvert og gert eitthvað en hin daglegu störf voru eftir sem áður móðurinnar. Hún sá um að hvunnudagurinn gengi snurdulítið en faðirinn kom og lék við börnin þegar unnt var. Hennar var daglega amstrið, hans leikirnir.⁶⁷

Sp.: Þannig að ykkar samskipti hafa kannski ekki verið mikil svona í. . . ?

Sv.: Bæði og sko. Þau hafa alltaf verið góð sko, og ég myndi segja að við værum bara hreinlega vinir, miklir vinir en svona hann. . . , uppleidið mæddi meira á mömmu en hann sinnti okkur mikið eftir hann kom heim. Á meðan við vorum minni sinnti hann okkur mjög mikið samt, svona hugsa ég, miðað við mann í hans stöðu og miðað við hvað hann vann mikið. Maður man eftir mjög góðum helgum og svona. Fór mikið með okkur í sund, kannski á völinn eða eitthvað svona, sko, að hann var með okkur. Svo svæfði hann okkur gjarnan á kvöldin. Hann uppgötvaði t.d. Asterix bækurnar, bara mjög snemma, og hann var að þýða þetta fyrir okkur. Við eigum eiginlega allar bækurnar á frönsku og hann þýddi þetta gjarnan fyrir okkur og svæfði okkur þannig. Ef það var ekki þannig þá spilaði hann á gítar og söng. Þannig að systir mín t.d. lærði, hún söng áður en hún byrjaði að tala. Þannig að fyrstu orðin hjá henni komu í söng. Þannig að það voru svona ýmis samskipti. . . Svo man maður líka eftir fyrstu árum sjónvarpsins. Þá voru það mjög skemmtilegar stundir. Og ég man að ef það var eitthvað sem maður var hræddur við spurði maður á svona penan hátt hvort maður mætti sitja hjá þabba og þá var það mjög auðsótt. Þannig að það var svona. . . , ég myndi segja að það væri mjög gott samband á milli okkar og það hefur alveg haldist.

[1]

Sú mynd sem karlarnir gefa af þessum þætti lífs síns er yfirleitt jákvæð. Þeir eiga hlýjar minningar um föður sinn en þeim fylgir jafnframt verulegur söknuður vegna lítilla samskipta og takmarkaðra tilfinningatengsla.

⁶⁷ Um þennan þátt í samskiptum kynjanna er m.a. fjallað í Hochschild, Arlie (1995).

6.2 Gamli hópurinn

Þegar fólk ruglar saman reytum kemur það gjarnan að því máli hvort með sinn vina- og kunningja-hópinn. Nokkur mælikvarði á tengsl manna útavið er hvort þeir halda þessum tengslum þrátt fyrir sambandið eða hvort annar aðilinn smám saman missir af sínum gamla hópi.

Drjúgur helmingur þeirra viðmælenda minna sem voru í sambúð taldi sig halda tengslum við gamla hópinn. Allir nema tveir töldu að konan héldi sínum gömlu tengslum og reyndar virtust menn líta svo á að það væri þeim mun eðlilegra.

Sv.: Hún náttúrulega. . . hún á. . . eða s.s. hennar vinahópur er búinn að vera miklu lengur saman heldur en vinir mínir. Vegna þess að ég. . . eða þó ég sé ekki að tala um að skipta um vinahóp, þá er ég miklu örari í því heldur en hún. Þú veist hvernig stelpur eru þegar þær eignast vinkonur og þær fylgjast saman miklu lengur heldur en strákar. Eitt af hinu góða hjá þeim.

[12]

Raunar virðist svo sem um skipulegra kerfi sé að ræða hjá konunum. Mjög margar eru með gömlum vinkonum í „saumaklúbb“ sem hittist reglulega til að spjalla og hlæja auk þess sem við og við er gert eitthvað meira, svo sem farið í leikhús eða eitthvað slíkt. Hjá körlunum virðist meira um að þeir hringi hver í annan og komi sér saman um að fara á völlinn eða á kráarölt. Þeirra tengsl eru frekar tengd því að gera eitthvað saman, hittast til aðgerða frekar en að hittast einfaldlega til að vera saman. Málið hjá körlunum er hvað er gert frekar en með hverjum, þó svo það sé ákveðinn hópur sem úr er að móða. Hjá konunum er frekar um það að ræða að þær hittast reglulega vegna þess að félagsskapurinn sem slíkur sé mikilvægur. Það er síðan frekara krydd að gera eitthvað annað en „sauma.“

Sv.: Já, hún heldur sambandi við sína vini ennþá og ég við mína. Að vísu held ég að sé bara að það liggja í hlutarins eðli að kvenfólk hefur meiri. . . eða er að mörgu leyti sterkari svona þannig lagað. Hún á allavega fleiri vinkonur sem hún heldur sambandi við. Ég á aftur á móti færri vini sem ég hef sinnt. Kannski er það út af því að hún hefur haft meiri tíma fyrir sína vini heldur en ég fyrir mína útaf vinnu t.d. hjá mér, ég hef unnið frekar mikið. Ég held að það sé dálítill munur á tengslum hjá kvenfólki og karlmönnum hvað þetta varðar.

Sp.: Hittast þær þá eitthvað eða eru þær í símasambandi?

Sv.: Þær hittast mjög oft. Þær eru 4–5 vinkonur sem hittast svona vikulega.

Sp.: Gera þær eitthvað saman eða er þetta saumaklúbbur?

Sv.: Þetta er saumaklúbbur og síðan hittast þær heima hjá hvorri annarri og spjalla saman, fara í búðir og . . .

Sp.: Þær fara ekki saman í leikhús?

Sv.: Þá fara makar með. Þá sláum við okkur saman. . . þannig að ég held að það sé sérstaklega þegar konurnar vinna ekki eins mikið úti er meiri samgangur á milli þeirra og spjalla saman í síma.

Sp.: En þú ert ekki í neinum svona hóp sem hittist reglulega?

Sv.: Ekki reglulega. Ég á mína vini og kunningja í fótbolta og við hittumst náttúrulega mörgum sinnum í leikfimi og svo mínir æskuvinir en við hittumst ekki oft, einu sinni í mánuði eða eitthvað svona. Það eru svona öðruvísi tengsl þar.

[4]

6.3 Trúnaðarvinur

Hluti af ímyndinni um karla er að þeir tali lítið um það sem mestu skipti, þeir eigi sér ekki trúnaðarvin, einhvern sem unnt er segja frá öllu. Raunar hefur það áður komið fram í íslenskrri könnun að mun færri karlar en konur telja sig eiga náinn trúnaðarvin utan fjölskyldunnar. Árið 1988 töldu 74% íslenskra kvenna sig eiga slíkan vin eða vinkonu en 56% karla.⁶⁸

Nokkuð önnur mynd kom fram í viðtölunum. Aðeins tveir viðmælenda minna töldu sig ekki eiga neinn trúnaðarvin. Þeir sem voru í sambúð töldu allir að konur þeirra ættu sér slíkan trúnaðarvin. Samkvæmt því er í raun ekki verulegur munur á kynjunum hvað þetta varðar. Ef til vill er það svo að kynslóðabreyting sé að eiga sér stað enda sýndi það sig í þeirri rannsókn sem áður var vitnað til að mun algengara var að yngra fólk ætti trúnaðarvin en þeir sem eldri voru.⁶⁹ Hugmyndir um slíka kynslóðabreytingu koma einnig fram síðar í þessu riti þegar vikið er að karlmennsku en nokkrir þeirra viðmælenda minna sem stunda störf sem hafa á sér verulegan „karlmenskubla“ töldu áberandi mun á viðhorfum sínum og hinna eldri hvað það varðar að tala um þá þætti starfsins sem eru andlega erfiðir.

Einnig er hugsanlegt að frekar sé um að ræða breytingar samfara lengd sambandsins. Vináttubönd þarf að rækta eigi að viðhalda þeim og ef karlasambönd eru almennt eins og kom fram í kafla 6.2. að karlar hittist fyrst og fremst til að gera eitthvað þá má reikna með að dragi úr slíku þegar lífsbaráttan er hvað hörðust, fólk að koma sér upp þaki yfir höfuðið og eignast börn. Erfitt getur reynst að endurvekja trúnaðarsamband eftir áralangt hlé.

Það kom þó víða fram að ákveðnir þættir tilverunnar eru ekki ræddir utan heimilis þó svo menn telji sig eiga góða trúnaðarvini. Og margir hölluðust að því að hvað þetta varðar væri munur á kynjunum. Konur gætu tekið upp mun fleiri atriði við sínar vinkonur heldur en karlar gerðu:

Sp.: . . . Finnst þér þú eiga einhvern trúnaðarvin, einhvern sem þú getur í raun og veru rætt um hvað sem er við?

Sv.: Já, já, það er bæði gamli vinur minn og bróðir minn, það er ekkert mál. Já, ég ræði kannski ekki hvað sem er við hann. Ég meina, allt sem ég ræði við konu mína, það ræði ég ekki við neinn annan. Eða við getum talað svoleiðis saman að maður þarf ekki að ræða neitt við aðra. Við getum leyst alveg öll mál út frá. . . okkar sko, þurfum ekkert að tala við neinn annan.

Sp.: Heldurðu að hún geti talað um, eða vilji tala meira við sína vini og. . .?

Sv.: Já, ég hugsa að. . . hún talar alltaf kannski. . . það er svona eins og gengur og gerist, held ég, að strákar náttúrulega tala miklu minna persónulegt við vini sína en þegar er komið svona að persónulegu hliðinni en ég hugsa að hún geri meira af því, getur kannski getur gert meira af því við vinkonurnar sínar. Kannski ekkert um okkur tvö, en meira kannski um hvað er að gerast hjá sér.

Sp.: Já, ég hugsa að það sé. . .

Sv.: Það sé, já, já, það er, held ég. . . þær virðast vera miklu opnari saman, held ég, svona í persónulegum. . . strákar eiga erfðara með að ræða alvarlega saman, það virðist vera enn þann dag í dag að karlmenn ræða ekki mjög alvarlega saman.

[17]

Sérstaklega var áberandi að kvæntir karlar ræða ekki um „allt“ við aðila utan heimilisins. Þættir sem tengjast samlífi hjóna eru að þeirra mati ekkert sem á að fara annað, það er alfarið málefni hjónanna. Og á stundum kom fram að þeim fannst konurnar ekki alltaf fylgja slíkum óskráðum reglum, þær gætu átt það til að ræða við aðra um mál sem körlunum fyndist vera einkamál:

Sv.: . . . Kannski er konan mín að tala við einhvern um mál sem mér finnst persónuleg og privat. Það fyndist mér óþægilegt. Eða kannski vinkona hennar komin inn á heimilið, hún veit kannski um allt

⁶⁸ Stefán Ólafsson (1990), bls. 299.

⁶⁹ Stefán Ólafsson (1990), bls. 313.

saman. Það er náttúrulega ekkert. . . þetta er bara mál sem á að vera innan veggja heimilisins. Og svo þegar maður fer að impra á því þá. . . „Hún er vinkona mín, hún segir mér allt og ég segi henni allt.“ Þegar maður segir henni að maður segi ekki *allt*. . . „Jú, hún segir mér allt.“ Þá segi ég: „Hvernig veistu hvort hún segi allt saman?“ „Ja, hún segir allt saman, þá hlýt ég að segja henni allt.“ Þá þýðir ekkert að ræða það meir, maður verður að sætta sig við það þó það sé ekki auðvelt. [12]

Túlka má þetta atriði á tvo vegu. Annars vegar sýnir það sig víða að karlar hafa mjög skýrt það viðhorf að heimilið eigi að vera gríðastaður. Þar eigi amstri hversdagsins að vera lokið og þeir einstaklingar sem mynda fjölskylduna að vera öruggir fyrir utanaðkomandi átroðslu. Og eitt hlutverka karlsins sé að tryggja að heimilið haldi þessari stöðu, honum beri að vernda hreiðrið. Undan þessari stöðu er grafið ef rætt er um verulega persónuleg málefni við aðila utan fjölskyldunnar, þá er heimilinu á vissan hátt ógnað.

Hinn túlkunarmöguleikinn er að í þessu sé falinn ákveðinn ótti karlsins um stöðu sína sem karlmaður. Hann óttist að í samræðum um „allt“ verði karlmennska hans á einhvern hátt dregin í efa. Konan sé í raun að kvarta, hvort heldur það snúi að því að karlinn standi sig ekki sem fyrirvinna eða að honum sé í einhverju áfátt sem bólfélagi. Fátt er líklegt til að vekja óróleika með körlum en grunur um að efast sé um kynferðislega getu þeirra og hæfni.⁷⁰ Sérstaklega á þetta auðvitað við ef þá grunar að slík gagnrýni komi frá þeim sem gerst má vita.

Þessi fyrirvarar breyta því þó ekki að ég held að ungir karlar í dag séu mun opnari og mun líklegri til að eiga sér trúnaðarvin en talið hefur verið gilda almennt um karla.

6.4 Tómstundir

Ein leið til mats á tengslum utan fjölskyldunnar eru tómstundir. Að vísu ber að leggja hæfilega mikið uppúr því, þar sem misjafnt er hversu mikil tengsl skapast við tómstundaiðkun. Menn geta til að mynda verið að skokka einir og sér í tómstundum. Engu að síður var stuttlega að þessum þætti vikið í samtölunum til að öðlast fyllri mynd af lífsmynstrinu. Jafnframt var þá vikið að því hvort kona viðkomandi ætti sér eitthvert tómstundagaman.

Af þeim 21 karli sem var í sambúð töldu tveir þriðju að þeir ættu sér eitthvert það tómstundagaman sem leiddi þá út af heimilinu. Skiptingin var jafnari varðandi konur þeirra. Tíu sögðu konuna eiga sér eitthvert tómstundagaman en 11 héldu að engu slíku væri til að dreifa.

Ekki varð séð að breytingar varðandi aldur eða fjölskyldustærð hefðu áhrif varðandi þennan þátt enda úrtakið ekki það stórt að boðið sé upp á slíka skoðun. Frekar virtist hér um að ræða peningatriði og hversu „heimakært“ fólk er. Sérstaklega vísuðu karlarnir til þess sem skýringu á því hvers vegna konur þeirra iðkuðu lítið frístundalíf utan veggja heimilisins. En algengast var að fjárhagurinn væri talinn hindrun. Þannig sagði einn félagi í Dagsbrún eftir að hafa spjallað um þátttöku sína í heimilisstörfum:

Sp.: . . . Hvernig kemur þetta þá út gagnvart tómstundum hjá ykkur? Gerir þú eitthvað utan heimilisins?

Sv.: Nei, ósköp lítið. Alltof lítið.

Sp.: En konan?

Sv.: Nei, nei, hún gerir ekkert nema þessa saumaklúbba á veturna.

Sp.: Hún hefur það þó.

Sv.: Já. Maður fer aldrei neitt þannig. Það er helst eitthvað yfir sumarið þegar maður er að fara í einhverja helgarútilegu. Það er svona það eina. Maður hefur svo sem gott af því að gera meira, ég segi það ekki.

⁷⁰ Í *Karlafraðaranum* er á léttan og fræðandi hátt fjallað um karlmenn undir beltisstað og stöðugar áhyggjur þeirra af þeim þætti tilverunnar (Purvis 1995).

- Sp.: Já, já. Þetta mundi kannski vera eitthvað snúið að finna almennilegan tíma til þess þegar menn vinna 10 tíma og svo er það fjölskyldan.
- Sv.: Það er alveg rétt. Svo er maður alltaf að hugsa um peninginn núna, það kostar allt sitt. Það er ekki mikill afgangur eftir hjá mönnum.
- [6]

6.5 Stórfjölskyldan

Stórfjölskyldan og tengslin við hana eru ljóslega ábyrgðarsvið kvennanna í sambúð. Það eru þær sem muna eftir afmælum, hringja í ættingja og sjá um að skrifað sé á jólakortin. Á heildina litið skiptir í tvö horn með hvernig að þessu er staðið. Annars vegar eru það þær fjölskyldur þar sem konan hefur alfarið axlað ábyrgðina og gerir þessa hluti. Og síðan eru þær þar sem karlinn vissulega sér um „sitt fólk“ en að frumkvæði og fyrir þrýsting konunnar.

- Sv.: Hún er miklu sterkari á því sviði en ég að muna eftir afmælum og gera eitthvað svona skemmtilegt fyrir þá sem eiga afmæli og hún er sleipari á því svellinu en ég.
- Sp.: Hún sér frekar um þau samskipti . . . ?
- Sv.: Já, eða svona, við kannski sjáum um það í sameiningu en það er yfirleitt alltaf af hennar frumkvæði.
- [3]

- Sv.: Jólakortin eru nú yfirleitt hennar.
- Sp.: Og þá bæði til hennar fjölskyldu og þinnar?
- Sv.: Já, já, það er bara allur þakinn eins og hann leggur sig. Ég held ég geti ekki sagt meira um það.
- Sp.: Nei. Manst þú eftir afmælum innan þinnar fjölskyldu?
- Sv.: Já, yfirleitt geri ég það.
- Sp.: Og hringir þá eða á einhvern annan hátt?
- Sv.: Já, já. Hún passar vel upp á þetta líka. . .
- [15]

Ög að sögn karlanna er ein ástæðan fyrir því að þetta lendir á konunni sú að hún hafi gaman af því. Það birtist því hér aftur svipað atriði og komið hefur fram nokkrum sinnum, þ.e.a.s. að konurnar líta mun frekar á fjölskylduna sem sjálfstætt verkefni og markmið. Þær leggja sig fram um að gefa fjölskyldusamskiptunum sjálfstætt inntak og rækta garðinn meðan körlunum er heimilið frekar lokaður griðarstaður þar sem fólk heldur saman af því að það er fjölskylda frekar en að það sé eitthvað sem sérstaklega þurfi að vinna að. Oft og tíðum virðist svo sem í þeirra augum séu samskiptin við stórfjölskylduna varðandi jól og slíkt, eitthvað sem á að gera, skylduverk, frekar en eitthvað sem hefur sjálfstætt gildi, eitthvað sem gaman er að gera.

- Sp.: En með fjölskyldur ykkar beggja þegar kemur að því að hafa samskipti við stórfjölskylduna, hringja á afmælisdögum og senda og skrifa á jólakort og þetta. Sjáið þið, hvort um sig, um sína fjölskyldu eða gerið þið þetta allt saman eða sér hún um þetta eða þú?
- Sv.: Hún sér nú að mestu leyti um það. Ég er alveg hræðilegur með að muna einhverja daga og það hefur alveg dæmst á hana, bæði afmælisdagana og kringum jólakortin og þetta. En að hringja, við gerum það svona jöfnum höndum, þá ég í mína fjölskyldu og hún í sína.
- Sp.: En jólakortin eru. . . ?
- Sv.: Ja, það er hennar deild. Hún á það til að fönndra mikið fyrir jólin og býr yfirleitt til sín jólakort sjálf og ég er ekkert að angra hana með því að vera að trufla hana í því. Leyfi henni bara að hafa það í friði.
- [11]

Sv.: Sko, þegar komið er að afmælum þá man ég ekki eftir neinum afmælum nema hjá konunni, krökkunum, tengdapabba og mömmu. Og jú, tengdamömmu, hún á afmæli 14. [mánuður], dóttirin 15. Ég er ennþá hlæjandi að því, af því þær eru nöfnur í ofanálag. Ég get nefnilega ekkert gert tengdó til geðs. Þannig að þetta eru svona einu afmælis dagar sem ég man. T.d. systur minnar, ég man aldrei hvort það er 21. janúar eða 29. janúar en ég man það að hundurinn sem ég átti, átti afmæli 21. janúar. Þetta er svona þannig að konan verður að sjá um þessa hlið og. . . Að senda jólakort, hún hefur rosalega gaman af því að skrifa þau. Og hún hefur alltaf tekið einhverja mynd af börnunum og látið búa til jólakort og fjölfalda myndina, setur þannig í kort. Þetta hefur henni þótt rosalega gaman og ég myndi ekki vilja hafa þetta af henni. Á meðan hún vill sjá um þetta og ég hef náttúrulega. . . eins og seinustu jól þá bauðst ég til að skrifa á nokkur kort og það var bara hvort ég væri eitthvað vitlaus. Ég mátti skrifa á umslögin, það var í góðu lagi.

[16]

7. Jöfn staða kynjanna

Vart þarf að koma á óvart eftir það sem á undan hefur farið að viðmælendur mínir allir telja jafnrétti kynja sjálfsagt mál og að jafnréttisbarátta undanfarinna áratuga hafi átt fullan rétt á sér. Ef menn vilja vera neikvæðir má segja að vart sé á öðru von í rannsókn sem þessari. Karlarnir fá jú bréf frá Karlaneind *Jafnréttisráðs* og langflestir þeirra komu á Skrifstofu *Jafnréttismála* til að ræða við mig. Vart hefðu þeir farið að segjast algerlega á móti þessu öllu saman og konurnar ættu bara að snauta heim og eftirláta körlum stjórn málin og atvinnulífið. Þetta er vissulega þáttur sem ber að hafa í huga og fullgild aðferðafræðileg gagnrýni. Tvennt gerir þó að verkum að ég tel enga ástæðu til að ætla að karlarnir hafi talað sér þvert um geð eða að ég hafi hitt á mjög óvenjulega karla.

Annað er það að þessi viðhorf til jafnréttismála koma einnig fram í öðrum könnunum sem unnar hafa verið á annan hátt og með annað í huga. Í könnun Gallup í ágúst 1995 sýndi sig þannig að ekki var munur á viðhorfum kynja til þess að konur ættu að hafa sömu atvinnutækifæri og karlar. Alls töldu 97,9% að þannig ætti það að vera. Í könnun Félagsvísindstofnunar sem framkvæmd var í október 1994 kom fram að 85,4% karla voru sammála því að stjórnvöld ættu að vinna betur að því að konur hefðu sömu möguleika og karlar í samfélaginu, 79,9% töldu konur hafa of lág laun í samanburði við karla og 95,1% töldu mjög eða frekar mikilvægt að stéttarfélög ynnu að því að jafna tekjur kynjanna.⁷¹

Hitt atriðið sem gerir að verkum að ég held að körlunum sé full alvara með þessu jafnréttistali, er að þeir hafa eftir sem áður allir gagnrýni fram að færa. Þeir taka ekki þegjandi undir hvað sem er og þeir hafa skoðanir. Gagnrýnin skiptist gróft séð í tvo flokka.

Annars vegar á það sem kallað hefur verið jákvæð mismunun ekki upp á pallborðið. Rökstuðningur var þá yfirleitt annars vegar að konum væri ekki greiði gerður með því að svo væri litið á að þær fengju starf í krafti kyns en ekki hæfileika og síðan að ekki mætti brjóta rétt eins til að leiðrétta almennt óréttlæti.

Sv.: . . . en náttúrulega getur gengið of langt í þessu eins og vill alltaf verða í allri baráttu. T.d. þetta með, ég veit ekki hvað ég á að kalla það, jákvæða mismunun, mér finnst það t.d. ekki réttlætlanlegt þó maður skilji sjónarmiðið í sjálfu sér. Ég hef það á tilfinningunni að allavega í sumum tilfellum sé verið að brjóta rétt eins aðila til þess að jafna rétt annars.

[3]

Að vísu er spurning hvort alltaf er verið að tala um sama hlut. Nokkrir viðmælenda minna voru ljóslega á því að svo væri komið að konur hefðu sjálfkrafa forgang til vinnu.

Sv.: Sko, kvenréttindabarátta, hún er alveg sjálfsögð, en þessi forréttindabarátta sem hefur mikið verið í dag, hún er alveg út í hött.

Sp.: Bíddu, þá ertu með í huga. . . ?

Sv.: Ja, ýmislegt bara. Kona eða karl með sambærilega menntun, af hverju á hún að fá starfið frekar heldur en karlinn?

[21]

Hér á landi, hafa tilraunir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði fyrst og fremst falist í því að nota tækifærið þegar velja þarf milli einstaklinga sem fullhæfir eru til að gegna starfinu. Eitthvað verður jú úr að skera og þá er spurt hvort ekki sé rétt að nýta færið til að auka jafnstöðu kynja frekar en að frændsemi eða tengsl við stjórn málaflökka ráði hinu endanlega vali.

Þannig segir í jafnréttislögum: „Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu

⁷¹ *Launþegahreyfingin á Íslandi*, bls. 130, 135 og 136.

kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.⁷²

Hitt atriðið sem viðmælendur mínir setja fyrir sig varðandi jafnréttismál er það sem kalla mátti fýla og neikvæðni.

Sv.: Já, kvenfólkið sjálft hefur kannski ekki farið alveg rétt í þetta, finnst mér. Þær hafa náttúrulega áorkað miklu og þær hafa þurft að hafa fyrir því að vinna þessa hluti sjálfar en ég held að þær hefðu getað náð meiri árangri ef þær hefðu ekki festst svona mikið á þessu nöldurplani. Að vera alltaf að benda á það hvað kerfið og karlmaðurinn sé óréttlátur. Ég held að árangurinn hefði orðið miklu meiri ef þær hefðu unnið meira á því að benda á sína eigin kosti, draga fram það jákvæða sem þær hafa upp á að bjóða og þannig komið sér að, með því að sýna fram á hæfileika, hvernig þær geta nýst kerfinu í staðinn fyrir að vera alltaf með þetta nöldur, skilurðu? Því þær eru nú, á margan hátt, allt öðruvísi starfskraftur heldur en karlmaðurinn og á ákveðnum sviðum miklu betri starfskraftur. Þessar jákvæðu hliðar hefðu þær mátt nýta sér miklu betur og svo er náttúrulega ákveðinn fortíðarvandi að plaga þær því þær hafa svo lítið sjálfstraust. Þær þora ekki að þrátta um eitthvað því þær eru svo hræddar um að gera einhverja vitleysu. Þær þurfa í rauninni að kljást miklu meira við sjálfar sig heldur en þær hafa gert í dag, finnst mér. Ekki. . . auðvitað eiga þær að gagnrýna þjóðfélagið en ekki alveg festast í því svona mikið.

[9]

Í jafnréttiskönnun Gallup í ágúst 1995 var m.a. eftirfarandi spurning lögð fyrir: „Telur þú, almennt séð, að þjóðfélagið á Íslandi komi jafnt fram við konur og karla, að þjóðfélagið hyggi konum fram yfir karla eða það hyggi körlum fram yfir konur.“

Niðurstaðan varð sú að 78,8% töldu að körlum væri hyglað fram yfir konur, 17% töldu jafnt komið fram við kynin en 4,1% voru þeirrar skoðunar að þjóðfélagið hyggi konum fram yfir karla. Marktækur munur var á viðhorfum kynjanna þannig að konur voru líklegri til að telja þjóðfélagið hygla körlum en þó töldu 73,4% karlanna að þjóðfélagið hyggi körlum fram yfir konur.⁷³ Það er þannig ljóst að fyrir hendi er almenn meðvitund um þá mismunun sem kyngerð samfélagsins hefur í för með sér. Það er því ekki að undra þó einir sjö viðmælenda minna hafi nefnt að eigin frumkvæði dæmi mismununar sem þeir hefðu orðið varir við.

Þannig sagði einn þar sem konan var heimavinnandi sökum þess að þau voru barnmörg og það gekk ekki fjárhagslega að hún færi út á vinnumarkaðinn:

Sv.: . . . Því nú er það þannig, við rákum okkur á það þegar við vorum að vinna áður fyrr, áður en við vorum komin með svona marga krakka, að það var alveg sama hvað hún vann, ég var alltaf hærri í launum. Þá er ég ekki að tala um að það munaði 10 þúsund kalli, það munaði 30–40 þúsund kalli yfir mánuðinn. Ég held að þetta sé hlutur sem bara breytist aldrei.

[16]

Annar, sem er viðskiptafræðingur að mennt, hafði orðið var við annars konar mismunun:

Sv.: . . . Hins vegar er ég sammála því að konurnar eiga erfiðara með að komast áfram á vinnumarkaði og svona. Ég veit af fólki sem maður þekkir og sem útskrifaðist á sama ári og maður sjálfur. Svo veit maður náttúrulega hvað stelpurnar segja, þær eru ekki allar jafn skemmtilegar þær sögur, menn nánast bara hrista hausinn þegar þær eru að sækja um vinnu. Já maður hefur heyrt það.

Sp.: Já, er það?

⁷² Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991, 5. gr.

⁷³ Það er jafnframt áthyglisvert að marktækur munur var á svörum fólks eftir fjölskyldutekjum. Þar sem tekjur voru undir 100.000 krónum á mánuði var enginn þeirrar skoðunar að þjóðfélagið hyggi konum. Hins vegar voru 10,2% þeirra sem höfðu fjölskyldutekjur yfir 300.000 þeirrar skoðunar og þar töldu aðeins 66,7% að þjóðfélagið hyggi körlum fram yfir konur.

- Sv.: Já, maður hefur heyrt það t.d. í viðskiptafræðinni. Að kvenfólk sem er viðskiptafræðingar eigi bara að vera ritarar og annað slíkt. Þannig að maður veit af því að þær eiga við talsverða fordóma að stríða.
- Sp.: Hafa þær þá eitthvað, það þú hafir heyrt, verið spurðar um hvort þær hefðu hugsað sér að eignast barn? Telja þær að það hafi haft eitthvað að segja?
- Sv.: Ég hef ekki heyrt talað um að þær væru beinlínis spurðar nákvæmlega um það en þeir eru augljóslega að fiska eftir því hvort þær séu á leið í barneignir eða ekki. En maður hefur svona heyrt talað um svona víða að barn sé nú vonlaust fyrir þær, þær verði bara að leita sér að einhverri svona almenntri stöðu. En ég hef ekki heyrt þetta um börnin eða ekki beint. Maður gerir náttúrulega ráð fyrir því að það spili inn börnin, hvort sem þær eru spurðar eða ekki.
- [3]

Í stuttu máli er því óhætt að segja að fyrir hendi er almenn meðvitund um það meðal karla að kyngerdó samfélagsins sé með þeim hætti að hún mismuni kynjum, hygli körlum á kostnað kvenna. Þeir eru jafnframt þeirrar skoðunar að það beri að vinna gegn þessari mismunun en eru jafnframt gagnrýnir á þær aðferðir sem þeim finnast rangar. Trúlega mætti túlka þetta á þann veg að hér sé um að ræða afstöðu sem litið er á sem „meginreglu“, þ.e. að almennt séð sé viðurkennd sem réttmæt sú krafa kvenna að þeim beri jöfn staða og jafnir möguleikar á við karla en jafnframt sé um að ræða andstöðu við beinar aðgerðir til leiðréttingar sem og gagnrýni á forréttindi karla. Og raunar er það svo að margir karlar segjast ekki líta á þá þætti tilverunnar sem nein forréttindi, frekar sem skyldur.

8. Karlmennska?

Til skilnings á því hvað í raun liggi í kyngerð samfélagsins er mikilvægt að vita hvaða þætti fólk almennt tengir við kynin. Það getur gefið góða mynd af því hvernig kyngerðin birtist í uppeldi og í fjölmiðlum.

Í jafnréttiskönnun Gallup voru lesin upp nokkur einkenni sem stundum eru sögð dæmigerð fyrir karla eða konur og fólk beðið að nefna hvoru kyni einkennið hæfði frekar eða hvort það væri jafnt. Einkennin voru: Mjög mikil ákveðni, tilfinningasemi, málgefni, greind, hugrekki, þolinmæði, skapandi, metnaðargirni, rólyndi, umhyggjusemi.

Meginniðurstaðan var sú að af þessum 10 einkennum voru 7 þar sem um eða yfir helmingur aðspurðra taldi einkennið hæfa kynjunum jafnt. Þau þrjú sem skáru sig úr voru tilfinningasemi, þolinmæði og umhyggjusemi. Og það er athyglisvert að þessi þættir voru allir taldir hæfa konum frekar en körlum. Það styrkir enn frekar það sem áður hefur verið haldið fram hér að breyting á hlutverkum kynjanna hafi fyrst og fremst falist í fjölgun á möguleikum kvenna en karlar hafi setið eftir með tiltölulega þröngt svið. En það er jafnframt athyglisvert og sýnir þá möguleika sem eru fyrir hendi hérlendis að þegar borin eru saman meðalhutföll þeirra sem telja einkennin eiga jafnt við bæði kynin hjá 10 þjóðum þá eru áberandi flestir meðal Íslendinga sem telja þetta allt geta átt jafnt við um kynin.

Einu tvö atriðin þar sem yfir þriðjungur svarenda taldi einkenni frekar hæfa körlum en konum var mjög mikið hugrekki (körlum frekar 31,3%, konum frekar 13,9% og jafnt 54,8%) og mjög mikil metnaðargirni (körlum frekar 37,8%, konum frekar 13,6% og jafnt 48,6%).

Ég spurði viðmælendur mína hvað kæmi upp í huga þeirra þegar ég nefndi hugtakið karlmennska. Í öllum tilfellum var umhugsunar þörf, það blasti ljóslega ekki við. Fjórtán viðmælenda töldu sig ekki geta nefnt neitt sérstakt sem einkenndi karlmennsku í þeirra huga. Fæstir höfðu eitthvað leitt hugann að þessu áður og í sumum tilfellum spunnust langar vangaveltur og samræður út frá spurningunni, oft mjög gefandi.

Sv.: Já, hvað er karlmennska? Þetta eru erfiðar spurningar. Ég á erfitt með að svara þessu. Karlmennska. . .

Sp.: Máláði ég þið alveg út í horn eða. . .?

Sv.: Já, það er spurning um það hvort maður eigi að brydda upp á nýrri skilgreiningu, í takt við nútímann. Já, þú ert alveg búinn að máta mig. Það fyrsta sem kemur upp í hugann, ég veit það ekki, mig langar nú mest til að breyta þeirri skilgreiningu. Macho gæi, harkan. Jáá, ég held að það sé engin karlmennska, engin sérstök karlmennska. Æ, megum við ekki sleppa þessu?

Sp.: Jú, jú.

Sv.: Skilgreiningunni. Ég held að það sé ekkert sérstakt. . . við karlmennsku í dag. Er það eitthvað?

Sp.: Það er mjög misjafnt. Þeir eru nokkrir sem hafa brugðist svipað við eins og þú. Svo eru aðrir sem nefna styrk sérstaklega, þá er misjafnt hvort menn eru að tala um bara líkamlegan styrk eða þá andlegan.

Sv.: Karlmennska. Já, ég meina að það. . . jú, kannski styrkur, ég veit það ekki. Eða svona ákveðin ímynd einhver. . . já, ég veit það ekki hver er. . . það er svona ákveðin ímynd. . . ég held að það sé engin ímynd, heldur einhver leikaraskapur bara. Að vera svona einhver macho gæi, svona töffari, mér finnst það ekkert vera nein sérstök karlmennska. Já, styrkur kannski, ég veit það ekki. Karlmennska, hvað á ég að segja? Ákveðinn svona, hvað á ég að segja, verndari heimilisins, konunnar og barnanna. Ef eitthvað bjátar á að þá stendur hann upp og steytir hnefana. Ætli það sé ekki svona það fyrsta. . .

Sp.: Já, já.

Sv.: Bjórdrykkja og dartkvöld og eitthvað svona, ég held að það sé ekki nein sérstök karlmennska. Þeir eru oft ekkert sérstakir karlmenn, þeir sem að stunda það. Ég horfi svona frekar til fjölskyldunnar, hvert er hans hlutverk þar. Svona hálfgerður verndari kannski. Ég hef ekkert þælt í þessu.

Sp.: Nei, nei.

Sv.: Skilgreining, hver er svona hin almenn skilgreining.

Sp.: Nei, það er eins og ég segi, það er mjög misjafnt hvernig menn taka á þessu. En það er þetta með styrkinn sem virðist svolítið standa upp úr. Að menn hafi. . .

Sv.: Ekkert sérstaklega tilfinningarnar. . .?

Sp.: Nei, það er nefnilega það sem er svolítið misjafnt. Allir þeir sem hafa talað um styrk, þeir tala nú allir um einhvern líkamlegan styrk. Svo eru sumir sem láta þar við sitja en aðrir taka líka upp sko andlegan styrk, að vera ekki feiminn að sýna tilfinningar þegar það á við. En það er nú svona minnihluti. Mjög margir hafa ekkert viljað segja eitt eða neitt.

Sv.: Nei, það er svona, karlmennska. Ég hef kannski eitthvað þegar eitthvað bjatar á, ég veit það ekki, sem sýnir þá líkamlegan og andlegan styrk til þess að takast á við það. Ég veit það ekki. . . til að ég geti brugðist rétt við. Eins og ef eitthvað gerist heima þá er ég mun rólegri, það er nú kannski starfð sem hjálpar. Ef að stendur í henni eða barninu eða eitthvað svoléiðis þá verður konan alveg hreint. . .

Sp.: Það er nú reyndar almennt kominn tími til að fara að slúttu þessu. Við erum búnir að vera einn og hálfan tíma. Er eitthvað sem þér finnst ég hafa gleymt eða sem þú vildir koma að?

Sv.: Nei, ekki svona sem ég man eftir. Það er bara verst hvað þetta vaðist fyrir mér með karlmenskuna.

[20]

Hún vaðist fyrir mörgum karlmenskun en nokkrir voru þó með afstöðu til málsins. En áður en vikið er að þeim er rétt að grípa ofan í annað viðtal þar sem ljóslega birtist hvað karlmennska í raun er í kyngerð þjóðfélaga nútímans.

Sp.: . . . Hvernig finnst þér að vera karlmaður í dag?

Sv.: Ég veit það eiginlega ekki, ég hef engan samanburð. Myndin af karlinum í jafnréttisbaráttunni er, það er engin mynd af karli í jafnréttisbaráttu. Jafnréttisbaráttu er kvennabaráttu eins og henni hefur verið stillt upp. Það er kannski það sem er rangt við þessa blessaða jafnréttisbaráttu. Það er ekkert rúm fyrir karlmenn í þeirri umræðu eða hefur ekki verið. Ég veit ekki hvað maður á að segja um stöðu karlmansins í dag. Ég hef voða lítið velt því fyrir mér, karlmenn eru bara karlmenn. Þeir eru til staðar. Ég get ekki kommenterað neitt voða mikið á það. Ég hugsa að þeirra staða sé í raun og veru. . . er þetta bara eins og það hefur alltaf verið. Þeir eru í raun og veru að halda í alla spotta í þjóðfélaginu. Þeir leyfa kannski konum aðeins að verða forsetar í smástund og svo þegar það tímabil er afstaðið þá heyrirðu það frá körlunum að þar sem þessi kona er búin að forseti þá sé ekki eðlilegt að verði önnur kona forseti. Ég held að staða karlmanna sé nú ansi sterk, hvernig sem á það er lítið. Eins og ég segi, ég get ekkert kommenterað á þetta, ég hef aldrei velt þessu mikið fyrir mér. Maður hefur engan samanburð sem slíkan.

[5]

„ . . . karlmenn eru bara karlmenn. Þeir eru til staðar.“ Þessi athugasemd birtir um margt í hnotskurn það sem virtist vera afstaða langflestra karlanna. Það að vera karl er ekkert vandamál, ekkert sem maður leiðir hugann sérstaklega að. Þrátt fyrir tilraunir fjölmiðla í gúrkutið til að draga upp mynd af „körlum í kreppu“ er staðreynd málsins einfaldlega sú að langflestum körlum líður ágætlega með sína karlmennsku, hún er nokkuð sjálfgefin.

Þýski félagsfræðingurinn George Simmel hefur einn fátta „klassískra“ félagsfræðinga fjallað um kyngerð þjóðfélaga. Að hans mati er það eitt höfudeinkenna kyngerðarinnar að sjálfkrafa er sett jafnaðarmerki milli hins karlmannlega og hins sammannlega. Þar af leiðandi eru þau gildi sem við notum til að meta hegðun karla og kvenna ekki hlutlaus heldur karllæg þó þau séu ekki skilgreind sem slík. Og Simmel hélt því einnig fram að við margar aðstæður og samskipti sé karlinn engan veginn meðvitaður um kyn sitt en konan sé á hinn bóginn svo til alltaf meðvituð um kyn sitt. Þannig stýri kynið hegðun kvenna meðan svo virðist sem karlar séu yfir kynjaandstæður hafnir. Ýmsir fræðimenn hafa nýtt sér þess-

ar hugmyndir Simmel til að skýra hvers vegna svo virðist sem karlar (og ef til vill sérstaklega hvítir, gagnkynhneigðir karlar) eigi í meiri erfiðleikum með að koma orðum að sinni karlmennsku en konur sínum kvenleika.⁷⁴

Sama atriði birtist þegar talinu var vikið að því hvort körlunum þætti þeir sem karlar, eða karlmennskan almennt eitthvað hafa komið illa út úr umræðunni um jafnrétti kynja. Ekki þótti mönnum það. Og þegar ég spurði sérstaklega um kynferðislegt ofbeldi kom í ljós að enginn tengdi það sérstaklega við karlmennsku eða stöðu kynjanna í samfélaginu. Fjölmíðlaumræðan hafði greinilega ekki haft í för með sér óöruggi gagnvart börnum t.d. og heldur ekki leitt til þess að menn íhuguðu ástæður þess að það eru fyrst og fremst karlar sem fremja ofbeldisbrot. Í hugum karla almennt eru þeir sem þessi brot fremja fyrst og fremst „perrar“ og frávikar (sem þeir óneitanlega eru því meirihluti karla gengur í gegnum lífið án þess að beita ofbeldi) en það er þeim ljóslega ekki vandamál hvernig á því stendur að þessir „perrar“ og frávikar eru að 90–95 hundraðshlutum karlar. Eftir sem áður er kyngerð samfélagsins ekki vandamál, það að vera karlaður eðlilegt og ekkert til að velta vöngum yfir.

Af þeim ellefu sem eitthvað nefndu sem einkennandi fyrir karlmennsku nefndu fimm styrk og e.t.v. má bæta við þeim tveim sem töluðu um ákveðni. Misjafnt var hvort þeir höfðu þá í huga einvörðungu líkamlegan styrk eða hvort andlegur styrkur kom einnig við sögu.

Sþ.: . . . ef einhver nefnir hugtakið karlmennska við þig, hvað finnst þér það innifela, hvað er karlmennska í þínum augum?

Sv.: Það er, alla vega eins og maður hefur skynjað það, að karlmennska er að vera sterkur, ekki bara líkamlega heldur andlega. Ekki eins og með það að gráta, menn telja það ekki til karlmennsku kannski, en ég vil ekki alveg segja ójöfnumerki þar á milli, en það að vera sterkur andlega, líkamlega, spjara sig vel, láta ekki hlutina hafa áhrif á sig. . . það er mín tilfinning fyrir þessu orði.
[4]

Margir viku líka að því að þeim þætti heldur hlægileg sú karlmennskuímynd sem víða er gefin í fjölmíðlum af hinum þögla sterka karlmanni sem ekkert bítur á.

Sv.: . . . En hún er náttúrulega voða rík þessi Schwarzenegger-ímynd í sjónvarpi. Það er voða mikið slegið upp ef verið er að keppa í einhverjum Hálandaleikjum eða Sterkasti maður Íslands að þá er það karlmennskan uppmáluð. Það er fjallað um það þannig og meira segja kannski kynnt þannig. Að þarna séu alvöru karlmenn og annað af því þeir geta lyft steinum. Ég get alveg lyft steinum og fullt af þeim og sjálfsgagt mikið fleiri en þeir, en ég nota bara lyftara. Þeir ættu kannski að taka tæknina í sínar hendur.
[8]

Sumir töldu reyndar að breyting hefði orðið milli kynslóða. Yngri karlar væru ekki í sömu þörf fyrir að sýna sig sem „harða nagla.“ Einn slökkviliðsmaður vék að þessu þegar við vorum að ræða það sem getur gerst í þeirra starfi:

Sv.: Það er einmitt hlutur sem við þurfum að dæma eftir kynslóðum, kynslóðir pabba og okkar. Í sambandi við álagið, þegar við lendum í ljótum slysum og annað, þá á að tala. Þegar þeir voru í þessu, karlarnir, þá þögðu þeir, töluðu ekkert um þetta og voru svona harðir naglar. Svo kom þetta allt næst þegar þeir duttu í það eða eitthvað. Nú aftur á móti tala menn saman, koma hiklaust inn eftir þegar eitthvað hefur verið erfitt og spjalla. Vinna úr þessu. Fara helst ekki heim með þetta. Þetta hefur breyst, þetta er mikil breyting.
[19]

Reyndar bætti þessi viðmælandi við litlu síðar: „Þessi harða karlmennskuímynd er svo ákaflega óeðlileg.

⁷⁴ Meuser, Michael (1996), bls. 9.

Samt finnst mér að við megum ekki alveg tapa henni, það má ekki alveg gera okkur að konum.“ Eftir sem áður er því styrkurinn tengdur karlinum og karlmennskunni en hið veika konunum.

Einn sjómanna vék að því hvornig menning okkar, uppeldi og þrýstingur samfélagsins skapar ákveðna karlmennsku og þá um leið kvenleikann sem andstöðu.

Sv.: Það er líka voðalega mikið þetta umhverfi sem maður. . . eins og á sjónum og svona. . . þetta er allt öðruvísi umhverfi heldur en maður var í á sjónum og svona. Maður var rosalega tilfinninganæmur sem krakki en menn læra að bæla þetta niður örugglega þangað til að maður verður alveg orðinn tilfinningalaus. Það er umhverfið náttúrulega sem býður upp á það. Menn bæla þetta niður og ósjálfrátt bara hætta þeir að finna nokkuð til. Upphaflega, held ég, að karlmenn og kvenmenn fæðist með nokkuð svipaða eiginleika, bæði andlegum eða svona andlega eiginleika. Síðan náttúrulega bara strax byrja kvenmenn að gera og láta svona og karlmenn láta svona og svona og síðan splittast þetta náttúrulega með aldrinum. Karlmenn sýna ekki tilfinningar.

Sp.: Já, þeir læri það sem sagt að það eigi þeir ekki að gera?

Sv.: Já. Þeir læra þetta bara ósjálfrátt, bara í undirmeðvitundinni. Nei, ég lít alla vega ekki á það sem karlmennsku, mér dettur það ekki í hug ef ég sé grátandi karlmann.

Sp.: Nei, nei.

Sv.: En mér myndi, aftur á móti, detta það í hug í sambandi við kvenleika, grátandi kvenmaður, það er. . .

Sp.: Passar ágætlega?

Sv.: Já. Það myndi sýna svona tilfinninganæmni, þá dettur manni svona í hug tilfinninganæmni og svona í sambandi við kvenmenn.

[23]

Það sem er hins vegar fyrst og fremst athyglisvert við þetta er að staðfest er sú hugmynd femínista að samfélag okkar, menning okkar, tengi saman styrk og karlmennsku og sé þá litið á kvenleika og karlmennsku sem andstæður eða póla þá merkir það jafnframt að kvenleikinn er tengdur veikleika. Hér er því ekki haldið fram að viðmælendur mínir hafi haft slíkt í huga heldur eru þeir fyrst og fremst að túlka þann menningarlega veruleika sem við búum við. Og hann felst meðal annars í að litið er á hið kvenlega sem á einhvern hátt veikt í samanburði við karlmenskuna. Og það sem er veikt er „eðlilega“ undir hið sterka sett. Reyndar hafa sumir af fremstu gagnrýnendum hefðbundinnar karlmennsku, svo sem Alfred Adler, talið að lítillækkun hins kvenlega í menningu okkar og tenging þess við veikleika, sé ein af höfuðorsökum árásargirni og þeirrar stöðugu sigurþarfar sem einkennir vestræn samfélag.⁷⁵

Það er líka athyglisvert að þó það væri sjaldnast nefnt beinum orðum þá var hlutverk fyrirvinnunnar, skaffarans, ljóslega ofarlega í huga manna gagnvart eigin stöðu. Einn sagði beinlínis að hann myndi eiga mjög erfitt með að sætta sig við að konan hans hefði hærri laun en hann sjálfur. Annar var nokkuð gagnrýninn á eigin frammistöðu.

Sv.: . . . Ég hef sko kannski, það sem . . . t.d. frá því ég byrjaði í þessari sambúð með [sambýliskonan] þá hef ég ekki verið með það góð laun. Þó hún sé öryrki þá hef ég verið með kannski ívið hærri ráðstöfunartekjur, það er ekki mikið meira. Þannig að ég hef ekki verið þessi mikli skaffari. Þabbi afturá móti, hann er náttúrulega fyrirmyndin, þannig að maður er með kannski með svolitla minni-máttarkennd yfir að vera ekki með próf eða í einhverri stöðu þar sem maður ætti að geta skaffað betur. Ég ber mig mikið saman við vinina og þeir eru flestir búnir að ljúka einhvers konar háskóla-prófi og eru í betur launuðum stöðum og þetta þírrar mig svolítið. Ég hef velt þessu mikið fyrir mér. Ég beiti sjálfan mig miklum þrýstingi að ég eigi að fara í skóla og svona. Það var undan þessum þrýstingi sem ég fór í [háskólagrein]. Mér fannst ég verða. . . , það var kannski ekki akkúrat. . .

⁷⁵ Greining Alfred Adlers á þessum þætti menningarinnar er með merkari framlögum róttækrar sálgreiningar til umræðu um stöðu kynjanna, sbr. Connell, R.W. (1995), bls. 15-17.

Ég vissi ekki nákvæmlega hvað ég vildi og þetta varð ofan á.

[1]

Þegar verið var að ákveða hvernig ætti að velja í viðtölin var ákveðið að hluti karlanna yrði fenginn úr starfshópum sem tengdir eru hefðbundinni karlmennsku, lögreglumenn, slökkviliðsmenn og sjómenn. Hugmyndin var að ef til vill væru viðhorf þeirra með einhverjum öðrum hætti en annarra, hvort heldur það þá stafaði af því að í þau störf færu frekar karlar sem hefðu mjög ákveðna karlmennskuimynd eða þá að eðli starfsins ýtti undir slík viðhorf.

Nú er að sjálfsgöðu ekki unnt að draga víðtækar ályktanir af þessu litla úrtaki en almennt séð varð þess ekki verulega vart að viðhorf þessara karla væru mjög frábrugðin viðhorfum annarra karla. Þó var það aðeins þeirra á meðal sem fundust dæmi um að menn teldu konur sem slíkar ekki ráða við eða ekki eiga heima í ákveðnum störfum. Aðrir í þessum hópi andmæltu þó slíkum viðhorfum kröftuglega.

Einn viðmælenda vék sérstaklega að því að hann væri lítið hrifinn af þeirri hugmynd að fá konur til starfa:

Sv.: Ja, það er spurning. Er það ekki bara. . . ja, ég veit það ekki. Ég segi það bara, fyrir mitt leyti, að ég held að það gerði ekkert gott að fá kvenmenn þarna inn. Ég held að þær myndu heldur ekki ráða við svona starf, þó þær segi það sjálfar. Það er bara alveg á hreinu að þær ráða ekki við öll þau störf sem karlmenn gera.

Sp.: Já, já. . . En ég er svona að velja því fyrir mér. . . já. . . myndu menn þá fara að tala öðruvísi eða einhverjir fara að reyna við hana eða hvað?

Sv.: Já, alveg örugglega. Ég held að það væri ekkert svona sami mórallinn innan liðsins. Hann yrði bara allt öðru vísi.

[18]

Ög sjómennirnir voru ekki alveg sammála um hvernig væri að hafa konur um borð:

Sp.: . . .Hefurðu unnið með konu á sjó?

Sv.: Já.

Sp.: Hvernig var það?

Sv.: Það breytir náttúrulega miklu um mórallinn. Þetta eru eins og drottningar í sínu ríki, það snýst allt í kringum þær náttúrulega, stelpur náttúrulega sem koma.

Sp.: Biddu, var þá bara ein kona?

Sv.: Já, núna síðast í Smugunni, þá var ein stelpa með okkur. Það hafa verið tvær stelpur með okkur einu sinni, fyrir tveimur árum. Þær voru engir yfirmenn. Það er svolítið. . . það náttúrulega bitnar svolítið á manni sjálfum ef það eru kvenmenn. Þær geta ekki unnið alla vinnu, konurnar.

Sp.: Hvað er það sem þær geta ekki?

Sv.: Það er náttúrulega þessi erfiðasta vinna, þær geta ekki verið upp á dekki. Þær *geta* það eflaust en það er mun erfiðara að vinna svona líkamlega. Síðan er það þessi tækjaútsláttur, þær lofta varla pönnunum.

Sp.: Er það hvað, segirðu?

Sv.: Tækjaútsláttur, eins og í frystingu. Það er bölvað púl og þær lofta ekki pönnunum. Það hefur reynt á það.

Sp.: Já, já. Þannig að þeim er þá hlíft við því og þið takið það?

Sv.: Já.

...

Sv.: . . . Þetta er svoddan karlaríki, þessir togarar. Ekki koma kvenmenn . . . allt að því. Ætli það sé kannski ekki mikið til í því vegna þess að manni finnst það svo fráleitt að hafa kvenmenn sem yfirmann, kvenmann sem skipstjóra, manni finnst bara einhvern veginn þetta ekki vera möguleika á svona skipi. Það myndi enginn taka mark á þeim. Það er svoléiðis mórall þarna. Það þarf einhverja ákveðna ímynd sem náttúrulega sem þessi skipstjóri er. Ef maður tengir það kannski óbeint sem

kvenmann sem yfirmann eða kvenmann sem skipstjóra, mér finnst það ekki til í dæminu, mér finnst það bara alveg fráleitt.

[23]

Sv.: Það er búið að vera dálítið af kvenfólki um borð hjá okkur. Aldrei margar í einu en oft höfum við haft alla vega eina. Ég verð að segja þér alveg eins og er að það eru mjög skiptar skoðanir á því um borð hvort að þetta sé sniðugt eða ekki. Persónulega segi ég að það sé mjög gott því að það er svo fullt af störfum, sérstaklega á frystitogara, sem konur eru miklu betri í heldur en karlar. En það eru líka fullt af störfum sem karlmenn eru miklu betri í en konur.

Sp.: Já, sá sem ég talaði við síðast á undan þér . . . hann sagði að þetta hefði slæm áhrif á mórallinn. Bæði færu menn . . . já, eða . . . hann orðaði það þannig að þær yrðu drottningar. Menn færu svolítið mikið að gangast upp í því að stjarna í kringum þær.

Sv.: Ég held að þetta sé nú bara persónubundið.

Sp.: Já, já.

Sv.: Já. . . Þær eru nú búnar að vera þarna nokkrar síðan eða einhverjar, alla vega. Og ein af þeim, hún var sem sagt að reyna að búa til þessa ímynd sem þú ert að tala um, drottningu. En ég meina, þetta er bara svo persónubundið að mínu mati, bara eins og í hverju öðru starfi. Þú getur verið á mannmörgum vinnustað í landi og ein kona og allt svoléiðis. Ég held að þetta sé bara persónubundið.

Sp.: Já. Hann sagði það líka. . . ég ætlaði nú að spyrja þig að því hvort að rétt væri. . . að það væru þarna störf sem þær einfaldlega réðu ekki við sko líkamlega.

Sv.: Hvaða karlremba var þetta eiginlega?! Auðvitað má kannski að segja ef þú kemur með. . .

Sp.: Hann var alla vega ekki í sambúð.

Sv.: Ég er ekki hissa. Ef þú kemur með einhverja litla, unga stúlku sem er veikbyggð, og ætlar að setja hana upp á dekk, t.d. í haugabrálu, þar sem þú ert að djöflast eins og rugludallur í einhverri erfiðisvinnu. Hún á alveg fullt í fangi með það en ég hef bara verið með fullhraustum karlmönnum mér við hlið og hef ekki haft gagn af þeim frekar en ég væri bara með krakka með mér. Ég hefði mikið frekar viljað hafa margar af þessum stelpum, sem ég hef verið með til sjós, við hliðina á mér heldur en þá. Þannig að þetta er eins og hvert annað kjaftæði, að mínu mati.

...

Sv.: Ég meina. . . í dag, sko, það er krani um borð. Ef hlutirnir eru eitthvað yfir 50–60 kg þá notum við krana við það. Ég get ekki séð annað en að kona geti húkkað krók frá krana í 50–60 kg stykki eins og hvaða karlaður. Þannig að ég get ekki séð hvaða starf það á að vera. Þetta er kannski svona ægilegur jaxl að hann ætlar að lyfta hlerunum og svona dóti, fleiri tonna átaki, bara einn.

Sp.: Bíddu, ég er að reyna að rifja upp hvað. . . jú, hann nefndi dekkstarf, hvað var það, plötur?

Sv.: Pönnurnar.

Sp.: Pönnurnar, alveg rétt.

Sv.: [Kona sem hafði verið með honum til sjós] Hún er svona eins og maður myndi segja bara lady, fínbyggð og svona. Hún sló úr og ekkert mál. En í sama túr og hún var á dekkinu í fyrsta skipti, þá var maður með okkur sem var búinn að vera mörg ár til sjós, og var búinn að vera síðustu, ég man ekki hvað mörg, árin í Landhelgisgæslunni. Guð minn almáttugur, ég fórnaði bara höndunum þegar hann ætlaði að fara að slá úr. Hann ætlaði bara að fara með pönnunum. Hann réði ekkert við þetta. Þannig að þetta er eins og hvert annað kjaftæði bara. Þýðir ekki að taka bara eitt-hvert mið af algjörrri veimiltítu, kona getur verið veimiltíta eins og hvaða karlaður.

[25]

Af þessu að dæma virðist persónuleg reynsla manna skipta ákaflega miklu máli. Þeir sem hafa séð að konur geti, ekki síður en karlar, gengið til þeirra „karlmennskuverka“ sem þarf að vinna, þeir eru opnir fyrir því að þetta sé ekki kynbundið. Á hinn bóginn hafa sumir öðlast aðra reynslu og yfirfæra hana á allar konur. Raunar var áberandi að það var líkamlegi styrkurinn sem olli nokkrum áhyggjum og slökkviliðsmenn orðuðu það svo að þeir væru fegnir þrekprófinu en að sögn eins þeirra hafa konur yfir-

leitt fallið á því. Á sama hátt sögðu lögreglumennirnir að þeir hefðu áhyggjur af því ef þeir væru að lenda í aðstöðu þar sem líklegt væri að beita yrði afli, að minna lið yrði að konu en karli við slíkar aðstæður.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að fjölga konum í lögreglunni en hægt gengið. Full ástæða er til að taka ofanefndar áhyggjur alvarlega og t.d. athuga hvort á einhvern hátt sé unnt að breyta þjálfuninni þannig að lögreglukarlar þyrftu minni áhyggjur að hafa af þessum þætti starfsins.

Á heildina litið verður þó að segja að varla er unnt að tala um einhverja verulega andstöðu við þátttöku kvenna í þessum hefðbundnu karlastörfum meðal þeirra viðmælenda minna sem þar eru fyrir. Eða með orðum eins sjómannsins:

Sv.: Þetta er náttúrulega eins með. . . sko, sjómennskan, þetta er náttúrulega. . . ég meina, þetta er engin skrifstofuvinna, sjómennska. En að halda því fram að konur geti ekki verið á sjó, það er bara eins og að halda því fram að karlmenn geti ekki verið á skrifstofu.

[25]

9. Niðurstöður

Öll tölfræði sýnir að hvítir gagnkynhneigðir karlar hafa efnislegan hag af þeirri kyngerð sem ein-kennir vestræn samfélag. Þrátt fyrir það hafa sumir beinlínis snúist gegn henni og mjög margir tekið þátt í aðgerðum og breytingum sem hafa grafið undan kyngerðinni og leitt til þeirrar djúpu kreppu sem nú einkennir hana. Nefndir hafa verið fimm þættir til skýringar á því hvers vegna sumir karlar hafa tekið þessa afstöðu.⁷⁶ Allir þessir þættir birtast í viðtölunum sem hér hefur verið sagt frá án þess þó að þar með sé sagt að allir viðmælendur mínir hafi tekið skýra afstöðu gegn þessari kyngerð. Þetta sýnir hins vegar að möguleikar til breytinga eru verulega miklir.

Fyrsta atriðið er að jafnvel þeir sem hafa formlegan, efnislegan hag af ákveðnu (kúgunar)kerfi geta séð kúgun þess og hvernig það eittr þætti þeirra eigin lífs. Ýmsir viðmælenda minna sáu hvernig kyngerð samfélagsins hafði farið illa með foreldra þeirra og hvernig þetta sama kerfi kúgaði og lítillækkaði konur sem þeir þekktu.

Í öðru lagi eru karlar oft og tíðum tengdir konum nánnum böndum, mæðrum sínum, systur, eigin konum og dætrum. Þó svo það kosti einhver forréttindi vilja flestir að þeirra bíði gott líf. Þetta kom víða skýrt fram. Karlarnir sem ég ræddi við vildu samvinnu og sanngirni í verkaskiptingu á eigin heimili, hneyksluðust á dæmum sem þeir nefndu um mismunun og í þau skipti sem ofbeldi gegn konum kom til umræðu töluðu þeir sig heita um þær mannleysur sem slíku beittu.

Í þriðja lagi eru karlar ekki einsleitir hópur og sumir hópar verða fyrir óréttlæti kerfisins og tapa. Í flestum vestrænum löndum lifa karlar skemur en konur, slasast oftar og verr, fremja frekar sjálfsvíg og lenda frekar í útistöðum við lögreglu og réttarkerfi.⁷⁷ Þá þykir mörgum sem félagsleg tengsl þeirra séu minni en þeir vildu. Margir þeirra sem ég ræddi við hörmuðu til dæmis hvernig þeim væri gert erfitt um vik að vera meira með börnum sínum.

Í fjórða lagi er það einfaldlega þannig að það eru að verða miklar breytingar á kyngerð samfélagsins og flestum er ljóst að ekki verður aftur snúið. Og það sem meira er, ég varð lítið var við að menn sókn- uðu fortíðarinnar, burtséð frá því að þeim þótti mörgum illa búið að börnunum og töldu æskilegra að einhver væri heima sem börnin gætu leitað til.

Og í fimmta lagi má ekki ætla að karlar hafi ekki hæfileika til samkenndar og hluttekningar. Kyngerð vestrænna samfélaga hefur að vísu að hluta beinst að því að slæva þann eiginleika en ýmsir þættir geta vakið hann. Hörmulegir atburðir hafa fengið karla til að rísa til andófs gegn því ofbeldi sem konur og börn verða víða fyrir.⁷⁸ Að verða faðir er annað atriði sem hjá mörgum rífur þessar kenndir upp á yfir- borðið.

Það er því meginniðurstaða þessarar athugunar að meðal ungra íslenskra karla sé mikill vilji til að breyta mörgum þeim þáttum sem hingað til hafa einkennt kyngerð íslensks samfélags. Ekki þar með sagt að björninn sé unninn. Margt í formgerð samfélagsins vinnur gegn þessum vilja og ekki er útséð með að allir sætti sig við breytingarnar þegar ljóst verður að um nokkurt tap forréttinda er að ræða. Ég held að mun meiri ástæða sé þó til að hafa áhyggjur af fyrri atriðinu en hinu seinna. Það blasir því við að góðir möguleikar eru til samvinnu kvenna og (flestra) karla til breytinga. Spurningin er hvernig sú samvinna verður og hvernig best verður staðið að þeim pólitísku ákvörðunum sem þarf til raunverulegra breytinga. Í þeirri vinnu má hafa í huga að rannsóknir á ólíkum menningarsvæðum benda til að lykilatriði varðandi afnám yfirráða annars kyns á hinu sé samvinna kynjanna varðandi uppeldi og umönnun barna og samvinna þeirra varðandi stjórnun eigna, ekki að marka kynjunum hvorn básinn sínu.⁷⁹

⁷⁶ Connell, R.W. (1987), bls. xiii.

⁷⁷ Sjá t.d. Áspór Ragnarsson (1993) og (1995).

⁷⁸ Fjöldamorð á háskólastúlkum í Kanada árið 1989 hrinti þar af stað hreyfingu karla gegn ofbeldi (White Ribbon) og í Svíþjóð urðu fréttir af hópnaudgunum og morðum í Bosnía til að þar var stofnað Manliga nätverket sem einbeitir sér að andófi gegn ofbeldi.

⁷⁹ Coltrane, Scott (1994), bls. 50.

- Aarseth, Helene (1994): „Mannliga unnasluntrere og kvinnelige innflytelsesformer.“ Í Oftung (ritstj.) 1994.
- Aarseth, Helene (1995): „Nye menn og troll til kjerringar? – en feministisk forståelse.“ *Kvinneforskning* 1/95.
- Atvinnulausir á Íslandi 1993*. Reykjavík. Félagsvísindastofnun 1993.
- Árbók Háskóla Íslands 1962*.
- Ársskýrsla Fangelismálastofnunar ríkisins 1995*. Reykjavík 1996. Fangelismálastofnun.
- Áspór Ragnarsson (1993): „Gjald karlmennskunnar.“ Í *Skýrsla nefndar*. . .
- Áspór Ragnarsson (1995): „The „gender of extremes“ pays a prize.“ Í *Towards New Masculinities*.
- Bekkengen, Lisbeth (1996): *Mäns föräldraledighet – en kunskapsöversikt*. Karlstad. Högskolan i Karlstad.
- Bekkengen, Lisbeth (1997): *Flexibel och förhandlingsbar eller ett faktum? – Ett genusperspektiv på föräldraledighet inom arbetsorganisationer*. Karlstad. Högskolan i Karlstad.
- Bernard, Jessie (1995): „The good-provider role: Its rise and fall.“ Í Kimmel & Messner (ritstj.).
- Björnberg, Ulla, Anna-Karin Kollind, Arne Nilsson (ritstj.) (1994): *Janus & Genus*. Stockholm, Brombergs.
- Björnberg, Ulla (1994): „Mäns familjeorientering i förändring.“ Í Björnberg ofl. (ritstj.) 1994.
- Blom, Svein (1989): „Betydning av familie og arbeid for menns og kvinners livskvalitet.“ Í *Mannifest*.
- Bragi Skúlaon (1995): „Kreppa karlmannsins.“ Í *Karlar gegn ofbeldi*.
- Brandth, Berit & Elin Kvande (1995): „Maskulinitet og barneomsorg.“ *Kvinneforskning* nr.1.
- Brod, Harry & Michael Kaufman (ritstj.) (1994): *Theorizing Masculinities*. Thousand Oaks, London, New Delhi. Sage Publications.
- Brudal, Lisbeth F. (1981): *Fødeinstitusjonene i Norden: En kartlegging av rutiner vedrørende fedre og søsken*. Oslo. Nordiska ministerrådets sekretariat.
- Burgess, Adrien (1997): *Fatherhood Reclaimed. The Making of the Modern Father*. London. Vermilion.
- Carlsen, Søren (1995a): „Når menn får barn. Om menns bruk av omsorgspermisjon osv.“ *Kvinneforskning* nr. 1.
- Carlsen, Søren (1995b): „When men become fathers – on men’s utilisation of parental leave.“ Í *Towards New Masculinities*.
- Christoffersen, Mogens Nygaard (1996): *Opvækst hos fedre. En sammenligning af 3-5 årige børns opvækst hos fedre og mødre*. København. Socialforskningsinstituttet.
- Collins, R. (1988): „The micro contribution to macro sociology.“ *Sociological Theory*, 6
- Coltrane, Scott (1988): „Father-Child Relationships and the Status of Women: A Cross-Cultural Study.“ *American Journal of Sociology*, vol. 93, no. 5.
- Coltrane, Scott (1994): „Theorizing Masculinities in Contemporary Social Science.“ Í Brod & Kaufman.
- Commission of the European Communities (1995): *Report from the commission on the implementation of the council recommendation of 13 december 1984 on the promotion of positive action for women (84/635/EEC)*.
- Conway-Long, Don (1994): „Ethnographies and Masculinities.“ Í Brod & Kaufman.
- Connell, R. W. (1987): *Gender and Power*. Cambridge. Polity Press.
- Connell, R. W. (1995): *Masculinities*. Cambridge. Polity Press.
- Craig, Steve (1992): *Men, Masculinity, and the Media*. Newbury Park, London, New Delhi. Sage Publications.
- Crompton, Rosemary & Fiona Harris (1997): „Women’s Employment and Gender Attitudes: A Comparative Analysis of Britain, Norway and the Czech Republic.“ *Acta Sociologica*. Vol. 40 No. 2

- Det obegripliga våldet. Forskare om ungdomar och våld.* Solna, Forskningsrådsnämnden 1995.
- Duindam, Vincent (1995): „Mothering and fathering: Socialization theory – and beyond.“ *NORA* no. 2.
- „Feður skipta sköpum.“ *Morgunblaðið* 19. mars 1995.
- Gilles, John R. (1995): „En reise gjennom faderskapets historie – er vi på feil spor?“ Í *Kvinneforskning* nr.1.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1984): „Nýja kvennahreyfingin á Íslandi, Rauðsokkahreyfingin.“ Óbirt BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Guðmundur Oddsson (1996): „Innrás í mæðraveldið.“ *Uppeldi* 3. tbl.
- Hannes Jónsson (1965): *Samskipti karls og konu.* Reykjavík. Félagsmálastofnunin.
- Hearn, Jeff & David L. Collinson (1994): „Theorizing Unities and Differences Between Men and Between Masculinities.“ Í Brod & Kaufman.
- Hochschild, Arlie (1995): „The Second Shift: Employed women are putting in another day of work at home.“ Í Kimmel & Messner.
- Holter og Aarseth (1993): *Menns livssammenheng.* Oslo. Gyldendal.
- Hyvönen, Ulf (1995): „Barns bilder av far.“ *Kvinneforskning* 1/95.
- Hälften vore nog – om kvinnor och män på 90-talets arbetsmarknad.* Stockholm 1996. Statens offentliga utredningar 1996:56.
- Høgelund, Jan (1996): *Orlov i Norden.* København. TemaNord 1996:612.
- Ingólfur V. Gíslason (1996): „Bannað að eignast börn.“ *Vikublaðið* 21. júní.
- Ingólfur V. Gíslason (1996): „Tillögur Karlanefndar Jafnréttisráðs um fæðingarorlof.“ *Uppeldi* 3. tbl. *Jafnréttiskönnun Gallup.* Kópavogur. Gallup 1995.
- Jalmert, Lars & Eva Olsson (1997): *Bra pappor. Om vårdnadshavande pappor och mammor.* Försäkringskassan Västernorrland. Stockholms universitet.
- Karlar gegn ofbeldi.* Reykjavík án árt. (1995). Skrifstofa jafnréttismála.
- Kimmel, Michael S. & Michael A. Messner (ritstj.) (1995): *Men's Lives.* Boston, London, Toronto, Sidney, Tokyo, Singapore. Allyn and Bacon.
- Konur og karlar 1994.* Reykjavík. Hagstofa Íslands 1994.
- Kyvsgaard, Britta (1995): *Voldskriminelle & voldskriminalitet.* København. Kriminalistisk Institut.
- Landshagir 1996.* Reykjavík. Hagstofa Íslands 1996.
- Launamyndun og kynbundinn launamunur.* Reykjavík. Skrifstofa jafnréttismála 1995.
- Launþegahreyfingin á Íslandi. Könnun á viðhorfum almennings.* Reykjavík. Félagsvísindastofnun 1995.
- Louv, Richard (1994): *Reinventing Fatherhood.* Occasional Papers Series, No 14. United Nations, Vienna.
- Mannifest.* Mannsrolleutvalget/FAD Oslo 1989.
- Meuser, Michael (1996): „Kønsforhold og maskuliniteter. Et videnssociologisk perspektiv.“ *Dansk Sociologi* nr. 3/7. årg.
- Naifeh, Steven & Gregory White-Smith (1992): *Hvorfor kan ikke menn åpne seg?* J. W Cappelens forlag. (Upprunalega gefið út af Woodward/White 1984 undir titlinum *Why Can't Men Open Up? – Overcoming Men's Fear Of Intimacy.*)
- Oftung, Knut (ritstj.) (1994): *Menns bilder og bilder av menn.* Oslo. Likestillingsrádet.
- Purvis, Kenneth (1994): *Karlafræðarinn. Karlmenn undir beltisstað.* Reykjavík. Mál og menning.
- Réttindi og staða kvenna á Íslandi.* Reykjavík. Utanríkisráðuneytið 1995.
- Rør, Elisabeth (1994): „Når far blir „mor“.“ Í Oftung (ritstj.)
- Sigrún Júlíusdóttir (1993): *Den kapabla familien i det isländska samhället.* Göteborg & Reykjavík. Göteborgs Universitet.
- Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.) (1995): *Barnafjölskyldur.* Reykjavík. Félagsmálaráðuneytið.
- Sigurður Svavarsson (1995): „Fæðingarorlof endurskoðað.“ *Morgunblaðið* 16. desember.
- Sigursteinn Másson (1997): „Ný kynslóðabylting.“ *Heimsmynd* 1. tbl. 1. årg.

- Skýrsla nefndar félagsmálaráðuneytis og erindi flutt á málþingi í maí 1992 um breytta stöðu karla og leiðir til að auka ábyrgð þeirra á fjölskyldulífi og börnum.* Reykjavík. Félagsmálaráðuneytið 1993.
- Sluttráttur frá projektet Attitydpåverkan av pappor – ett förändrat arbetsätt.* Värmlands läns allmänna försäkringskassa, 1995.
- Snæbjörn Kristjánsson (1958): *Saga Snæbjarnar í Hergilsey.* Akureyri. Kvöldvökuútgáfan.
- Staðtölur almannatrygginga 1995.* Reykjavík. Tryggingastofnun ríkisins 1996.
- Stattin, Hákan (1995): „Váld bland 15-áringar i en svensk stad.“ Í *Det obegripliga våldet.*
- Stefanía Traustadóttir (1992): „Um verkaskiptingu á heimilum.“ Óbirt handrit á Skrifstofu jafnréttismála.
- Stefán Ólafsson (1990): *Lífskjör og lífshættir.* Reykjavík. Félagsvísindastofun Íslands, Hagstofa Íslands.
- Svanborg Sigmarsdóttir (1996): „Af hverju hafa karlmenn ekki barist fyrir jafnrétti sínu?“ *Morgunblaðið* 25. apríl.
- Tigerstedt, Christoffer (1995): „On men and housework.“ Í *Towards New Masculinities. Towards New Masculinities – report from a nordic conference on men and gender equality.* Århus 1995. NORD 1995:26.
- Tölfræðihandbók um menntun og menningu.* Reykjavík, 1996. Menntamálaráðuneytið.
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson (1956,1957,1958): *Við sem byggðum þessa borg.* I-III. Reykjavík. Setberg.

Hvað vilja íslenskir karlar? Hver eru viðhorf þeirra og væntingar varðandi heimili, vinnu og börn? Hvaða heimilisstörfum sinna þeir? Fá þeir að velja föt á börnin? Kunna þeir á þvottavélina? Hver velur stytur á heimilið og ákveður þeim stað? Hver man eftir afmæli Nonna frænda? Er félagslegt öryggisnet karla lakara en kvenna? Hver eru viðhorfin til jafnréttis kynja? Hvað er karlmennska? Segja karlar trúnaðarvinum sínum „allt“? Svör hóps íslenskra karla við þessum spurningum og fleirum er að finna í þessari bók. Á grundvelli svaranna og innlendra og erlendra rannsókna ræðir höfundur stöðu karla innan og utan heimilis og hvað ætla megi að verði líkleg þróun á næstu árum.